

**AÐALSKIPULAG SVALBARÐSSTRANDARHREPPS  
2008-2020  
GREINARGERÐ**

Júlí 2008 – júní 2014 með staðfestum síðari breytingum

---

**SVALBARÐSSTRANDARHREPPUR**

**TEIKNISTOFA  
ARKITEKTA**  
GYLFI GUDJÓNSSON  
OG FÉLAGAR ehf.  
arkitektar faí

© Svalbarðsstrandarhreppur 2008/2014  
© Teiknistofa arkitekta, Gylfi Guðjónsson og félagar ehf. 2008/2014  
Ljósmyndir:  
© Árni Ólafsson

# Efnisyfirlit

<b>1</b>	<b>Inngangur</b> .....	<b>5</b>
1.1	Um aðalskipulag .....	5
1.2	Skipulagssvæði .....	6
1.3	Staða skipulagsmála .....	6
1.4	Skipulagsgögn .....	6
1.5	Ágrip .....	6
<b>2</b>	<b>Stefna sveitarstjórnar</b> .....	<b>9</b>
2.1	Leiðarljós .....	9
2.2	Meginmarkmið .....	9
<b>3</b>	<b>Helstu forsendur</b> .....	<b>12</b>
3.1	Staðhættir .....	12
3.2	Íbúafjöldi og íbúðarhúsnæði .....	14
3.3	Þjónustustofnanir .....	17
3.4	Atvinnulíf .....	18
<b>4</b>	<b>Landnotkun</b> .....	<b>19</b>
4.1	Almenn atriði .....	19
4.2	Þéttbýli .....	19
4.3	Landbúnaðarsvæði .....	20
4.4	Íbúðarsvæði .....	24
4.5	Svæði fyrir frístundabyggð .....	28
4.6	Verslunar og þjónustusvæði .....	29
4.7	Svæði fyrir þjónustustofnanir .....	30
4.8	Athafnasvæði .....	31
4.9	Iðnaðarsvæði .....	31
4.10	Hafnarsvæði .....	32
4.11	Opin svæði til sérstakra nota .....	32
4.12	Óbyggð svæði .....	33
4.13	Efnistökusvæði .....	34
4.14	Sorpförgun .....	34
4.15	Vötn, ár og sjór .....	35
4.16	Sjóvarnargarðar .....	35
<b>5</b>	<b>Takmörkun á landnotkun</b> .....	<b>36</b>
5.1	Náttúruverndarsvæði .....	36
5.2	Þjóðminjavernd .....	37
5.3	Verndarsvæði sjávar, vatna og neysluvatns .....	39
5.4	Svæði undir náttúruvá .....	40
<b>6</b>	<b>Samgöngur og veitur</b> .....	<b>42</b>
6.1	Samgöngur .....	42

6.2	Veitur .....	44
<b>7</b>	<b>Mat á umhverfisáhrifum .....</b>	<b>48</b>
7.1	Mat á umhverfisáhrifum skipulagsáætlunar.....	48
7.2	Umhverfisskýrsla .....	48
7.3	Áhrifamat/umhverfisskýrsla vegna breytinga .....	52
<b>8</b>	<b>Breytingar frá gildandi skipulagsáætlunum .....</b>	<b>55</b>
8.1	Breytingar frá Aðalskipulagi Svalbarðstrandarhrepps, 1994-2014. ....	55
<b>9</b>	<b>Kynning, umfjöllun og samþykkt.....</b>	<b>57</b>
9.1	Samantekt sbr. b.-lið 9. gr. laga um umhverfismat áætlana .....	58
9.2	Samþykkt.....	60
9.3	Breytingar á aðalskipulagi til 12. júní 2014.....	61
<b>10</b>	<b>Skipulagsuppdráttur .....</b>	<b>63</b>
<b>11</b>	<b>Heimildaskrá .....</b>	<b>65</b>
<b>12</b>	<b>Viðauki.....</b>	<b>66</b>
12.1	Verklagsreglur um deiliskipulag á vegum einkaaðila.....	66
12.2	Athugasemdir umsagnaraðila.....	68
12.3	Athugasemdir og afgreiðsla sveitarstjórnar .....	75

*Horft frá Mógili til norðurs yfir Svalbarðseyri*



# 1 INNGANGUR

## 1.1 UM AÐALSKIPULAG



Á Svalbarðseyri

Aðalskipulag er lögboðin skipulagsáætlun sem nær til eins sveitarfélags og er samþykkt af sveitarstjórn og staðfest af umhverfisráðherra. Hlutverk aðalskipulags samkvæmt skipulags- og byggingarlögum (nr. 73/1997 m.s.b.) er að samræma og móta langtímastefnu í hinum ýmsu málaflokkum sveitarfélagsins og sýna stefnu sveitarstjórnar um þróun byggðar, landnotkun, landnýtingu, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál. Aðalskipulagið er því fyrst og fremst stjórnþæki sem notað er til þess að ná tilteknum markmiðum um þróun sveitarfélagsins.

Aðalskipulagi er ætlað að tryggja að framkvæmdir í sveitarfélaginu verði samkvæmt fyrirframgerðri áætlun sem allir hagsmunaaðilar hafa samþykkt fyrir sitt leyti. Aðalskipulagið er einnig upplýsinga-brunnur fyrir íbúa sveitarfélagsins, embættismenn, pólitískt kjörna fulltrúa, hönnuði og framkvæmda-aðila.

Auk aðalskipulags er í skipulags- og byggingarlögum gert ráð fyrir svæðisskipulagi og deiliskipulagi. Svæðisskipulag nær yfir tvö eða fleiri sveitarfélög og hlutverk þess er að samræma stefnu viðkomandi sveitarfélaga í skipulags- og umhverfismálum. Aðalskipulag er síðan grunnurinn að gerð deiliskipulags fyrir einstök hverfi og byggingarsvæði. Í deiliskipulagi er gerð nákvæm grein fyrir notkun lands, nýtingarhlutfalli reita, húsagerð, tilhögun umferðarkerfis, lóða og byggingarreita.

Í skipulagsgreinargerð er getið um helstu forsendur skipulagsins, sett fram markmið um byggð, umhverfi, atvinnulíf, samgöngur og þjónustukerfi, skilgreindir landnotkunarreitir og sett ákvæði um þá. Aðalskipulagið afmarkar svigrúm til athafna og framkvæmda en setja einnig mörk um nýtingu, t.d. með verndarákvæðum þar sem það á við. Í ákvæðunum felast leikreglur um það hvernig hagsmunaaðilar geta nýtt sér það svigrúm sem skilgreint er.

Ef forsendur, sjónarmið eða aðstæður breytast þannig að fara þurfi út fyrir þau mörk sem skilgreind eru í aðalskipulagi, annað hvort landfræðileg mörk reita eða ákvæði um starfsemi, fjölda eða umfang þess sem fengist er við, þarf að breyta aðalskipulaginu með formlegum hætti. Í stað þess að líta á aðalskipulagið sem hindrun eða spennitreyju má þannig líta á það sem samkomulag um nýtingu og vernd lands og auðlinda, svo og svigrúm til athafna og framkvæmda í samræmi við sett markmið um umhverfi og eiginleika byggðarinnar. Ákvarðanir um frávik og breytingar þarf síðan að taka eftir lýðræðislegum leikreglum með auglýsingu samkvæmt skipulags- og byggingarlögum.

## 1.2 SKIPULAGSSVÆÐI

Svalbarðsstrandarhreppur er í við austurströnd Eyjafjarðar gegnt Akureyri og mynni Hörgárdals handan fjarðarins. Hreppurinn er í Suður- Þingeyjarsýslu. Flatarmál hans er um 54 km<sup>2</sup> og um 14 km eru milli norður og suðurmarka. Nýtt aðalskipulag Svalbarðsstrandarhrepps tekur til alls lands sveitarfélagsins.

Aðliggjandi sveitarfélög eru Grýtubakkahreppur í norðri, Þingeyjarsveit í austri og Eyjafjarðarsveit í suðri. Mörk sveitarfélagsins liggja í grófum dráttum á milli Miðvíkur í Grýtubakkahreppi og Garðsvíkur í norðri, til fjalls og yfir í Hrossadal um hábungu Vaðlaheiðar í austri og í suðri milli jarðanna Veigastaða og Austurhlíðar/ Ytri Varðgjár.

## 1.3 STAÐA SKIPULAGSMÁLA

Fyrir liggur samþykkt aðalskipulag Svalbarðsstrandarhrepps 1994-2014. Svæðisskipulag Eyjafjarðar 1998-2018 var fellt úr gildi 12. ágúst 2007. Gildandi aðalskipulagsuppráttur sýnir einungis land neðan 300 m hæðarlínu.

Tilfni skipulagsgerðarinnar er nauðsynleg endurskoðun á stefnumótun og áætlanagerð sveitarfélagsins sérstaklega vegna áhuga á nýtingu lands í suðurhluta hreppsins undir umfangsmeiri byggð en gert er ráð fyrir í gildandi skipulagsáætlunum. Enn fremur þarf samkvæmt ákvæðum byggingar- og skipulagslaga frá 1997 að gera grein fyrir öllu landi innan sveitarfélagsmarka í aðalskipulagi.

## 1.4 SKIPULAGSGÖGN


Tillaga að aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps er sett fram í greinargerð þessari og á skipulagsupprætti, dags. 9. maí 2008, með heildarupprætti alls sveitarfélagsins og þéttbýlisupprætti Svalbarðseyrar.

Aðalskipulag Svalbarðsstrandarhrepps 2008 – 2020 kemur í stað aðalskipulagsins frá 1994, sem fellur úr gildi við staðfestingu hins nýja skipulags.

## 1.5 ÁGRIP

### 1.5.1 UNDIRBÚNINGUR

Fyrsta aðalskipulag Svalbarðsstrandarhrepps var staðfest 1996. Fram að því hafði verið stuðst við óstaðfesta skipulagsupprætti af Svalbarðseyri. Aðalskipulagið, sem miðaðist við tímabilið 1994-2014, var unnið af Benedikt Björnssyni arkitekt. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á skipulaginu frá staðfestingu þess, bæði formlegar vegna nýrra byggingarsvæða fyrir sumarhús og íbúðarbyggð en auk



Þess hafa framkvæmdir verið heimilaðar á nokkrum stöðum samkvæmt 3. tölulið bráðabirgðaákvæða byggingar- og skipulagslaga vegna einstakra bygginga þar sem ekki er í gildi deiliskipulag.

Vinna við endurskoðun aðalskipulagsins hófst fyrir alvöru haustið 2004. Teiknistofa arkitekta, Gylfi Guðjónsson og félagar ehf., var ráðin til verksins og hefur Árni Ólafsson arkitekt og Hrund Skarphéðinsdóttir verkfræðingur unnið að endurskoðuninni í samvinnu við sveitarstjórn. Árni K. Bjarnason sveitarstjóri hafði yfirumsjón með verkinu.

### 1.5.2 STEFNA

Í upphafi verks var unnið að mörkun stefnu fyrir skipulagsvinnuna. Markmið gamla aðalskipulagsins voru yfirfarin og endurmetin. Haldnir voru nokkrir undirbúningsfundir með fulltrúum almennings og atvinnulífs svo og sveitarstjórnarmönnum þar sem lögð voru drög að stefnu og markmiðum. Auk þess var litið til nýrrar Staðardagskrár 21, sem unnið var að á sama tíma. Haustið 2005 lágu fyrir drög að stefnu nýs aðalskipulags þar sem fjallað var um byggð, umhverfi, menningar- félags- og fræðslumál, samgöngur og tæknimál. Markmiðin eru þrepaskipt með leiðarljós sem eins konar yfirskrift yfir meginmarkmiðum málaflokka og undirmarkmiðum. Stefna sveitarstjórnar er birt í 2. kafla.

### 1.5.3 MEGINATRIÐI SKIPULAGSTILLÖGU

Hér verða talin upp nokkur meginatriði tillögunnar. Útfærsla einstakra þátta og ákvæði eru ekki tíunduð og vísast til viðkomandi kafla þar um. Helstu forsendur eru teknar saman í 3. kafla.

Nýtt aðalskipulag sýnir allt land innan sveitarfélagsmarka í samræmi við ákvæði skipulags- og byggingarlaga. Framsetningu og litanotkun er breytt til samræmis við ákvæði gildandi skipulagsreglugerðar. Breytt er afmörkun landbúnaðarsvæða og efri mörk þeirra að jafnaði miðuð við 300 m hæð yfir sjó. Vatnsból og vatnsverndarsvæði eru sýnd. Tekin eru út tákni fyrir lögbylí og einsök hús, sumarhús og íbúðarhús. Landnotkunarreitir eru merktir með einkennisstaf og númeri og er gerð grein fyrir öllum reitum í töflum eða texta um viðkomandi landnotkunarflokk í fjórða kafla.

Áhugi á uppbyggingu í suðurhluta sveitarfélagsins og ásókn í byggingarlóðir þar eru eitt helsta tilefni endurskoðunar aðalskipulagsins. Staðhættir eru ólíkir í suður- og norðurhluta sveitarfélagsins, gott landbúnaðarland norðan til en syðst einkennist landið af klettahjöllum í brattri hlíð Vaðlaheiðar. Tekin var sú stefna að setja almenn ákvæði um mögulega landnotkun á stórum og samfelldum svæðum út frá eiginleikum og einkennum þeirra þannig að unnt yrði að bregðast við áformum um framkvæmdir og nýtingu landsins eftir fyrirfram settum og rökstuddum leikreglum.

Lögð er áhersla á að ekki verði skertir möguleikar á því að nýta gott landbúnaðarland til landbúnaðar og matvælaframleiðslu. Ekki er gert ráð fyrir samfelldum byggingarsvæðum á slíku landi og einnig eru settar viðmiðunarreglur um skógrækt í því tilliti.

Sett eru fram ólík ákvæði um nýtingarmöguleika landbúnaðarlands í suðurhluta hreppsins annars vegar og í norðurhluta hans hins vegar. Með formlegum breytingum á aðalskipulagi verður mögulegt að heimila íbúðarbyggð á landbúnaðarlandi í suðurhlutanum þar sem landbúnaðarland er rýrara en norðar. Sett er fram stefna um yfirbragð og þéttleika slíkrar byggðar þar sem miðað er við að ná sérstökum eiginleikum íbúðarbyggðar í sveit. Ný íbúðarbyggð fái því ekki yfirbragð þéttbýlis með hefðbundinni

bæjarmynd. Unnið skal heildaskipulag eða rammaskipulag svæðisins sem verði forsögn deiliskipulags einstakra svæða. Enn fremur er skilgreint svigrúm til byggingar stakra íbúðarhúsa á lögbylum í hreppnum án breytingar á aðalskipulagi. Stakar íbúðarhúsalóðir eru ekki sýndar á skipulagsupprætti.

Ofan svæða þar sem heimilt verður að skipuleggja íbúðarbyggð syðst í hreppnum og ofan ræktarlanda norður eftir, eru skilgreindir samsvarandi möguleikar á skipulagningu og byggingu frístundahúsa. Sett eru viðmiðunarákvæði fyrir deiliskipulag slíkra svæða. Jafnframt eru skilgreindir möguleikar á byggingu stakra sumarhúsa við lögbyli án breytingar á aðalskipulagi. Á aðalskipulagsupprætti eru einungis sýnd svæði með fjórum frístundahúsum og fleiri.

Ákvarðað er svigrúm fyrir atvinnustarfsemi, aðra en landbúnað, á landbúnaðarsvæðum, s.s. umfang verslunar og þjónustu (fyrst og fremst ferðaþjónustu) og aðra atvinnustarfsemi. Er miðað við að allt að 1.000 m<sup>2</sup> sérhæfðra bygginga fyrir slíka starfsemi geti verið á viðkomandi lögbyli án þess að gera þurfi grein fyrir því í aðalskipulagi. Markmiðið er að auðvelda bændum að skjóta stoðum undir búrekstur sinn og nýta þann húsakost sem fyrir er og stuðla með því að áframhaldandi nýtingu jarðanna.

Niðurstöður úr nýlegri fornleifaskráningu byggðarinnar eru birtar í aðalskipulaginu og minjastaðir sem þar eru tilgreindir merktir inn á skipulagsupprátt. Sett eru fram tilmæli um húsavernd.

Gert er ráð fyrir veggöngum undir Vaðlaheiði og þau sýnd ásamt breyttri legu þjóðveggar. Gert er ráð fyrir göngu- og hjólastíg meðfram þjóðvegi eftir sveitarfélaginu endilöngu. Enn fremur er gerð grein fyrir helstu gönguleiðum (útivistarleiðum) um Vaðlaheiði og við Svalbarðseyri.

Á Svalbarðseyri eru gerðar talsverðar breytingar þar sem iðnaðarstarfsemi hefur orðið æ fyrirferðarmeiri á Eyrinni. Að öðru leyti eru engar grundvallarbreytingar gerðar á byggðinni en skipulagslínur endurskoðaðar. Nokkrar breytingar, leiðréttingar og lagfæringar eru gerðar á afmörkun landnotkunarreitna og er sumt gert til einföldunar. Dregnar eru nýjar útlínur íbúðarbyggðar í norðurhluta þorpsins og sýnd aðalgata (safngata) um hana. Gert er ráð fyrir að tjarnirnar á Eyrinni og ströndin norðan athafna- og iðnaðarsvæða njóti hverfisverndar með vissum ákvæðum. Gert er ráð fyrir stækkun kirkjugarðs.

Skipulagsuppráttur er í mælikvarða 1:20.000 (sveitarfélagsuppráttur) og 1:10.000 (þéttbýlisuppráttur) á blaðstærð A1. Aftast í greinargerð er smækkaður skipulagsuppráttur á blaðstærð A4 einungis til glöggvunar á megindráttum þar sem mælikvarði hans gefur ekki kost á lestri smáatriða og merkinga.



## 2 STEFNA SVEITARSTJÓRNAR

### 2.1 LEIÐARLJÓS

Í Svalbarðstrandarhreppi verður lögð áhersla á fjölbreytta búsetukosti í góðum tengslum við umhverfi og náttúru svo og öflugt atvinnulíf sem meðal annars byggist á hefðbundnum landbúnaði.

### 2.2 MEGINMARKMIÐ

#### 2.2.1 UMHVERFI


Umhverfismálum verði sinnt markvisst, áhersla lögð á snyrtilega umgengni, bestu lausnir í sorpmálum á hverjum tíma og að atvinnustarfsemi taki mið af umhverfisvænum sjónarmiðum.

- Lögð skal áhersla á gott aðgengi að náttúru svæðisins og góða aðstöðu til útivistar og afþreyingar.
- Smábátahöfnin nýtist til útivistar og afþreyingar.
- Stuðlað skal að því að íbúar verði ávallt vel upplýstir og meðvitaðir um mikilvægi þátttöku sinnar í umhverfisvernd.

#### 2.2.2 BYGGÐ

Boðið verði upp á fjölbreytt og vandað búsetuumhverfi, bæði í þéttbýli á Svalbarðseyri og í dreifðri íbúðarbyggð í suðurhluta sveitarfélagsins. Svalbarðseyri verður eini þéttbýlisstaðurinn í sveitarfélaginu.

- Lögð skal megináhersla á íbúðarbyggð á Svalbarðseyri með góðum byggingarlóðum í fallegu bæjarumhverfi. Stefnt er á þéttingu núverandi byggðar og ný byggingarsvæði í norðurhluta þorpsins.
- Íbúðarbyggð utan þéttbýlis skal skipulögð með það í huga að íbúar njóti tengsla við umhverfi og náttúru. Þéttleiki verði að hámarki um 3 íbúðir á hektara.
- Svalbarðstrandarhreppur á að einkennast af snyrtimennsku, góðri umgengni og vönduðum byggingum sem falla vel að umhverfi og náttúru.
- Byggingar á lögbýlum, utan búreksturs, verði heimilar í takmörkuðum mæli eftir ákveðnum reglum.



- Gert verði ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu frístundabyggðar. Stefnt er að því að takmarka sumarhúsabyggð að mestu við afmörkuð svæði, sérstaklega ofan 140 m hæðar í suður- og miðhluta hreppsins. Ný frístundabyggð skal aðgreind frá annarri byggð með skýrum hætti.
- Þar sem aðstæður leyfa kemur til álita að heimila stakstæð sumarhús á bújörðum og á það sérstaklega við um hús sem notuð eru sem hluti af ferðaþjónustu.

### 2.2.3 ATVINNUMÁL

**Lögð skal áhersla á öflugt og fjölbreytt atvinnulíf, sem m.a. byggist á mannauði, landbúnaði, matvælaframleiðslu og ferðaþjónustu og tekur mið af umhverfissjónarmiðum s.s. í fráveitumálum og nýtingu orku og hráefna.**

- Athafna- og iðnaðarsvæði á Svalbarðseyri takmarkast við Eyrina. Þar verði áfram gert ráð fyrir matvælaíðnaði auk almennrar atvinnustarfsemi, sem ekki hefur neikvæð áhrif á umhverfi sitt.
- Lögð skal áhersla á að gott landbúnaðarland í mið- og norðurhluta hreppsins verði áfram nýtt til landbúnaðar.
- Stefnt skal að aukinni skógrækt til skjóls, útivistar, viðarframleiðslu, landbóta og annarra nytja.
- Þess skal gætt að skógrækt spilli ekki svæðum sem eru mikilvæg vegna náttúrufars, auðlinda og útivistar, t.d. útsýnisstöðum. Einnig skal þess gætt að minjastöðum og fornleifum verði ekki raskað með trjá- og skógrækt. Einnig skal hugað að því að trjá- og skógrækt valdi ekki snjósöfnun á vegum.

### 2.2.4 FÉLAGS- OG FRÆÐSLUMÁL

**Unnið verði að því að sveitarfélagið verði áfram fjölskylduvænt og börn og unglingar eigi félagslegt athvarf innan sveitarfélagsins.**

- Efla skal þátt fræðslu-, félags- og menningarmála í sveitarfélaginu svo og aðstöðu til íþróttaiðkunar og almenns félagsstarfs.
- Þjónusta við aldraða verður áfram unnin í samstarfi við önnur sveitarfélög á Eyjafjarðarsvæðinu.
- Stefnt verði að því að reisa þjónustuíbúðir aldraðra á Svalbarðseyri.

### 2.2.5 SAMGÖNGUR OG TÆKNIMÁL

**Stuðlað verði að góðum og greiðum samgöngum innan sveitarfélagsins og að öryggi allra vegfarenda verði tryggt eins vel og kostur er.**

- Stuðlað skal að því að gangandi og hjólandi vegfarendur komist óhindrað ferða sinna um sveitarfélagið. Samgöngur skulu vera með þeim hætti að hægt verði að njóta útivistar í sveitarfélaginu.
- Stefnt skal að gerð hjólreiðastíga og merkingu gönguleiða.
- Kanna skal möguleika á almenningssamgöngum milli Akureyrar og Svalbarðseyrar sem nýst gætu við vinnu- og skólasókn og bætt aðgengi að verslun, þjónustu og afþreyingu.
- Unnin skal úttekt á hættusvæðum, þannig að komið verði í veg fyrir tjón af völdum sjávarflóða, ofanflóða og skriðufalla.
- Stefnt er að því að á Svalbarðseyri verði bátahöfnin stækkuð og bætt.
- Stefnt er að því að lausaganga búfjár verði bönnuð neðan fjallgirðingar.

#### 2.2.6 VEITUR

- Fyrirtækjum og íbúum í sveitarfélaginu skal tryggt nægt neysluvatn. Stefnt skal að því að verndarsvæði vatnsbóla verði friðuð og afmörkuð. Nákvæmari rannsóknir verði gerðar á gæðum neysluvatnsins og á vatnsbúskap í sveitarfélaginu, m.a. með aukna vatnsöflun í huga.
- Nægjanlegt vatn til slökkvistarfa skal vera fyrir hendi innan hæfilegra fjarlægðarmarkna frá allri byggð.
- Umfang úrgangs verði minnkað og flokkun og endurnýting úrgangs aukin. Stefnt er að því að íbúar og fyrirtæki greiði gjald eftir því magni úrgangs sem losað er.
- Áfram verði unnið að lausn fráveitumála á Svalbarðseyri.
- Unnin verði áætlun um framtíðarfyrirkomulag fráveitumála í suðurhluta sveitarfélagsins með það að markmiði að fráveita frá byggð hafi ekki neikvæð áhrif á gæði sjávar við innanverðan Eyjafjörð og í Pollinum.

## 3 HELSTU FORSENDUR

### 3.1 STAÐHÆTTIR

Ítarleg greining á staðhættum í sveitarfélaginu, náttúrufari, veðurlagi og fleiri þáttum, er í greinargerð aðalskipulagsins frá 1994 (staðfest 1996). Hér verða einungis talin upp meginatriði og atriði sem máli kunna að skipta fyrir skipulagsáætlunina.

#### 3.1.1 LANDSLAG

Svalbarðsstrandarhreppur er í vesturhlíð Vaðlaheiðar, sem rís með breiðum hjöllum upp frá ströndinni. Hlíðin er brött nyrst í hreppnum og er þar sums staðar skriðuhætta. Svalbarðsströnd er grösug og hentar vel til landbúnaðar þótt undirlendi sé lítið. Gott landbúnaðarland er í mið- og norðurhluta hreppsins en hjallarnir setja sterkan svip á suðurhlutann og eru tún þar minni og jarðir erfiðari til búskapar.

Heiðin er að öðru leyti nokkuð einsleit og án sérstakra kennileita eða einkenna. Um hana liggja þjóðleiðir yfir í Fnjóskadal, bæði gamli Vaðlaheiðarvegurinn sem er bílfær að sumri og eldri leið nokkuð sunnar sem, ásamt tveim leiðum skammt sunnan sveitarfélagsmarka, sem nýtast ferðafólki og gefa heiðinni vægi sem útivistarsvæði.

#### 3.1.2 JARÐFRÆÐI

Skipulagssvæðið er á svokölluðu vestara blágrýtissvæði, en það nær frá Bárðardal og til suðvesturs um landið að Reykjaneskaga. Þetta svæði er hlaðið upp af hraunlögum sem runnið hafa á tertíertíma, fyrir 3 til 15 milljónum ára.

Stefnu hraunlaganna er hægt að sjá á berggöngum, sem eru algengir í basaltstaflanum og þverskera hraunlögin. Á Eyjafjarðarsvæðinu stefna gangarnir yfirleitt í N-S eða NNA-SSV.

Elstu berglögin á Eyjafjarðarsvæðinu eru utan til við fjörðinn en þegar innar dregur bætast stöðugt yngri berglög ofan á. Þegar eldvirkni á Mið-Norðurlandi lauk fyrir um 3 milljónum ára var svæðið í stórum dráttum bunguvaxin háslétta, 1000-1500 m há, og hæst nálægt miðju þar sem nú er fjallið Kerling í Eyjafjarðarsveit. Á sléttunni hafa þó verið lögðir og daladrög, jafnvel firðir og dalir næst ströndinni. Flatar fjallabrúnir á innanverðu svæðinu eru enn til vitnis um þessa hásléttu.

Jarðvegur í Svalbarðsstrandarhreppi er að miklu leyti frjósamur hlíða- og mýrajarðvegur og er hann yfirleitt nokkuð vel fallinn til ræktunar. Uppblásturshætta er lítil, nema þá helst efst í Vaðlaheiðarhlíðum. Efnisinnihald jarðvegs er mismunandi á Eyjafjarðarsvæðinu eftir flokkum og milli útsveitar og innsveitar.<sup>1</sup>



*Horft norður Svalbarðsströnd*

<sup>1</sup> Aðalskipulag Svalbarðsstrandarhrepps 1994-2014, kafli 2.1.2.

### 3.1.3 VEÐURFAR

Í Eyjafirði er skýr munur á árstíðum. Vetur geta orðið snjóþungir og sumardagar verða hlýir á íslenskan mælikvarða í sunnanþey. Hafgölu gæti þó víðast í Eyjafirði á sólríkum sumardögum og eru norðvestanáttir því tíðar að sumarlagi. Nokkrar sveiflur eru í veðurfari og hafa undanfarnir vetur verið snjóléttir eftir snjóþunga vetur á fyrri hluta 10. áratugar síðustu aldar.

Næsta veðurathugunarstöð er á Akureyri og má nýta gögn þaðan við mat á veðurfari í hreppnum. Í greinargerð aðalskipulagsins frá 1994 er ítarleg umfjöllun um veðurlag á svæðinu. Veðurfarsþættir gefa ekki tilefni til sérstakra ákvæða í aðalskipulagi hreppsins.

### 3.1.4 GRÓÐURFAR OG DÝRALÍF

Gróðurfar í Svalbarðsstrandarhreppi er fjölbreytilegt. Má þar nefna lynglendi, graslendi, blómendi, mýrargróður og fjallagróður. Talið er að um 350 tegundir blómplantna og byrkinga vaxi villtar á Eyjafjarðarsvæðinu og af mosum eru þekktar um 270 tegundir og álfika margar af sveppum. Allmargar grastegundir finnast á svæðinu, bæði villtar og ræktaðar.<sup>2</sup>

Helstu landspendýr (villt) eru hagamýs, refur og minkur. „Fuglalíf er í meðallagi fjölbreytt. Meðfram ströndinni er æðarfugl og nokkrar andategundir töluvert áberandi. Ýmsar mávategundir eru þekktar á svæðinu og hefur þeim farið fjölgandi. Mó- og mýrarfuglar verpa víða á svæðinu, einnig skógarprestir og auðnutittlingar. Hrafnar eru algengir en fátt er af smyrli og fálkum. Langt er síðan örn hefur verpt á Eyjafjarðarsvæðinu. Eitthvað er um branduglu. Talsvert er af matfugli, þ.e. rjúpu og gæs sem veiddar eru á vissum árstímum.

Skordýralíf er talið fremur fjölbreytilegt á þessu svæði og skráðar eru 370 tegundir skordýra í Eyjafirði. Af köngulóm eru skráðar 36 tegundir og 17 tegundir af land- og vatnasniglum. Um önnur smádýr er lítið vitað.

Í Svalbarðsstrandarhreppi er engin silungsveiðiá en talsvert veiðist af bleikju meðfram strandlengjunni. Víða í lækjum er að finna smásilung og hornsíli, en þau finnast einnig í tjörnum.

Sædýralíf í Eyjafirði og hafinu fyrir utan er mjög fjölbreytt og víða mikið að magni. Þessu hefur þó hrakað nokkuð, sérstaklega á þetta við um spendýra- og fiskigengd. ... Stórhveli sjást mjög sjaldan inn á Eyjafirði, nema einstaka hrefna.

Um 40 fiskitegundir eru skráðar í firðinum. ... Uppistaðan í aflanum nú er hrognkelsi og bleikja, auk þess sem dálítill þorskur, ýsa og steinbítur veiðast á færi eða í lagnet sem trillubátar leggja.

Botndýralíf er talið eitt auðgasta í Eyjafirði af öllum íslenskum fjörðum. Skráðar eru 450 tegundir sjávarhryggleysingja, svo sem svampa, lindýra, holdýra, krabbadýra og orma. Botndýralífið er undirstaða fæðuöflunar fisks og hefur einnig mikla þýðingu fyrir fuglalífið.”<sup>3</sup>

<sup>2</sup> Aðalskipulag Svalbarðsstrandarhrepps 1994-2014, kafla 2.1.3.

<sup>3</sup> Aðalskipulag Svalbarðsstrandarhrepps 1994-2014, kafla 2.1.3.

Gróðurfar og dýralíf gefur ekki tilefni til sérstakra ákvæða í aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps umfram ákvæði viðeigandi laga og reglugerða, s.s. laga um náttúruvernd og reglugerða um varnir gegn mengun.

### 3.1.5 ÁR, VÖTN OG STRENDUR

Engin stór vatnsföll eru í sveitarfélaginu. Veigastaðavatn er uppi á Vaðlaheiði og tjarnir eru innan við sjávarkambinn á Svalbarðseyri. Innsti hluti hreppsins er við Pollinn innan Oddereyrar á Akureyri. Meginsjavarstraumar eru inn fjörðinn að vestanverðu og út með austurströndinni.


### 3.1.6 BYGGÐ



Í norðurhluta hreppsins og suður fyrir Svalbarðseyri er ágætt landbúnaðarland á um 1-1,5 km breiðu flatlendi sem nær frá rótum Vaðlaheiðar og fram á lágan sjávarbakka. Upp af rís heiðin aflíðandi en brattari upp af Sveinbjarnargerði og Garðsvík nyrst í hreppnum. Bæirnir standa flestir nálægt þjóðveginum sem næst í miðju ræktarlandinu en nokkrir nær sjónum. Eftir því sem sunnar dregur verður landið brattara, klapparásar setja æ meiri svip á landslagið og ræktarlandið verður að sama skapi minna. Segja má að hlíðar Vaðlaheiðar nái niður að sjó þegar komið er suður fyrir Höfn og Halllandsnes. Upp af ströndinni syðst er Vaðlareitur, stór og vöxtulegur skógarreitir og vinsælt útivistarsvæði. Byggðin í suðurhluta hreppsins er ólík nyrðri byggðinni í meginatriðum. Þar eru mörg frístundahús og undanfarin ár hefur íbúðarbyggð vaxið hratt, aðallega í landi Veigastaða og Sólbergs. Stök hús og einstaka húsaþyrpingar einkenna byggðina í þessum hluta sveitarinnar. Brattir kletthjallar eru í heiðinni ofan byggðarinnar syðst.

Þorpið á Svalbarðseyri byggðist upphaflega á Eyrinni neðan Svalbarðs. Nokkur gömul íbúðarhús og vitinn marka einkenni staðarins. Við höfnina eru iðnaðarbyggingar þar sem rekinn er matvælaíðnaður. Byggðin á Eyrinni má muna sinn fífil fegri en hefur samt ákveðin jákvæð einkenni og vott að bæjarbrag. Nýrri hluti byggðarinnar er í brekkunni upp af eyrinni. Þar eru tvær botnlangagötur með sérbýlishúsum og norðan þeirra grunnskóli og leikskóli. Bæjarhúsin á býlinu Svalbarði setja sterkan svip á staðinn þar sem þau gnæfa yfir byggðina á Eyrinni. Myndarleg kirkja stendur stök upp af þeim sunnan nýrri hluta þorpsins og tekur þátt í bæjarmynd þess í fjarlægð án þess að tengjast byggðinni.

## 3.2 ÍBÚAFJÖLDI OG ÍBÚÐARHÚSNÆÐI

Talsverður munur er á íbúáþróun á Norðurlandi eystra og á landsvísu. Síðast liðna áratugi hefur fólksfjölgun í landinu öllu verið um það bil 1,32%. Á Norðurlandi eystra hefur íbúum fjölgað hægar eða um 0,15% að meðaltali frá árinu 1994. Þessi fólksfjölgun hefur verið mjög sveiflukennd og á árunum 1994-1999 fækkaði fólk mjög mikið eða um 2,1% á fimm árum. Síðan þá hefur íbúum á Norðurlandi eystra fjölgað í kringum 0,3% á ári og voru orðnir 28.797 talsins árið 2007.





Í Svalbarðsstrandarhreppi bjuggu í árslok 2007 385 íbúar, þar af 190 á Svalbarðseyri. Síðastliðinn áratug hefur að jafnaði rúmur helmingur íbúa sveitarfélagsins búið í þorpinu (53%). Á síðustu 15 árum hefur íbúum í sveitarfélaginu öllu fjölgað um að meðaltali 1,1% á ári, þó með einhverjum sveiflum milli ára.

Með aukinni hagræðingu og tæknivæðingu í landbúnaði og landbúnaðarframleiðslu framleiða nú fá og stór bú jafn mikið ef ekki meira en gert var áður á fleiri og smærri búum. Þessar grundvallarbreytingar hafa bæði í för með sér fólksflutninga úr sveit í bæ en einnig aukna búsetu til sveita án beinna tengsla við hefðbundinn landbúnað. Því eru allar jarðir setnar þótt búskap hafi verið brugðið og stór bú nýta gjarnan tún næstu bæja.

Undanfarin ár hefur aukist ásókn í búsetu syðst í hreppnum, bæði meðfram ströndinni neðan Þjóðveggar og uppi í hlíðinni ofan Vaðlareits. Bæði er þar um að ræða sumarhús eða frístundahús og íbúðarhús til fastrar búsetu án tengsla við búrekstur.

### 3.2.1 SPÁ UM ÍBÚAFJÖLDA

Mjög erfitt er að spá fyrir um íbúafjöldann í sveitarfélaginu næstu áratugin. Í fámennu sveitarfélagi sem þessu þarf lítið til að íbúum fjölgi hratt hlutfallslega eða fækki að sama skapi. Aðflutningur erlends verkafólks hefur haft áhrif á mannfjöldaspár Hagstofunnar sem nú gerir ráð fyrir meiri mannfjölgun næstu áratuginna en gert var fyrir örfáum árum. Sveiflur í atvinnu- og efnahagslífi hafa á þann hátt áhrif á mannfjöldaspárnar og gera þær ótryggari en ef horft yrði fram hjá búferlaflutningum milli landa.

Í spá um íbúafjölda í sveitarfélaginu næstu áratugi eru tvö dæmi skoðuð:

A: Mannfjöldaspá Hagstofu Íslands fyrir landið allt.

B: Árleg fjölgun verði um 1,1% sem er sama þróun og árin á undan í sveitarfélaginu.

Hagstofan vinnur mannfjöldaspá fyrir landið í heild og er þar gert ráð fyrir að árleg fjölgun landsmanna verði um 1% næstu árin en síðan muni hægja á henni þannig að í árslok 2029 verði hún um 0,79%.

Ef íbúapróunin fylgdi dæmi A yrðu íbúar í sveitarfélaginu 438 árið 2020 og um 473 árið 2029. Samkvæmt dæmi B yrðu íbúar um 443 árið 2020 og 489 árið 2029. Miðað við það má í grófum dráttum áætla að íbúar í sveitarfélaginu verði u.þ.b. 440 í lok skipulagstímabilsins, þ.e. árið 2020. Þar af má gera ráð fyrir að um 52% af þeim búi á Svalbarðseyri, eða um 230 (um 280 árið 2029). Sjá einnig kafla 3.2.3 um hugsanlega búsetuþróun.

### 3.2.2 ALDURSDREIFING

Hagstofa Íslands hefur einnig framreiknað og áætlað aldursdreifingu landsmanna fram til ársins 2040. Hagstofan vinnur einungis áætlanir fyrir landið í heild en ekki einstök sveitarfélög. Aldursdreifing íbúa Svalbarðsstrandarhrepps fyrir árið 2007 er þekkt og með því að byggja á þeim tölum og spá Hagstofunnar fyrir landið í heild má áætla aldursdreifingu íbúa fyrir skipulagstímabilið (árið 2020) og eftir það til ársins 2029.

Þegar aldursdreifing landsins fyrir árið 2007, fengin frá Hagstofu Íslands, er borin saman við aldursdreifingu í Svalbarðsstrandarhreppi, þá eru yngri kynslóðirnar í hreppnum eilítið fjölmennari en á landsvísi. Hlutfall fólks á atvinnualdri er svipað en hlutfall fólks á eftirlaunaaldri er lægra í sveitarfélaginu en á landsvísi. Bent er á að utanaðkomandi aðgerðir geta haft mikil áhrif á brott- og aðflutning íbúa. Óvissan í þessum tölum er því talsverð.

Á næstu tveim áratugum mun hlutfall barna og ungmenna af heildarmannfjölda lækka, hlutfall fólks á starfsaldri breytast lítið en hlutfall þeirra sem eru á eftirlaunaaldri hækka umtalsvert. Þessar breytingar má rekja til þess að lífslíkur fólks hafa aukist og fæðingartíðni dregist saman.

Þessar breytingar koma glögg í ljós í framreikningum mannfjölda í Svalbarðsstrandarhreppi þótt að- og brottflutningsmynstur geti hugsanlega haft einhver áhrif á tölurnar. Sveitarfélagið þarf eins og öll önnur sveitarfélög á landinu að hafa viðbúnað gagnvart þeim þar sem þjónusta við aldraða verður að öllum líkindum mun umfangsmeiri og herra hlutfall af rekstrarkostnaði sveitarfélagsins eftir örfáa áratugi en nú er.

### 3.2.3 ÍBÚÐARHÚSNÆÐI

Í samhengi við breytta aldurssetningu og breytingar á lífsháttum hefur meðalfjölskyldan minnkað jafnt og þétt. Barnlausum fjölskyldum fjölgar svo og einstæðum foreldrum og fleiri einstaklingar halda heimili. Einnig eru barnafjölskyldur fámennari en áður var.

Á landinu öllu voru árið 2003 2,7 íbúar að meðaltali á hverja íbúð. Hjá Fasteignamatí ríkisins voru 137 íbúðir skráðar í Svalbarðsstrandarhreppi árið 2007 og voru því um 2,8 íbúar á íbúð í sveitarfélaginu. Áætlað er að aðeins sé búið í um 120 íbúðum sem samsvarar um 3,2 íbúa/íbúð.

Spá um það hvernig þessi tala breytist næstu áratugi hefur ekki verið gerð fyrir landið í heild. Á höfuðborgarsvæðinu er því spáð að hún fari úr 2,6 íbúum á íbúð í 2,4 íbúa á íbúð á 24 árum. Ef reiknað er með svipaðri þróun í Svalbarðsstrandarhreppi verða um 3,1 íbúar á íbúð að meðaltali árið 2020 og 3,0 árið 2029.

Út frá spám um íbúafjölda í sveitarfélaginu má gera ráð fyrir að íbúum muni fjölga um 53-58 á skipulagstímabilinu og frá lokum þess fram til 2029 um 35-45 íbúa til viðbótar. Þessi fjölgun kallar á 21-23 nýja íbúð á skipulagstímabilinu, þar af um 12-13 á Svalbarðseyri.

Talsverð ásókn er í íbúðarlóðir í suðurhluta sveitarfélagsins. Einnig verður í kjölfar nýs aðalskipulags gert deiliskipulag nýs íbúðarsvæðis í norðurhluta Svalbarðseyrar sem hefur sérstaka eiginleika, snýr vel við sól og útsýni og verður í nágrenni skóla og leikskóla. Nálægð svæðisins við Akureyri með

Tilgáta um aldursdreifingu í Svalbarðsstrandarhreppi 2020 og 2029 byggt á breytingum á landsvísi

	SVALBARÐS- STRANDARHREPPUR			LANDIÐ		
	2007	2020	2029	2007	2020	2029
Börn; 0-5 ára	8,3%	8,5%	8,0%	8,3%	8,4%	7,8%
Grunnskóli; 6-15 ára	16,6%	16,0%	16,0%	14,4%	13,9%	13,7%
Framhaldsskóli; 16-20 ára	9,1%	8,5%	9,0%	7,3%	6,6%	7,1%
Sérnám; 21-25 ára	7,0%	7,0%	7,0%	7,2%	7,0%	6,9%
Atvinnulíf; 26-66 ára	50,1%	49,5%	45,5%	52,4%	51,0%	47,7%
Eftirlaunaaldur; 67+	8,8%	10,5%	14,5%	10,3%	13,0%	16,7%

Tilgáta um fjölda í hverjum aldursflokki í Svalbarðsstrandarhreppi 2020 og 2029

	2007	DÆMI A		DÆMI B	
		2020	2029	2020	2029
Börn; 0-5 ára	32	37	38	38	39
Grunnskóli; 6-15 ára	64	70	76	71	78
Framhaldsskóli; 16-20 ára	35	37	43	38	44
Sérnám; 21-25 ára	27	31	33	31	34
Atvinnulíf; 26-66 ára	193	217	215	219	222
Eftirlaunaaldur; 67+	34	46	69	47	71
	<b>385</b>	<b>438</b>	<b>473</b>	<b>443</b>	<b>489</b>

### FÓLKSFJÖLGUN

ÁR	DÆMI A	DÆMI B
2007-2020	53	58
2020-2029	35	45

### ÍBÚÐIR

ÁR	DÆMI A	DÆMI B
<b>2007</b>	120	120
<b>2020</b>	141	143
<b>2029</b>	157	162

### ÍBÚÐAÞÖRF

ÁR	DÆMI A	DÆMI B
2007-2020	21	23
2020-2029	15	19

### Svalbarðseyri

DÆMI A	DÆMI B
12	13
9	11





Valsárskóli og leikskólinn Álfaborg á Svalbarðseyri



Svalbarðskirkja

fjölbreyttu atvinnu-, þjónustu- og menningarframboði gerir búsetu í hreppnum eftirsóknarverða auk þess sem þar er unnt að bjóða búsetukosti sem ekki er hagkvæmt eða rökrétt að bjóða á Akureyri.

Með bættum efnahag verður æ algengara að fjölskyldur eigi „annað heimili“, þ.e. íbúðir eða heilsárshús í öðrum landshluta, sem notuð eru reglulega eða hluta úr ári. Slíkum húsum fylgja ekki nýir íbúar með lögheimili skráð í hreppnum og tvöfaldri búsetu af þessu tagi fylgja engar beinar skatttekjur til sveitarfélagsins. Ætla má að þessi þróun muni halda áfram og að Svalbarðsstrandarhreppur gegni í þessu samhengi svipuðu hlutverki og Suðurlandsundirlendið gerir gagnvart höfuðborgarsvæðinu. Nálægð við Akureyrarflugvöll og fjölbreytt þjónustuframboð Akureyrar eru ákveðnar forsendur þessarar þróunar auk hagstæðra staðhátta með fallettu útsýni og síðdegissól.

Af þessum ástæðum verður í nýju aðalskipulagi gert ráð fyrir því að byggingarsvæði í hreppnum geti tekið við mun meiri fjölgun en framreikningar benda til. Með öðrum orðum má segja að gert verði ráð fyrir viðbúnaði til þess að unnt verði að mæta talsverðum aðflutningi nýrra íbúa og spurn eftir íbúðum með ákveðna eiginleika á svæðinu.

### 3.3 ÞJÓNUSTUSTOFNANIR

Engar þjónustustofnanir eru utan þéttbýlis í hreppnum. Á Svalbarðseyri er kirkja, grunnskóli og leikskóli ásamt stjórnsýslu hreppsins.

Sveitarfélagið rekur leikskólann Álfaborg og hafa þar að jafnaði verið um og yfir 20 börn í dagvist undanfarin ár. Leikskólinn er starfræktur í fyrrum barnaskóla hreppsins.

Valsárskóli er grunnskóli Svalbarðsstrandarhrepps. Kennsla er í 1-10. bekk og hefur nemendafjöldi verið um 65-70 undanfarin ár. Þar sem skólinn er fámennur er tveimur árgöngum kennt saman í 5 bekkjadeildum. Skólahverfið liggur frá Veigastöðum í suðri til Garðsvíkur í norðri. Tónlistardeild er starfrækt við skólann með um 20 nemendum.

Svalbarðskirkja er sóknarkirkja hreppsins, en á Svalbarði hefur verið kirkja allt frá katólskum sið. Kirkjan er útkirkja (annexia) frá Laufási. Núverandi kirkjugarður er nokkru vestan við kirkjuna, eða neðar í hallanum. Gamli kirkjugarðurinn er aftur á móti skammt sunnan við íbúðarhúsið á Svalbarði. Hann er nú aflagður.

Svalbarðsstrandarhreppur hefur gert samning við Akureyrarbæ um öldrunarþjónustu og dvalarrými fyrir aldraða. Rekin er heimaþjónusta í hreppnum.

Svalbarðsstrandarhreppur er í heilsugæsluumdæmi Akureyrar, en þar er heilsugæslustöð. Sérfræði-þjónusta er á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri.

### 3.4 ATVINNULÍF

Gagnvart landnotkun er landbúnaður mikilvægasta atvinnugreinin í Svalbarðsstrandarhreppi. Sauðfjárbúskapur hefur dregist saman undanfarin ár. Mjólkurframleiðendum hefur fækkað en búin hafa stækkað að sama skapi.





Vegna legu Svalbarðseyrar og nálægðar við tiltölulega stóran vinnumarkað á Akureyri er eðlilegt að umtalsverður hluti íbúa sækji vinnu þangað og er vinnusókn íbúa Svalbarðsstrandarhrepps hlutfallslega mikil til Akureyrar. Þetta á við um flestar starfsgreinar. Einnig er töluverð vinnusókn í gagnstæða átt.

Á Svalbarðseyri er opinber þjónusta sveitarfélagsins, skóli, leikskóli, bókasafn og skrifstofa hreppsins. Engin verslun er þar lengur.

Ársverk árið 2005 voru 216 og hafði þeim fjölgað um 22 frá árinu 2000. Á árinu 2007 voru íbúar á aldursbilinu frá 21 ára til 66 ára 220 í Svalbarðsstrandarhreppi. Hlutfall ársverka af þeim fjölda er 91%. Hagstofa Íslands skilgreinir atvinnualdur frá 16 ára til 74 ára og í Svalbarðsstrandarhreppi voru íbúar á þeim aldri 272 talsins árið 2007. Hlutfall ársverka var 81% af því aldursbili.

Ef miðað yrði við sama hlutfall ársverka og mannfjölda áfram þarf að gera ráð fyrir um 35-38 nýjum ársverkum í sveitarfélaginu á skipulagstímabilinu, allt eftir því hvaða dæmi um mannfjöldaþróun stuðst yrði við. Hér er um mjög grófa nálgun að ræða og mikil óvissa bæði í forsendum og reikningum, t.d. er fjöldi starfa og ársverk ekki sama talan auk þess sem hluti íbúa getur starfað í öðrum sveitarfélögum og hluti starfa í héraðinu eru unnin af íbúum annarra sveitarfélaga.

Líklegt er að ný störf skiptist milli atvinnugreina að mestu á svipaðan hátt og núverandi skipting starfa í sveitarfélaginu en þó með auknu vægi starfa í hvers kyns þjónustu, og e.t.v. einhverri fækkun í landbúnaði. Einnig gæti hugsanleg aukin búseta til sveita (án tengsla við landbúnað) haft í för með sér ný störf, jafnvel í greinum sem krefjast sérfræðimenntunar og sérhæfingar, sem yrðu möguleg með fjarvinnslu.



## 4 LANDNOTKUN

### 4.1 ALMENN ATRIÐI

Landbúnaður hefur frá fornu fari verið undirstaða atvinnulífs og búsetu í hreppnum ásamt sjávarnytjum. Verslun hófst á Svalbarðseyri undir lok 19. aldar en lagðist af um 100 árum síðar. Talsverðar breytingar hafa orðið á rekstarumhverfi þessara atvinnugreina á undanförunum árum og áratugum sem áhrif hafa haft á landnotkun og landnýtingu. Þróunin felst í grundvallarbreytingum á búsetuháttum í landinu, breyttu vægi atvinnugreina, bættum samgöngum og tækniframförum svo eitthvað sé nefnt og mun eflaust halda áfram næstu áratugi. Útgerð hefur breyst í grundvallaratriðum og verslun og þjónusta er nú auðvelt að sækja til stærri staða.

Aðalskipulagið miðast við að styrkja stöðu hefðbundins landbúnaðar sem atvinnugreinar og auðvelda uppbyggingu stöðgreina hans. Með því er stefnt að eflingu byggðarinnar og þróun hefðbundinna búgreina í sátt við umhverfi sitt auk þess sem opnaðir eru þróunarkostir og landnýtingarmöguleikar í samræmi við staðhætti og landkosti svo og breyttar forsendur atvinnulífisins.

Í aðalskipulaginu er ekki gert ráð fyrir uppbyggingu annars þéttbýliskjarna en Svalbarðseyrar.

#### 4.1.1 DEILISKIPULAG Á VEGUM EINKAÐILA

Samkvæmt 3. grein skipulags- og byggingarlaga annast sveitarstjórnir gerð deiliskipulags. Landeiganda eða framkvæmdaaðila verður þó heimilt að gera tillögu til sveitarstjórnar að deiliskipulagi eða breytingu á deiliskipulagi á landi sínu á sinn kosnað. Slík deiliskipulagstillaga skal vera í samræmi við stefnumörkun aðalskipulagsins um landnotkun, byggð og þéttleika byggðar, svo og vegi og veitukerfi. Stefnt er að gerð rammaskipulags fyrir byggð í suðurhluta sveitarfélagsins sem verður forsögn fyrir gerð deiliskipulags á svæðinu. Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps hefur samþykkt verklagsreglur um deiliskipulag á vegum einkaaðila í hreppnum sem birtar eru í viðauka.

### 4.2 ÞÉTTBÝLI

#### 4.2.1 ÞÉTTBÝLISMÖRK

Dregin eru mörk þéttbýlis á Svalbarðseyri. Innan þéttbýlismarka er bújörðin Svalbarð og hluti landbúnaðarlands hennar. Er það gert vegna nálægðar bæjarhúsa við þéttbýlið og samhengis þeirra við byggðina og bæjarmyndina. Um Svalbarð og landbúnaðarlandið gilda sömu ákvæði og á öðru landbúnaðarlandi skv. 3. kafla.

Land innan þéttbýlismarka er um 57 ha. Gerð er grein fyrir landnotkun og ákvæðum um skipulagsreiti innan þéttbýlismarka í köflum 4.3 – 4.13.



Á Svalbarðseyri



Svalbarðseyri

## 4.2.2 MEGINATRÍÐI Í SKIPULAGI SVALBARÐSEYRAR

Innan þéttbýlisins á Svalbarðseyri eru afmarkaðir landnotkunarreitir fyrir iðnaðarsvæði, athafnasvæði, hafnarsvæði, svæði fyrir þjónustustofnanir, svæði fyrir verslun og þjónustu og íbúðarsvæði auk landbúnaðarsvæða og eins svæðis fyrir frístundabyggð. Um þessi svæði er fjallað í eftirfarandi köflum ásamt landnotkun í sveitinni.

Meginhluti byggðarinnar er norðan og vestan tengivegar frá þjóðvegi að höfn. Afmarkað er íbúðarsvæði norðan núverandi byggðar sem liggur vel við skóla, leikskóla og íþróttasvæði, sem verða sem næst í miðri byggðinni að svæðinu fullbyggðu. Gert er ráð fyrir vegi sem myndar ásamt tengiveginum hringleið um byggðina. Gert er ráð fyrir athafnasvæði niðri á Eyrinni undir brekkurótinni neðan núverandi íbúðarbyggðar.

Gert er ráð fyrir stækun kirkjugarðs til norðurs. Talsverður hluti svæðisins innan þéttbýlismarka er skilgreindur sem landbúnaðarsvæði og gilda þar sömu ákvæði og um önnur landbúnaðarsvæði. Gróðrarstöð er starfrækt innan landbúnaðarsvæðisins og ekki afmörkuð sérstaklega í aðalskipulagi.

Efst í þorpinu næst þjóðvegi er gert ráð fyrir svæði fyrir verslun og þjónustu. Þar er fyrst og fremst horft til þjónustustarfsemi sem nýtur nálægðar við þjóðveg, t.d. greiðasala, bensínstöð, verslun o.þ.h.


## 4.3 LANDBÚNAÐARSVÆÐI

### 4.3.1 ALMENN ATRÍÐI

Mest allt land neðan 300 m hæðarlínu og vatnsverndarsvæða er sýnt sem landbúnaðarsvæði á aðalskipulagsupprætti. Afmörkunin byggist ekki á greiningu á landnotkun heldur er um að ræða einfalda viðmiðun. Eftir sem áður verður opið, óbyggt land ofan landbúnaðarsvæða nýtt á hefðbundinn hátt í þágu landbúnaðar. Nýrækt krefst ekki breytingar á aðalskipulagi en taka skal mið af verndarákvæðum vegna náttúrufars, minja, fornra samgönguleiða og gönguleiða þar sem það á við. Lögbylí og eignamörk jarða eru ekki skilgreind í aðalskipulagi.

Gert er ráð fyrir að hefðbundinn búskapur verði áfram stundaður á bújörðum með eðlilegum þróunarmöguleikum annarra atvinnugreina sem henta slíkum svæðum. Litið er á gott landbúnaðarland sem auðlind og er ákvæðum aðalskipulagins, t.d. um byggð og skógrækt á landbúnaðarsvæðum, ætlað að „stuðla að skipulegri nýtingu lands í samræmi við landkosti, fjölbætt hlutverk landbúnaðar og hagsmuni sveitarfélaga og íbúa þeirra, svo og að tryggja svo sem kostur er að land sem vel er fallið til búvöruframleiðslu verði varðveitt til slíkra nota” í samræmi við meginmarkmið jarðalaga.

Landbúnaðarsvæði eru að mestu leyti óbyggt land. Þar er fyrst og fremst gert ráð fyrir byggingum og starfsemi sem tengist landbúnaði. Aðrar atvinnugreinar svo sem skógrækt og ferðaþjónusta innan vissra marka eru taldar til landbúnaðar. Skógræktarsvæði eru því ekki skilgreind sérstaklega á skipulagsupprætti. Aðstaða fyrir léttan iðnað sem er lítill hluti af umfangi og starfsemi viðkomandi býlis eða landbúnaðarsvæðis er ekki skilgreind sérstaklega.



Þéttbýlisupprætti Svalbarðseyrar. Uppfært í júní 2014

Markmið jarðalaga nr. 81/2004 er m.a. að (1.gr):

- ... stuðla að skipulegri nýtingu lands í samræmi við landkosti, fjölbætt hlutverk landbúnaðar og hagsmuni sveitarfélaga og íbúa þeirra, svo og að tryggja svo sem kostur er að land sem vel er fallið til búvöruframleiðslu verði varðveitt til slíkra nota.

Í stefnumörkun stjórnvalda „Velferð til framtíðar – áherslur 2006-2009” segir m.a.:

- Ísland verði ávallt virt sem framleiðandi heilnæmra og örugggra matvæla úr hágæða hráefnum í ómengdu umhverfi.



Miðnætursól við Garðsvík

Vegna almennrar afmörkunar landbúnaðarsvæða (allt land undir 300 m.y.s.) eru innan þeirra stór opin svæði með ósnortnu landi. Á opnum svæðum utan girðinga og ræktarlanda verða hefðbundnar landnytjar landbúnaðarins heimilar með þeim takmörkunum sem felast í ákvæðum um verndarsvæði þar sem það á við, t.d um vatnsvernd. Slík svæði eru auk þess opin til almennrar útivistar.

Í kafla 4.3.2 eru skilgreindir möguleikar á ferðaþjónustu, annarri atvinnustarfsemi og byggingu frístundahúsa og íbúðarhúsa á lögbýlum. Að jafnaði skal slík landnotkun ekki heimil á góðu landbúnaðarlandi. Meginregla verður sú að nýjar lóðir fyrir frístundahús, íbúðarhús og nýbyggingar fyrir ferðaþjónustu og aðra atvinnustarfsemi en landbúnað verði skilgreindar í deiliskipulagi. Sjá einnig 2. mgr. greinar 4.14.2 í skipulagsreglugerð um deiliskipulag á landbúnaðarsvæðum.

#### 4.3.2 LANDBÚNAÐARSVÆÐI L1

Landbúnaðarland í norðurhluta sveitarfélagsins er merkt L1. Um er að ræða gott landbúnaðarland sem vel er fallið til ræktunar og búvöruframleiðslu sem skal vera meginlandnotkun á því svæði. Við umfjöllun og ákvörðun um breytta landnotkun á svæði L1 skal taka mið af meginmarkmiði um varðveislu góðs landbúnaðarlands. Um svæðið gilda eftirfarandi ákvæði og heimildir til landnýtingar.

#### FERÐAÞJÓNUSTA OG ÖNNUR ATVINNUSTARFSEMI

Á landbúnaðarsvæðum verður heimilt að nýta byggingar og reisa byggingar fyrir atvinnustarfsemi sem fellur vel að búrekstri og nýtingu viðkomandi jarðar og ekki hefur neikvæð áhrif á umhverfi sitt. Fyrst og fremst er átt við atvinnugreinar sem eru eðlileg viðbót við búreksturinn og stoðgreinar við landbúnað, sem áfram verður meginlandnotkun á svæðinu. Þetta á t.d. við um almenna ferðaþjónustu s.s. „ferðaþjónustu bænda”, gístaðstöðu og greiðasölu í tengslum við hana. Markmiðið er að gefa kost á nýtingu þess húsakosts sem fyrir er á viðkomandi bæjum með minni háttar viðbótum og breytingum án þess að breyta þurfi aðalskipulagi, auðvelda bændum að skjóta stoðum undir búrekstur sinn og tryggja áframhaldandi nýtingu jarðanna. Miðað er við að önnur atvinnustarfsemi verði hluti bújarða en ekki á sjálfstæðum lóðum. Verði starfsemin skilin frá búrekstri krefst það formlegrar breytingar á aðalskipulagi.

Sérhæfðar byggingar fyrir aðra atvinnustarfsemi en landbúnað, þar á meðal ferðaþjónustu, s.s. gístaðstöðu, veitingarekstur o.þ.h. mega vera allt að 1.000 m<sup>2</sup> (ný hús og gömul) á hverju lögbýli þar sem aðstæður leyfa án þess að til þess þurfi sérstaka merkingu á aðalskipulagsupprætti. Umfangsmikill rekstur sem krefst stærri bygginga verður einungis heimilaður á svæðum sem skilgreind eru sérstaklega í aðalskipulagi t.d. sem svæði fyrir verslun og þjónustu. Almenn stærðarviðmiðun miðar að því að auðvelda minni háttar uppbyggingu og rekstur á svæðinu. Hámarksbyggingarmagn miðast við að hóflegt svigrúm verði til nýtingar og nýbygginga án þess að breyta þurfi aðalskipulagi sérstaklega. Meginregla verður sú að uppbygging verði samkvæmt deiliskipulagi.

Ekki eru stærðarmörk á landbúnaðarbyggingum.

## FRÍSTUNDAHÚS Á LÖGBÝLUM

Heimilt er að afmarka lóðir og reisa allt að tvö frístundahús þar sem aðstæður leyfa á núverandi lögbýlum á skipulagstímabilinu. Þau skulu, eftir því sem við verður komið, nýta sömu tengingu við þjóðveg og lögbýlið, vera í ákveðnum tengslum og samhengi við aðra byggð og fylgja, eftir því sem kostur er og við á, byggðarmynstri viðkomandi svæðis. Fleiri frístundahús verða einungis byggð á svæðum sem í aðalskipulagi eru skilgreind sem svæði fyrir frístundabyggð.

## ÍBÚÐARHÚS Á LÖGBÝLUM

Heimilt er að afmarka lóðir og reisa allt að þrjú ný íbúðarhús þar sem aðstæður leyfa á núverandi lögbýlum á skipulagstímabilinu. Þau skulu, eftir því sem við verður komið, nýta sömu heimreið og lögbýlið, vera í ákveðnum tengslum og samhengi við aðra byggð og fylgja eftir því sem kostur er byggðarmynstri viðkomandi svæðis. Markmiðið er að ekki verði fjölgað tengingum við þjóðveg, að þjónusta við ný hús tengist þeirri þjónustu sem þegar er veitt og að nýjum húsum verði komið fyrir í samræmi við byggingarhefðir og yfirbragð sveitarinnar.

## SKÓGRÆKT

Skipulagsáætlunin gerir ráð fyrir skógrækt sem atvinnugrein á hefðbundnum landbúnaðarsvæðum. Þó skal miðað við að gott landbúnaðarland verði áfram nýtt fyrir hefðbundinn landbúnað og matvælaframleiðslu.

Skógræktarsvæði eru ekki afmörkuð sérstaklega á aðalskipulagsupprætti. Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr.106/2000 skal tilkynna nýræktun skóga sem taka yfir 200 ha eða stærra svæði til Skipulagsstofnunar, sem ákvarðar matsskyldu framkvæmdanna sbr. einnig 3. viðauka laganna. Sama gildir um nýræktun skóga á verndarsvæðum og ruðning á náttúrulegum birkiskógi.

Tilkynna skal allar áætlanir um skógrækt í sveitarfélaginu (nema um ræktun heimilisgarða og minni skrudgarða) til sveitarstjórnar. Áður en farið er í framkvæmdir við skógræktaráætlun undir 200 ha skal leggja fyrir sveitarstjórn gögn um fornleifar og náttúruminjar þannig að kennileitum í landslagi, jarðmyndunum og búsetumínum verði ekki spillt á því svæði sem áætlunin tekur til. Um skógrækt og landgræðslu á landbúnaðarsvæðum gildir að öðru leyti eftirfarandi:


- 1) Skógrækt er heimil utan þeirra svæða sem vel eru fallin til búvöruframleiðslu upp að 300 m hæð yfir sjávarmáli þar sem aðstæður leyfa, t.d. á svæðum L3 og L4. Á svæðum, sem vel eru fallin til búvöruframleiðslu (t.d. á landbúnaðarlandi L1) er einungis heimil minni háttar skógrækt til skjóls og fegrunar (skjólbelti og útivistarlundir þar sem staðhættir gefa tilefni til).
- 2) Taka skal tillit til þekktra fornminja. Skógrækt skal ekki fara nær friðlýstum fornminjum og öðrum merkum minjum en 50 m. Tryggt verði eðlilegt aðgengi að slíkum minjum.
- 3) Taka skal tillit til jarðmyndana og vistkerfa sem njóta verndar skv. 37. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999 þannig að þeim verði ekki spillt með skógrækt.
- 4) Ekki skal plantað í mýrlendi og þess gætt að ekki skapist hætta á þurrkun tjarna og annarra votlendissvæða.



*Landbúnaðarland nyrst í hreppnum*



*Landbúnaðarland í miðhluta hreppsins, mörk L1 og L2 um miðja mynd*



Aðalskipulag suðurhluta hreppsins. Uppfært í júní 2014.

- 5) Þess skal gætt að skógur loki ekki gönguleiðum meðfram strönd, ám og vötnum eða hindri aðgengi að þeim. Um land jarða og lögbyla á landbúnaðarsvæðum gilda að öðru leyti ákvæði jarðalaga nr. 81/2004 og ábúðarlaga nr. 80/2004.
- 6) Tekið skal mið af ákvæði 10. gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda, þar sem segir m.a. að öll ræktun útlendra tegunda hér á landi er óheimil á friðlýstum svæðum, á jarðmyndunum og vistkerfum er njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 500 m hæðar yfir sjó.

#### 4.3.3 LANDBÚNAÐARSVÆÐI Í SUÐURHLUTA HREPPSINS L2 OG L3

Í suðurhluta hreppsins er tiltölulega erfitt landbúnaðarland m.a. vegna landslags og landhalla og hefur búskapur þar dregist verulega saman undanfarin ár. Þar eru afmörkuð tvenns konar landbúnaðarsvæði, L2 og L3 þar sem rýmri heimildir gilda um skógrækt og breytingar á landnotkun en á svæði L1

Á þessu svæði hafa þegar risið nokkrar þyrpingar íbúðarhúsa auk þess sem skilgreind hafa verið ný íbúðarsvæði í aðalskipulagi. **Landbúnaðarsvæði L2** er afmarkað í grófum dráttum upp að 140 m hæðarlínu á landi þar sem hefðbundinn landbúnaður er víkjandi, m.a. vegna staðháttá. Þar gilda sömu ákvæði og á svæði L1 en auk þess kemur þar til greina frekari bygging íbúðarhúsa og húsaþyrpinga, þar sem aðstæður leyfa, enda hefur svæðið eftirsóknarverða eiginleika í því tilliti. Breyta þarf aðalskipulagi til þess að skilgreina nýja íbúðarbyggð og húsaþyrpingar og skal þá gera grein fyrir staðháttum, forsendum og ákvæðum um þéttleika og eiginleika viðkomandi byggðar.

**Landbúnaðarsvæði L3** er afmarkað í grófum dráttum milli 140m og 300 m hæðarlínu (m.y.s.) í suðurhluta hreppsins og nokkuð norður eftir. Þar gilda sömu ákvæði og á svæði L1 en auk þess kemur þar til greina frekari bygging frístundahúsa og hverfa frístundahúsa, þar sem aðstæður leyfa. Breyta þarf aðalskipulagi til þess að skilgreina nýja byggð frístundahúsa og skal þá gera grein fyrir staðháttum, forsendum og ákvæðum um þéttleika og eiginleika viðkomandi byggðar.

Stefnt er að því að unnið verði **heildarskipulag** eða **rammaskipulag** fyrir landbúnaðarsvæði L2 og L3 þar sem greind verða nánar þau svæði sem til greina koma undir byggð. Rammaskipulag yrði nýtt sem forögn fyrir hugsanlegar breytingar á aðalskipulagi og síðar deiliskipulag einstakra svæða. Þar skulu dregnir megindrættir byggðarinnar s.s. byggingarsvæði, ræktarlönd, veitukerfi og samgönguleiðir, bæði akbrautir og aðkomuleiðir að byggð, göngu- og hjólaleiðir og reiðvegir. Gera skal grein fyrir gömlum samgönguleiðum sem ber að halda opnum og aðgengilegum sem gönguleiðum. Einnig skulu þar merktir helstu áfangastaðir og svæði sem hafa almennt gildi og aðdráttarafl s.s. útsýnisstaðir, skógarlundir o.þ.h. svo og svæði sem ástæða er til að vernda vegna útivistargildis eða náttúrufars, t.d. mýrlendi vegna fuglalífs o.s.frv. Tryggja skal aðgengi, gönguleiðir, að slíkum svæðum enda eru þau mikilvæg forsenda fyrir byggð á svæðinu þar sem íbúar eiga að njóta nálægðar og góðs aðgengis að umhverfi og ósnortinni náttúru. Svæði L2 og L3 eru afmörkuð gróflega út frá megindráttum í landslagi. Hugsanlegar breytingar á aðalskipulagi eiga einungis við þar sem aðstæður eru hentugar t.d. með tilliti til gatnakerfis og veitukerfa auk annarra þátta sem fjallað verður um í rammaskipulagi svæðanna.

Aðgreining íbúðarbyggðar og frístundabyggðar er nauðsynleg þar sem hagsmunir fastbúsettra íbúa og dvalargesta til skemmri tíma eru ólíkir. Einnig hljóta viðhorf til eignar, samgangna og rekstrar að vera

ólík. Með skiptingu svæða L2 og L3 er leitast við að komast hjá blöndun íbúðarbyggðar og frístundabyggðar. Syðst í sveitarfélaginu, við mörk Eyjafjarðarsveitar, er þó frístundabyggð neðan 140 m hæðarlínu, Kotabyggð. Vegna legu svæðisins er líklegt að ásókn verði í fasta búsetu á því svæði. Stefnt er að því að svæðið þróist yfir í íbúðarbyggð á skipulagstímabilinu sbr. umfjöllun og ákvæði í kafla 4.4.2. Bent er á að húsakostur og aðstæður víða á svæðinu uppfylla ekki almennar kröfur til íbúðarbyggðar þannig að hugsanlegt er að á svæðinu verði einhver blanda frístundabyggðar og íbúðarbyggðar um tíma.

Heimilt verður að reka áfram hefðbundinn landbúnað á svæðum L2 og L3 eins og hingað til. Hins vegar setja nýir nýtingarmöguleikar sem hugsanlegir eru með formlegum breytingum á aðalskipulagi, þ.e. íbúðarbyggð og frístundabyggð, landbúnaðinum þær skorður að óheimilt verður að setja á fót og reka búfjárstöðvar eða úrvinnslustöðvar, sem geta haft neikvæð áhrif á umhverfi sitt með hávaða, lykt, umferð o.þ.h. (t.d. stór alifuglabú eða svínabú). Með slíkum takmörkunum er þó ekki átt við þau minni háttar áhrif sem hefðbundinn landbúnaður hefur nú.

Á vissan hátt má líta á hefðbundinn landbúnað sem víkjandi landnotkun á svæðum L2 og L3. Þess vegna verða rýmri heimildir til skógræktar á góðu landbúnaðarlandi þar en á svæði L1 að teknu tilliti til meginatriða í töluliðum 1-6 fremst í þessum kafla að öðru leyti. Skógrækt gæti þar m.a. miðast við svæði sem síðar verða tekin undir byggð og njóta þá skjóls af skóginum.

#### 4.3.4 LANDBÚNAÐARSVÆÐI L4

Ofan ræktarlanda og L3 upp að 300 m hæðarlínu í norðurhluta hreppsins er afmarkað landbúnaðarsvæði L4. Landið fellur illa til ræktunar og engan vegin til byggðar, m.a. vegna landhalla og skriðuhættu. Gert er ráð fyrir óbreyttri og hefðbundinni nýtingu landsins, t.d. til beitar. Skógrækt er heimil á svæðinu þar sem staðhættir gefa tilefni til.

## 4.4 ÍBÚÐARSVÆÐI

Á íbúðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir íbúðarhúsnæði. Þar má þó einnig gera ráð fyrir starfsemi sem eðlilegt er að þar sé til þjónusta við íbúa viðkomandi hverfis, s.s. verslunum, hreinlegum iðnaði, handiðnaðarfyrirtækjum, þjónustustarfsemi og leiksvæðum, eða annarri starfsemi sem hvorki verður ætlað að muni valda óþægindum vegna lykta, hávaða eða óþrifnaðar né dragi að sér óeðlilega mikla umferð.

#### 4.4.1 ÍBÚÐARBYGGÐ Á SVALBARÐSEYRI

Á Svalbarðseyri verða fjögur megin íbúðarsvæði, þ.e. elsta byggðin á Eyrinni, núverandi byggð við Smáratún og Laugatún, íbúðarlóð gamla Þinghússins við Þjóðveg og nýtt íbúðarsvæði á túnunum norðan núverandi byggðar að mörkum eignarlands hreppsins. Auk þess eru þrjú stök íbúðarhús merkt á Eyrinni.



Gamla byggðin á Svalbarðseyri

- Lögð skal megináhersla á íbúðarbyggð á Svalbarðseyri með góðum byggingarlóðum í fallegu bæjarumhverfi. Stefnt er á þéttingu núverandi byggðar og ný byggingarsvæði í norðurhluta þorpsins.



Meginhluti íbúðarbyggðar á Svalbarðseyri mun verða í lágrí byggð einbýlishúsa, raðhúsa og parhúsa auk lítilla sambýlishúsa. Lóðir eru tiltölulega stórar en þess skal þó gætt við skipulag nýrrar byggðar að skýr bæjarmynd verði á þorpínu og byggingar myndi ákveðið bæjarumhverfi.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
Íb 1/V7 <sup>4</sup>	0,9 <sup>5</sup>	Svalbarðseyri. Eyrin.	Nokkur gömul íbúðarhús sem setja svip á byggðina. Einkenni staðarins.	Breytingar og endurbætur miðist við að viðhalda og styrkja einkenni staðarins. Blönduð landnotkun með verslun og þjónustu. Íbúðarbyggð meginlandnotkun.
Íb 2	4,0	Svalbarðseyri. Smáratún, Laugatún.	Meginbyggðin á Svalbarðseyri. Einbýlishús og raðhús. Sem næst fullbyggt.	Svæðið verði fullbyggt skv. gildandi deiliskipulagi. Að öðru leyti óbreytt. Þéttleiki um 11,5 íb/ha
Íb 3/S 3	0,3	Svalbarðseyri. Gamla þinghúsið við Þjóðveg 1.	Íbúðarhús og safnhús með sýningaraðstöðu.	Uppbygging miðað við samþykktar teikningar.
Íb 4	12,0	Svalbarðseyri. Nýtt íbúðarsvæði norðan Valsárskóla.	Óbyggt, óskipulagt.	Að mestu sérbýlishúsabyggð, viðmiðunarþéttleiki 8-15 íb/ha. Blönduð byggð efst við svæði V1.
Íb 5	0,4	Svalbarðseyri, Eyrin	Gamalt íbúðarhús. Að öðru leyti óbyggt	Breytingar og endurbætur miðist við að viðhalda og styrkja einkenni staðarins.
Íb 6	0,02	Íbúðarlóð	Gamalt íbúðarhús	Óbreytt
Íb 7	0,1	Íbúðarlóð	Gamalt íbúðarhús	Óbreytt

#### 4.4.2 ÍBÚÐARBYGGÐ Í SVEITINNI

Á skipulagsupprætti og yfirlitstöflu eru sýnd núverandi svæði fyrir íbúðarbyggð, Íb 10 – Íb 20, með fjórum húsum eða fleiri svo og fyrirhuguð stækkun þeirra og ný hverfi þar sem deiliskipulag hefur verið samþykkt. Stærð svæða og fjöldi lóða á nýjum svæðum eru viðmiðunartölur sem unnar verða nánar í deiliskipulagi hvers svæðis. Ekki er gert ráð fyrir fjöleignahúsum utan þéttbýlis, þ.e. fjölbýlishúsum, raðhúsum eða parhúsum. Miðað er við að á hverri íbúðarlóð verði ein íbúð.

Miðað er við að íbúðarsvæði í sveitinni verði gisin með þéttleika að hámarki 3 íbúðum á hektara og verður lágmarkslóðarstærð um 2.000 m<sup>2</sup>. Að jafnaði skulu vera a.m.k. 20 m á milli byggingarreita og byggingarreitir a.m.k. 30 m frá mörkum lögbýla og mörkum landnotkunarreitna. [Þó er heimilt að byggja nær mörkum lögbýla ef fyrir liggur samþykki eigenda aðliggjandi lands.]<sup>6</sup>

Ekki verður þar mótuð hefðbundin bæjarmynd heldur miðað við að ná sérstökum eiginleikum íbúðarbyggðar í sveit. Gatnagerð og frágangur getur verið með öðrum hætti og einfaldari en í venjulegum húsagötum í þéttbýli.

- Íbúðarbyggð utan þéttbýlis skal skipulögð með það í huga að íbúar njóti tengsla við umhverfi og náttúru. Þéttleiki verði að hámarki um 3 íbúðir á hektara.

<sup>4</sup> Breyting staðfest 15.10.2012. Númer reits leiðrétt úr V5 í V7 í júní 2014.

<sup>5</sup> Breyting staðfest 07.11.2013.

<sup>6</sup> Breyting staðfest 02.09.2011.

Að jafnaði skal gera ráð fyrir að um fjórðungur lands, sem tekið verður undir íbúðarbyggð í sveit, verði nýttur fyrir opin svæði til almennrar útivistar m.a. í þágu byggðarinnar á viðkomandi svæði.

Syðst í sveitarfélaginu neðan Veigastaðavegar er gömul frístundabyggð, Kotabyggð, sem vaxið hefur nokkuð á undanförunum árum, auk Vaðlaborga B, sem er óbyggt [svæði]. Miklar líkur eru taldar á ásókn í fasta búsetu á svæðinu vegna nálægðar við Akureyri.

### **KOTABYGGÐ (ÍB 20)<sup>7</sup>**

Fæst húsanna á svæðinu uppfylla ákvæði reglugerða um íbúðarhús. [Svæðið er í aðalskipulagi skilgreint] sem íbúðarbyggð til samræmis við meginreglu um íbúðarbyggð neðan Vaðlaheiðarvegar og Veigastaðavegar og neðan 140 m hæðarlínu en frístundahúsabyggð ofar í hlíðinni þannig að slíkar byggðir blandist ekki.

Umbreyting úr frístundabyggð í íbúðarbyggð getur tekið langan tíma og er líklegt að vinna þurfi að endurskoðun skipulags fyrir ákveðna hluta svæðisins í [áföngum]. Á meðan verður á svæðinu blanda íbúðarbyggðar og frístundabyggðar, sem annars hefur verið leitast við að komast hjá við gerð aðalskipulagsins.

[Unnin verður heildstæð áætlun (deiliskipulag) þar sem gerð verður grein fyrir landnotkun í allri Kotabyggð, gatna- og veitukerfi og áfangaskiptingu skipulags og framkvæmda]. Áætlunin verði samvinnuverkefni sveitarfélagsins, [landeigenda og lóðarhafa] á svæðinu.

[Skilgreining Kotabyggðar sem íbúðarbyggð er stefna sveitarstjórnar, sem unnið verður að á löngum tíma. Í deiliskipulagi verður heimilt að gera ráð fyrir frístundabyggð á einstaka lóðum eða svæðum innan landnotkunarreitsins þótt stefnt sé að því að í fyllingu tímans verði íbúðarbyggð meginlandnotkun á reitnum. Þar sem um er að ræða aðlögun á eldra skipulagi geta verið frávik frá almennum viðmiðum um stærð lóða og þéttleika byggðar.

Byggingar verða ekki samþykktar sem íbúðarhús nema þau uppfylli öll viðeigandi ákvæði byggingarreglugerðar um íbúðarhúsnæði.] Víða verður kröfum sem gerðar eru til íbúðarhúsa ekki mætt nema með algerrri endurnýjun eða endurbyggingu þeirra húsa sem fyrir eru. [Ný frístundahús sem kunna að verða byggð skv. deiliskipulagi skulu þannig hönnuð og byggð að þau uppfylli eða geti með breytingum auðveldlega uppfyllt ákvæði byggingarreglugerðar um íbúðarhús.]

---

<sup>7</sup> Nýr undirkaflí, breytt uppsetning og breytt ákvæði [ ] staðfest 16.09.2013.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
Íb 10	9,8	Vaðlabýggð í landi Veigastaða	Einbýlishúsabyggð. Í byggingu skv. deiliskipulagi.	Uppbygging skv. deiliskipulagi. Þéttleiki að hámarki 3 íb/ha.
Íb 11	4,6	Íbúðarsvæði norðan Vaðlabýggðar	Óbyggt	Allta að 4 íbúðarlóðir. Uppbygging skv. deiliskipulagi.
Íb 12	2,2	Íbúðarhús ofan Vaðlaheiðarvegur	Einbýlishúsabyggð. Í byggingu skv. deiliskipulagi.	Allt að 5 íbúðarhús
Íb 13	2,8	Vaðlaklif	Óbyggt	Allt að 7 lóðir, lágmarkslóðastærð 2.000 m <sup>2</sup> . Uppbygging skv. deiliskipulagi.
Íb 14	6,9	Vaðlabrekka, neðan Veigastaðavegar.	Einbýlishúsabyggð. Deiliskipulagt að hluta.	Allt að 16 lóðir. Uppbygging skv. deiliskiplagi.
Íb 15	3,2	Íbúðarsvæði í landi Halllands	Óskipulagt, óbyggt	Uppbygging skv. deiliskipulagi. Þéttleiki að hámarki 3 íb/ha.
Íb 16	4,6	Sólheimar í landi Sólbergs.	Einbýlishús. Deiliskipulag. Fullbyggt. 6 hús	Óbreytt
Íb 17	3,8	Sólheimar í landi Sólbergs, stækkun.	Deiliskipulag í vinnslu, óbyggt.	Allt að 12 lóðir. Uppbygging skv. deiliskiplagi.
Íb 18	2,5	Heiðarholt	Óbyggt	3 lóðir. Uppbygging skv. deiliskiplagi.
Íb 19	3,5	Vaðlaborgir B	Óskipulagt, óbyggt. Frístundabyggð í aðalskipulagi 1994-2014	Uppbygging skv. deiliskipulagi. Þéttleiki að hámarki 3 íb/ha.
Íb 20	12,7	Kotabyggð	Deiliskipulagt. Frístundabyggð í aðalskipulagi 1994-2014. Gert ráð fyrir 48 lóðum. Byggt að hálfu.	Gerð verði þróunaráætlun um breytingu úr frístundabyggð í íbúðarbyggð. Deiliskipulag verði endurskoðað. Að hámarki sami lóðafjöldi og áður.
Íb 21 <sup>8</sup>	1,5	Í landi Halllands	Óbyggt	Uppbygging skv. deiliskipulagi. Þéttleiki að hámarki 3 íb/ha.

#### 4.4.3 HUGSANLEG ÞRÓUN BYGGÐAR Í SVEITNI

Í suðurhluta hreppsins er afmarkað landbúnaðarsvæði L2 upp að u.þ.b. 140 m hæðarlínu þar sem mögulegt verður með formlegri breytingu á aðalskipulagi og þar sem aðstæður leyfa, að breyta landnotkun þannig að þar verði íbúðarbyggð. Mörk svæðisins eru dregin í grófum dráttum. Stór svæði innan þeirra marka eru óbyggileg vegna landslags og staðhátta og gefur heildarflatarmál svæðanna því ekki beina vísbendingu um mögulegt byggingarmagn.

<sup>8</sup> Nýtt svæði. Breyting staðfest 15.10.2012.

## 4.5 SVÆÐI FYRIR FRÍSTUNDAFYGGÐ

Svæði fyrir frístundabyggð eru svæði ætluð fyrir frístundahús, fjallaskála, gangnamannaskála og neyðarskýli, þ.e. byggingar sem ekki eru ætlaðar til fastrar búsetu eða heilsársbúsetu, óháð eignaraðild eða rekstrarfyrirkomulagi. Svæði með þremur húsum eða færri eru ekki sýnd á aðalskipulagsupprætti. Innan svæða fyrir frístundabyggð geta verið þjónustumiðstöðvar og smáverslanir tengdar viðkomandi svæði.

Í deiliskipulagi svæða fyrir frístundabyggð skal gera grein fyrir þéttleika byggðar, fjölda og stærð lóða og aðkomu að þeim. Ennfremur skal þar kveðið á um stærð og gerð húsa, efnisnotkun og litaval eftir því sem við á.

Frístundabyggð skal rísa sem mest á samfelldum svæðum. Við gerð deiliskipulags skal leitast við að samnýta aðkeyrslu frá þjóðvegi, bílastæði, lagnir, rotþrær, göngustíga og útivistarsvæði. Gera þarf sérstaklega grein fyrir sorphirðu í deiliskipulagi hvers svæðis.

Að jafnaði skal gera ráð fyrir að um fjórðungur lands, sem skilgreint er sem frístundabyggð í aðalskipulagi, verði tekinn frá í deiliskipulagi sem opið svæði til almennrar útivistar.

### 4.5.1 FRÍSTUNDAFYGGÐ F1 – F7

Á skipulagsupprætti og yfirlitstöflu eru sýnd núverandi svæði fyrir frístundabyggð með fjórum húsum eða fleiri svo og fyrirhuguð stækkun þeirra og ný hverfi þar sem deiliskipulag hefur verið samþykkt. Stærð svæða og fjöldi lóða á nýjum svæðum eru viðmiðunartölur sem unnar verða nánar í deiliskipulagi hvers svæðis.

Þéttleiki frístundabyggðar verði að hámarki 1-2 hús á hektara. Að jafnaði skal miðað við lágmarkslóðarstærð um 3.000 m<sup>2</sup>. Meginlínur byggðarinnar verða dregnar í rammaskipulagi sbr. kafla 4.3.3. þar sem gönguleiðir, útsýnisstaðir og aðrir áfangastaðir verða merktir þannig að komist verði hjá því að lóðir loki leiðum eða svæðum sem hafa gildi fyrir almenning og svæðið sem heild.

Að jafnaði skulu vera a.m.k. 20 m á milli byggingarreita og byggingarreitir a.m.k. 30 m frá mörkum lögbýla og mörkum landnotkunarreitum. [Þó er heimilt að byggja nær mörkum lögbýla ef fyrir liggur samþykki eigenda aðliggjandi lands.]<sup>9</sup>

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
F 1	1,2	Svalbarðseyri	Gamalt sumarhús í stórum trjagarði.	Óbreytt.
F 2	16,1	Vaðlaborgir A	Deiliskipulagt. 25 lóðir. Í byggingu.	Uppbygging skv. deiliskipulagi.
F 3	28,7	Frístundabyggð í landi Veigastaða	Óskipulagt, óbyggt	Þéttleiki 1-2 hús/ha. Lágmarksstærð lóða um 3.000 m <sup>2</sup> . Vatnstankur innan svæðis. Raflínur takmarka landnotkun.



Vaðlareitur og byggðin í landi Halllands og Veigastaða

<sup>9</sup> Breyting staðfest 02.09.2011.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
F4	8,0	Frístundabyggð í landi Halllands	Óskipulagt, óbyggt	Þéttleiki 1-2 hús/ha. Lágmarksstærð lóða um 3.000 m <sup>2</sup> .
F5	28,8	Heiðarbyggð í landi Geldingsár	Í gildi deiliskipulag á 22 ha, 40 hús.	Í byggingu skv. deiliskipulagi. Meðalþéttleiki allt að 2 hús/ha
F6	4,5	Frístundabyggð í landi Sólbergs	Óskipulagt, óbyggt	Þéttleiki 1-2 hús/ha.
F7	6,5	Frístundabyggð í landi Sólbergs	Óskipulagt, óbyggt	Þéttleiki 1-2 hús/ha.
F8	2,5	Mógil	Frístundahúsaloðir í nágrenni Svalbarðseyrar. 2 hús á svæðinu.	Að hámarki 1-2 hús/ha. Lágmarkslóðarstærð um 3.000 m <sup>2</sup>
F9	8,8	Frístundabyggð í landi Gautsstaða	Skógarreitir með tveim frístundahúsum á afmörkuðum lóðum. Óskipulagt.	Uppbygging skv. deiliskipulagi. Þéttleiki verður ákvarðaður í samræmi við meginreglu um þéttleika frístundahúsabygðar.
F10	1,5	Frístundabyggð í landi Tungu	Óskipulagt, óbyggt	3 hús
F11	1,7	Gistiskáli í landi Veigastaða	Skátaskáli	1 hús

Í suðurhluta hreppsins er afmarkað landbúnaðarsvæði L3 í grófum dráttum milli 140 m og 300 m hæðarlínu (m.y.s.) sbr. kafla 4.3.3. Þar verður mögulegt með formlegri breytingu á aðalskipulagi og þar sem aðstæður leyfa, að breyta landnotkun þannig að þar verði frístundabyggð.

#### 4.6 VERSLUNAR OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI

Á svæðum fyrir verslun og þjónustu gætu t.d. verið stærri ferðamannastaðir með fjölbreyttri þjónustu, hótél, ráðstefnusetur, umfangsmikil veitingaþjónusta og bensínstöðvar. Ákveðið svigrúm er fyrir þjónustustarfsemi á landbúnaðarsvæðum sbr. kafla 4.3.2. Uppbygging nýrrar starfsemi á þessu sviði í sveitinni sem er umfram viðmiðun í kafla 4.3.2 krefst breytingar á aðalskipulagi. Á sveitarfélagsuppdrætti má merkja þjónustustarfsemi með hringtákn í viðkomandi lögbýli í stað ákveðinnar landfræðilegrar afmörkunar.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
V1	1,8	Svalbarðseyri, við Þjóðveg	Óskipulagt, óbyggt	Þjónustustarfsemi í tengslum við íbúðarbyggð og stofnana-svæði. Nýtingarhlutfall verður ákvarðað í deiliskipulagi.
V2	0,2	Svalbarðseyri, ferðapjónusta við Smáratún	Gistiheimili í tveim húsum	Óbreytt
V3	-	Sveinbjarnargerði	Hótel og veitingahús	Uppbygging skv. deiliskipulagi
V4	-	Þórisstaðir	Ferðapjónusta	Uppbygging skv. deiliskipulagi
V5 <sup>10</sup>	0,26	Hallandsnes	Ferðapjónusta	Uppbygging skv. deiliskipulagi
V6 <sup>11</sup>	1,4	Sunnuhlíð	Lítt gróinn melur með útihúsi.	Ferðapjónusta, allt að 15 smáhýsi til skammtímaleigu. N: 0,06 (með núv. byggingum). Uppbygging skv. deiliskipulagi.
V7/Íb1 <sup>12</sup>	0,9 <sup>13</sup>	Svalbarðseyri. Eyrin.	Nokkur gömul íbúðarhús sem setja svip á byggðina. Einkenni staðarins.	Breytingar og endurbætur miðist við að viðhalda og styrkja einkenni staðarins. Blönduð landnotkun með íbúðarbyggð. Íbúðarbyggð meginlandnotkun.

#### 4.7 SVÆÐI FYRIR ÞJÓNUSTUSTOFNANIR

Á svæðum fyrir þjónustustofnanir skal fyrst og fremst gera ráð fyrir stofnunum og fyrirtækjum sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, s.s. menntastofnunum, heilbrigðisstofnunum, menningarstofnunum, félagslegum stofnunum, trúarstofnunum, umferðarmiðstöðvum og öðrum þjónustustofnunum ríkis, sveitarfélaga eða annarra aðila.

Gerð er grein fyrir núverandi þjónustustofnunum í kafla 3.3. Engar þjónustustofnanir eru utan þéttbýlis í hreppnum. Svæði fyrir þjónustustofnanir verða eingöngu á Svalbarðseyri. Þar er kirkja, grunnskóli, leikskóli og sundlaug. Líkur eru á að stjórnsýsla hreppsins verði flutt af Eyrinni á svæði S2.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
S1	0,3	Svalbarðskirkja	Fullbyggt. Núverandi sóknarkirkja hreppsins.	Óbreytt
S2	2	Skólasvæði á Svalbarðseyri	Grunnskóli, leikskóli og sundlaug.	Sem næst fullbyggt. Uppbygging skv. deiliskipulagi. Möguleiki á byggingu stjórnsýsluhúss.

<sup>10</sup> Breyting staðfest 02.09.2011.

<sup>11</sup> Nýtt svæði. Breyting staðfest 30.5.2014.

<sup>12</sup> Breyting staðfest 15.10.2012. Númer reits leiðrétt úr V5 í V7 í júní 2014.

<sup>13</sup> Breyting staðfest 07.11.2013.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
S3/Íb3	0,3	Svalbarðseyri. Gamla þinghúsið við Þjóðveg 1.	Íbúðarhús og safnhús með sýningaradstöðu.	Uppbygging miðað við samþykktar teikningar.
S4	-	Viti á Svalbarðseyri	Fullbyggt	Óbreytt

## 4.8 ATHAFNASVÆÐI

Á athafnasvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta er á mengun, s.s. léttum iðnaði, vörugeymslum, hreinlegum verkstæðum m.m. Óljós skil geta því verið milli þess sem skilgreina þarf sem athafnasvæði og starfsemi sem vel getur rúmast innan skilgreiningar fyrir landbúnaðarsvæði s.s. vörugeymslur, verkstæði og úrvinnsluiðnaður sem tengist landbúnaði og búrekstri. Íbúðir eru ekki heimilar á athafnasvæðum.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
A1	2,0	Athafnasvæði á Svalbarðseyri	Ein verkstæðislóð. Að öðru leyti óskipulagt.	Unnið verði deiliskipulag. N=0,4-0,7
A2	1,0	Athafnasvæði á Svalbarðseyri	Gömul hús, að hluta óbyggt svæði	Unnið verði deiliskipulag. N=0,4-0,7
A3	0,6	Setberg í landi Sólbergs	Bílapartavinnsla	Óbreytt
A4	0,4	Höfn II	Athafnasvæði	Nýtingarhlutfall 0,2

## 4.9 IÐNAÐARSVÆÐI

Á iðnaðarsvæðum er gert ráð fyrir umfangsmikilli iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér s.s. verksmiðjum, virkjunum, tengivirkjum, miðlunarlönunum, veitustöðvum, skólpdælu- og hreinsistöðvum, birgðastöðvum fyrir olíur og móttökustöðvum fyrir úrgang. Móttökustöð fyrir flokkaðan úrgang á Svalbarðseyri er skilgreind sem iðnaðarsvæði.

Íbúðir eru ekki heimilar á iðnaðarsvæðum. Utan þéttbýlis eru einungis veitumannvirki afmörkuð sem iðnaðarsvæði, þ.e. miðlunargeymar vatnsveitu, meginendurvarpsstöð útvarps og fjarskiptastöð Flugmálastjórnar á Vaðlaheiði en hvorugt hefur neikvæð eða mengandi áhrif á umhverfi sitt. Staðsetning minni endurvarpsstöðva og fjarskiptabúnaðar verður ekki ákveðin í aðalskipulagi heldur skal uppsetning nýs búnaðar ákvörðuð í deiliskipulagi eða kynnt hagsmunaaðilum með grenndarkynningu. Umfangslítil mannvirki eru merkt með gráum punkti í stað svæðisafmörkunar. Gert er ráð fyrir mannvirkjum vegna fráveitu á Svalbarðseyri og í landi Sólbergs.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
I 1 <sup>14</sup>	1,1 <sup>15</sup>	Iðnaðarsvæði á Svalbarðseyri	Kjötvinnsla	Gert ráð fyrir frekari uppbyggingu skv. deiliskipulagi
I 2	0,8	Iðnaðarsvæði á Svalbarðseyri	Ýmis not	Nýting svæðisins verði skilgreind í deiliskipulagi
I 3	-	Dælustöð hitaveitu á Svalbarðseyri	Fullbyggt	Óbreytt
I 4	1,0	Iðnaðarsvæði á Svalbarðseyri	Er nú blönduð landnotkun	Geymslusvæði og móttöku- og flokkunarstöð fyrir sorp. Uppbygging skv. deiliskipulagi
I 10	-	Miðlunartankur vatnsveitu í landi Brautarholts		Óbreytt
I 11	-	Miðlunartankur vatnsv. í landi Veigastaða		Óbreytt
I 12	-	Endurvarpsstöð á Vaðlaheiði		Óbreytt
I 13	-	Fjarkiptastöð Flugmálastjórnar, Vaðlaheiði		Óbreytt
D		Fráveitumannvirki	Óbyggt	Fráveitumannvirki og hreinsistöðvar. Uppbygging skv. deiliskipulagi

## 4.10 HAFNARSVÆÐI

Á hafnarsvæðum tengist landnotkun fyrst og fremst hafnsækinni starfsemi, s.s. útgerð, fiskvinnslu og starfsemi tengdri sjóflutningum og skipasmíði eða viðgerðum.

[Hafnarsvæðið á Svalbarðseyri (H1) er afmarkað utan við hafnarmannvirki. Flatarmál þess á landi er um 0,7 ha en um 2,3 ha miðað við ytri mörk úti í sjó. Útfærsla hafnarmannvirkja verður ákvörðuð innan þessara marka á lægra skipulagsstigi. Höfnin mun fyrst og fremst nýtast fyrir smábátaútgerð og skemmtibáta. Ekki er gert ráð fyrir íbúðum á hafnarsvæðinu.]<sup>16</sup>

## 4.11 OPIN SVÆÐI TIL SÉRSTAKRA NOTA

Opin svæði til sérstakra nota eru svæði með ákveðið útivistargildi þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjum í tengslum við þá starfsemi sem þar er stunduð, s.s. tjald- og hjólhýsasvæði, skrudgarðar, kirkjugarðar, leiksvæði, golfvöllir, sleða- og skíðasvæði, siglingaaðstaða, hesthús og reidvöllir, rallybrautir og skotvöllir svo og garðlönd og trjáræktarsvæði.

Á Svalbarðseyri eru nokkur opin svæði til sérstakra nota, kirkjugarðar, íþróttasvæði og skrudgarður. Syðst í hreppnum er Vaðlareitur, skógarreitir með mikið útivistargildi. Reiturinn er í einkaeign og er

<sup>14</sup> Breyting staðfest 15.10.2012.

<sup>15</sup> Breyting staðfest 07.11.2013.

<sup>16</sup> Breyting staðfest 07.11.2013.



notkun hans háð ákvörðunum landeigenda. Aðrir skógarreitir teljast ekki hafa gildi sem almennir áfangastaðir og eru því ekki merktir inn á aðalskipulag. Gert er ráð fyrir stækkun kirkjugarðsins á Svalbarði til norðurs.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
<b>O1</b>	0,1	Gamli kirkjugarðurinn á Svalbarði	Gamall kirkjugarður	Óbreytt
<b>O2</b>	0,3	Kirkjugarður á Svalbarði	Kirkjugarður	Gert er ráð fyrir stækkun garðsins um 60 m til norðurs.
<b>O3</b>	0,9	Íþróttasvæði á Svalbarðseyri	Íþróttavöllur	Uppbygging og frágangur skv. deiliskipulagi.
<b>O4</b>	1,2	Útivistarsvæði á Svalbarðseyri	Skógræktarsvæði að hluta.	Almennt útivistarsvæði, skrudgarður.
<b>O5</b>	23	Vaðlareitur	Skógræktarsvæði í landi Veigastaða og Halllands. Bændaskógur.	Skógræktarsvæði með mikið útivistargildi. Reiturinn er í einkaeign og er notkun hans háð ákvörðunum landeigenda.

## 4.12 ÓBYGGÐ SVÆÐI

Heiðin ofan skilgreindra landbúnaðarsvæða er skilgreind sem opið óbyggt svæði. Hún verður eftir sem áður nýtt á hefðbundinn hátt sem óræktað landbúnaðarland til beitar með þeim takmörkunum sem við eiga svo sem um vatnsvernd og gróðurvernd. Þar er ekki gert ráð fyrir neinum mannvirkjum öðrum en núverandi vegum, merktum gönguleiðum og tækjabúnaði vegna fjarskipta sem þar er nú og þörf kann að vera á í framtíðinni.

Afmarkað er u.þ.b. 50 m breitt svæði meðfram ströndinni allri sem óbyggt svæði sbr. grein 4.15.2 í skipulagsreglugerð (2. mgr.). Þar sem ræktuð tún eru nær strönd miðast afmörkun landbúnaðarlands við þau. Hefðbundnar landbúnaðarnytjar verða áfram heimilaðar eins og hingað til en að jafnaði skal vera um 50 m og greið og óhindruð leið opin almenningi með ströndinni hvarvetna þar sem landslag leyfir. Ekki er gert ráð fyrir nýjum tünnum, skógrækt eða íbúðarlóðum nær strönd en 50 m.

Á nokkrum stöðum í Vaðlaheiði ofan byggðar og áformaðra byggingarsvæða er tækjabúnaður vegna fjarskipta og endurvarpsbúnaður fyrir útvarp og sjónvarp. Heimilt er að setja upp endurvarpsstöðvar og tækjahús þeim tengd á opnum óbyggðum svæðum í samræmi við byggingarleyfi og framkvæmdaleyfi þar sem það á við. Tekið skal tillit til nálægrar byggðar og áform um uppsetningu slíkra mannvirkja kynnt nágrönnum og hagsmunaaðilum með grenndarkynningu. Miðað er við að líftími tækjabúnaðar á þessu sviði sé breytilegur og jafnvel tiltölulega skammur og því hvorki gert ráð fyrir stórum né varanlegum mannvirkjum í þessu sambandi. Ef þörf verður fyrir umfangsmikil, varanleg mannvirki fyrir slíkan tækjubúnað ber að skilgreina þau í aðalskipulagi eins og gert er vegna endurvarpsstöðvar og fjarskiptastöðvar uppi á Vaðlaheiði sbr. kafla 4.10.

## 4.13 EFNISTÖKUSVÆÐI

Í aðalskipulagi skal gerð grein fyrir þeim svæðum þar sem fram fer og fyrirhuguð er efnistaka s.s. malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða vikurnám. Öll efnistaka er háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar svo og ákvæðum skipulags- og byggingarlaga (73/1997 með síðari breytingum) og VI. kafla laga um náttúruvernd (44/1999). Ný efnistökusvæði kunna að falla undir ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga veitir starfsleyfi fyrir vinnslu jarðefna sbr. reglugerð nr. 785/1999.

[Eitt efnistökusvæði, N1, er í sveitarfélaginu. Ný efnistökusvæði þurfa að vera í samræmi við aðalskipulag.<sup>17</sup>Möl er m.a. sótt í námu við Þverá í Eyjafjarðarsveit og Laufás í Grýtubakkahreppi. Efnisnám, önnur en minni háttar efnistaka landeigenda til eigin nota, verður ekki heimilað af sjávarbotni innan netlaga, þ.e. 115 m fjarlægðar frá stróstraumsfjöruborði sbr. lög nr. 73/1990.

Eiganda eða umráðamanni eignarlands er heimil minni háttar efnistaka til eigin nota nema um sé að ræða jarðmyndanir og og vistkerfi skv. 37. gr. laga um náttúruvernd eða svæði sem eru friðlýst eða njóta annarrar verndar skv. kafla 5.1 Náttúruvernd.

Stefnt er að því að heildarumfang og skipulag efnistökusvæða verði unnið í svæðisskipulagi Eyjafjarðar.

## 4.14 SORPFÖRGUN

Ekkert sorpförgunarsvæði er í Svalbarðsstrandarhreppi. Hreppurinn er aðili að Flokkun Eyjafjörður ehf. Sorp er nú urðað á Glerárdal skv. starfsleyfi til 1. júlí 2009. Um sorphirðu gildir m.a. samþykkt um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000.

Svalbarðsstrandarhreppur hefur samþykkt svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs í Eyjafirði, sem gildir fyrir tímabilið 2005-2020. Megintilgangur svæðisáætlunarinnar er að draga markvisst úr myndun úrgangs og auka endurnotkun og endurnýtingu í Eyjafirði. Við gerð hennar var landsáætlun (UST apríl 2004) höfð til hliðsjónar og byggt á markmiðum hennar.

Svalbarðsstrandarhreppur er aðili að uppbyggingu jarðgerðarstöðvar Moltu ehf. í Eyjafjarðarsveit, sem mun vinna moltu úr lífrænum úrgangi sem til fellur í hreppnum.

Stefnt er að því að komið verði upp fullkomnum urðunarstað á Eyjafjarðarsvæðinu í stað urðunarsvæðis á Glerárdal. Einnig verði opnaðir 2-3 urðunarstaðir á Eyjafjarðarsvæðinu fyrir óvirkan úrgang s.s. steinsteypu, grjót, hreinan jarðveg og gler.

Í svæðisáætluninni eru sett fram mælanleg og tímasett markmið um sorpförgun á svæðinu. Stefnt að umfangsmikilli endurvinnslu og flokkun þannig að umfang úrgangsefna sem þarf að farga og urða

---

<sup>17</sup> Breyting á aðalskipulagi, staðfest 08.05.2009



verði sem minnst. Einnig er stefnt að fræðslu auk rannsóknar- og tilraunavinnu á þessu sviði. Áætlunin verður endurskoðuð á þriggja ára fresti.

#### 4.15 VÖTN, ÁR OG SJÓR

Sjór við botn Eyjafjarðar, Pollurinn, telst viðkvæmur viðtaki miðað við skilgreiningu reglugerðar um fráveitur og skólp en út með ströndinni að austanverðu verður sjórinn talinn síður viðkvæmur viðtaki. Stefnt er að því að strandlengja Svalbarðsstrandarhrepps verði í flokki B (lítið snortið vatn) sbr. skilgreiningu í 9. og 10. greinum reglugerðar um varnir gegn mengun vatns.

Engin stór vatnsföll eru í sveitarfélaginu. Veigastaðavatn er uppi á Vaðlaheiði og tjarnir eru innan við sjávarmölina á Svalbarðseyri.

Fjallað er um vötn, ár og sjó í kafla 5.3 Verndarsvæði sjávar, vatna og neysluvatns.

#### 4.16 SJÓVARNARGARÐAR

Gerður hefur verið um 200-250 m langur sjóvarnargarður norðan vitans á Svalbarðseyri til varnar landbroti. Garðurinn er innan svæðis sem nýtur hverfisverndar. Innan hans verður gönguleið meðfram Svalbarðstjörn.



*Svalbarðstjörn*

## 5 TAKMÖRKUN Á LANDNOTKUN

### 5.1 NÁTTÚRUVERNDARSVÆÐI

#### 5.1.1 NÁTTÚRUVERNDARSVÆÐI OG SÉRSTÖK VERND

Náttúruverndarsvæði skulu afmörkuð í samræmi við lög nr. 44/1999 um náttúruvernd. Í lögnum er m.a. fjallað um friðlýstar náttúruminjar sem skiptast í 5 flokka:

1. þjóðgarða
2. friðlönd
3. náttúruvætti á landi
4. friðlýstar lífverur, búsvæði og vistkerfi
5. fólkvanga

Auk þess eru önnur svæði og náttúrumyndanir sem eru á náttúruminjaskrá. Engin svæði innan marka sveitarfélagsins hafa verið friðlýst eða sett á náttúruminjaskrá. Í Náttúruverndaráætlun 2004-2008 eru ekki tilgreind nein svæði innan marka Svalbarðsstrandarhrepps.

Eftirtaldar jarðmyndanir og vistkerfi njóta sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr. náttúruverndarlaga og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er:

- a. eldvörp, gervigígar og eldhraun
- b. stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m<sup>2</sup> að stærð eða stærri
- c. mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri
- d. fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðurbreiður, 100 m<sup>2</sup> að stærð eða stærri
- e. sjávarfitjar og leirur

Veigastaðavatn er um 120.000 m<sup>2</sup> og fellur því undir ákvæði 37. greinar náttúruverndarlaga. Tungutjörn og Svalbarðstjörn á Svalbarðseyri eru um 11.000 m<sup>2</sup> hvor um sig og eiga ákvæði sömu greinar um þær en auk þess njóta tjarnirnar hverfisverndar sbr. kafla 5.1.2. Uppi á Vaðlaheiði eru nokkur votlendissvæði yfir viðmiðunarmörkum. Mest allt votlendi á láglendi hefur verið ræst fram og þær mýrar og votlendi, sem eftir eru, eru ofan byggðar og ræktarlanda. Ekki verður gengið frekar á votlendi með framkvæmdum eða framræslu en orðið er. Aðrar ofantalinna jarðmyndana og vistkerfa teljast ekki vera innan marka sveitarfélagsins.

#### 5.1.2 HVERFISVERND VEGNA NÁTTÚRUFARS

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum er sveitarstjórn mögulegt að setja fram stefnu og skilyrði um vernd náttúruminja, menningarsögulegra svæða eða bygginga vegna náttúrulegs eða menningarlegs gildis. Hér er um að ræða svo nefnda hverfisvernd sem ekki felur í sér lögformlega friðun. Í aðalskipulagi skal þá gera grein fyrir hvaða þættir í umhverfi viðkomandi svæðis skulu njóta forgangs

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001, IV. kafla, segir m.a.:

9. grein: *Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á ... Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 11. gr.*

10. grein: *Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins. ....*

11. grein: *.....Friðlýsingu fornleifa skal þinglýsa sem kvöð á landareign þá sem í hlut á. Þeim minjum, sem friðlýstar eru, skal fylgja 20 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum fornleifa og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Um stærra svæði skal leita samþykkis landeiganda. Friðlýstar fornleifar skulu færðar á skipulagskort. Fornleifar, sem friðlýstar hafa verið samkvæmt eldri lögum, skulu njóta friðlýsingar áfram.*

12. grein: *Hver sá sem verður var við að fornleifar liggi undir skemmdum skal gera Fornleifavernd ríkisins viðvart. Ef fyrir-sjáanlegt er að minjastaður spillist vegna breyttrar landnotkunar eða framkvæmda skal viðkomandi sveitarfélag eða framkvæmdar-aðili gera Fornleifavernd ríkisins viðvart með hæfilegum fyrirvara. Fornleifavernd ríkisins ákveður að höfðu samráði við Náttúruvernd ríkisins [Umhverfisstofnun] hvort rannsóknar er þörf, hvort friðlýsa beri viðkomandi stað eða hvort fornleifarnar megi víkja og þá með hvaða skilmálum.*

13. grein: *Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.*

14. grein: *Nú telur landeigandi, ábúandi eða einhver annar, þar á meðal sá sem stjórnar opinberum framkvæmdum, að hann þurfi að gera jarðrask, svo sem vegna vegagerðar, veitulagnar, framræslu eða skógræktar, er haggð geti við fornleifum og skal hann þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá því áður en hafist er handa við verkið. Lýst skal nákvæmlega breytingum þeim er af framkvæmd mundi leiða. Fornleifavernd ríkisins ákveður hvort og hvenær framkvæmd megi hefja og með hvaða skilmálum.*

og tiltekinnar verndar. Ennfremur hvaða réttindi og kvaðir eru samfara hverfisvernd fyrir stjórnvöld og íbúa um landnotkun og framkvæmdir. Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir tveim hverfisverndarsvæðum.

Hluti Eyrarinnar á Svalbarðseyri nýtur hverfisverndar vegna náttúrfars og útivistargildis. Verndarsvæðið nær yfir ströndina frá hafnarvæði og um 1 km til norðurs. Innan þess eru tvær tjarnir og votlendi. Allar hefðbundnar nytjar landsins verða áfram heimilar en efnistaka verður óheimil svo og jarðrask annað en vegna stígagerðar og varnargarða til þess að verjast landbroti. Innan verndarsvæðisins verða engar byggingar aðrar en Svalbarðseyravit, sem þar stendur, og hugsanlega minni háttar mannvirki vegna útrásar fráveitu.

Knarrarnes nýtur hverfisverndar vegna útivistargildis og sem minjastaður sbr. kafla 5.2.2. Allar hefðbundnar nytjar verða áfram heimilar. Fornminjar njóta verndar sbr. ákvæði þjóðminjalaga.

## 5.2 ÞJÓÐMINJAVERND

### 5.2.1 ALMENNAR FORSENDUR

Þjóðminjaverndarsvæði taka til svæða þar sem eru friðlýstar fornminjar, þekktar fornleifar eða friðuð hús samkvæmt þjóðminjalögum. Skytt er að skrá fornleifar áður en gengið er frá skipulagi, sbr. gr. 3.2 þjóðminjalaga. Fornleifaskráning skal taka mið af nákvæmni viðkomandi skipulagsstigs. Frekari skráning fer eftir atvikum fram í tengslum við gerð deiliskipulags eða þar sem mannvirkjagerð er fyrirhuguð.

Um þjóðminjar gilda skýr og ströng lagaákvæði og er röskun þeirra með öllu óheimil án leyfis Fornleifaverndar ríkisins. Framkvæmdum skal beina frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Fornleifavernd ríkisins um framkvæmdir með fyrirvara og getur stofnunin krafist þess að þeim sé frestað uns fornleifarannsókn hafi farið fram. Þeir sem standa fyrir meiri háttar framkvæmdum bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna.

Merking fornleifa á skipulagsuppdrætti hefur fyrst og fremst þann tilgang að koma í veg fyrir að merking minjastöðum verði spillt t.d. vegna vankunnáttu eða athugunarleysis og að tekið verði mið af þeim við skipulag og framkvæmdir. Stefna ber að því að fornleifaskrá verði aðgengileg framkvæmdaaðilum og hönnuðum á hnitsettum kortagrunni í sama tilgangi.

### 5.2.2 FORNLEIFAR Í SVALBARÐSSTRANDARHREPPI

Engar friðlýstar fornleifar eru í Svalbarðstrandarhreppi. Fornleifaskráningu í hreppnum var lokið 2005<sup>18</sup>. Alls voru skráðar 315 fornleifar í hreppnum. Í minjaskránni eru allir minjastaðir merktir inn á loftmynd og hnattstaða þeirra tilgreind eftir GPS mælingu.

Í niðurstöðum skýrslunnar er bent á sjö minjastaði sem ástæða er til að gæta sérstaklega að og eru þeir merktir inn á skipulagsuppdrátt. Óheimilt er að raska þeim á nokkurn hátt og skal haft samráð við

<sup>18</sup> Fornleifar í Svalbarðsstrandarhreppi, Fornleifastofnun Íslands FS279-04181, Reykjavík 2005, Sædís Gunnarsdóttir.

Fornleifavernd ríkisins vegna framkvæmda í næsta nágrenni þeirra. Enn fremur skal hafa hliðsjón af fornleifaskránni allri við skipulagsgerð og undirbúning framkvæmda þannig að komist verði hjá óþarfa röskun minjastaða.

- Þ1. Beitarhúsatóftir í landi Veigastaða.
- Þ2. Bæjarhóllinn að Meyjarhóli. Framhús enn uppstandandi. Mikið varðveislugildi sökum þess hve lítið er varðveitt af óskemmdum bæjarhólum í sveitinni. Uppgert hefði framhúsið ákveðið kynningargildi.
- Þ3. Sigluvík, rannsóknargildi vegna beinafundar.
- Þ4. Sólheimar í landi Svalbarðs, greinilegar tóftir af býli og/eða seli. Eitt af fáum dæmum á svæðinu.
- Þ5. Tóftir í landi Gautsstaða. Heillegt minjasvæði með sérstakt rannsóknargildi og kynningargildi vegna nálægðar við þjóðveg 1.
- Þ6. Staður þar sem mannabein fundust í túni Leifshúsa, mikið rannsóknar- og varðveislugildi.
- Þ7. Knarrarnes í landi Garðsvíkur. Lending beggja vegna nessins, vel varðveitt, hlaðin sjóbúð sem þyrfti að friðlýsa og merkja.

### 5.2.3 HÚSAFRIDUN

Um friðuð hús gilda ákvæði laga nr. 104/2001 um húsafriðun. Sérstaklega eiga við greinar 9-15. Þar segir m.a. (hluti 9. gr.):

- a. Óheimilt er að gera nokkrar breytingar á friðaðri húseign án leyfis húsafriðunarnefndar.
- b. Við endurbætur og viðhald friðaðra fasteigna skal leitað álits og samþykkis húsafriðunarnefndar. Leyfi nefndarinnar þarf til að setja skilti eða aðrar áletranir á friðuð hús.

Ekkert hús í hreppnum hefur verið friðað eða fellur undir aldursákvæði laga um húsfriðun sem miðast við byggingar byggðar fyrir 1850 og kirkjur byggðar fyrir 1918. Nokkur hús á Svalbarðseyri eru byggð fyrir 1918. Eigendum þeirra er skylt að leita álits húsafriðunarnefndar ef þeir hyggjast breyta húsi sínu, flytja það eða rífa (6. gr. laga um húsfriðun).

Gamli bærinn á Meyjarhóli, torfhús og framhús úr timbri byggt 1915, er enn uppstandandi að hluta. Húsið er mjög illa farið og að hruni komið. Ekki verða sett sérstök ákvæði í aðalskipulagi um vernd hússins umfram almenn lagaákvæði en mælt eindregið til þess að því verði sómi sýndur með endurbyggingu og nýtingu.

Í Garðsvík og í Leifshúsum eru tvö sérstæð steinsteypt íbúðarhús frá fyrri hluta 20. aldar. Annað húsanna er nýtt sem gripahús og virðist í nokkurri niðurníðslu en hitt er nýtt til íbúðar og sýnist í góðu ástandi. Húsin voru hönnuð af Halldóri Halldórssyni arkitekt og má telja til íslenskrar steinsteypuklassíkur með ákveðnu yfirbragði jugend-stíls. Sams konar hús er á Krossum á Árkógsströnd og gamli prestbústaðurinn á Skútustöðum í Mývatnssveit er sömu ættar. Ekki verða sett sérstök ákvæði í aðalskipulagi um vernd húsanna en mælt eindregið til þess að þeim verði sómi



Garðsvík



Leifshús

sýndur með viðgerðum og viðeigandi nýtingu enda er um að ræða merkar byggingar sem eru hluti af byggingarlistarsögu landsins.

Víða eru bæjarhús í sveitinni myndarleg, sérstaklega gömul steipt íbúðarhús sem eru í ætt við íslenska steinsteypuklassík, oft hvít með rauðum þökum og útihús í sömu litum. Litavalið setur sterkan svip á sveitina og gæti gefið tilefni til ákveðinnar samstöðu sem styrkt gæti jákvæð einkenni byggðarinnar.

## 5.3 VERNDARSVÆÐI SJÁVAR, VATNA OG NEYSLUVATNS

### 5.3.1 SKILGREINING VATNSGÆÐA OG FLOKKUN VATNS

Hér eru skilgreind svæði sem njóta verndar í samræmi við ákvæði reglugerðar um varnir gegn mengun vatns (796/1999) svo og vatnsverndarsvæði sem skulu flokkuð í brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði, sbr. ákvæði reglugerðar um neysluvatn (536/2001).

Grunnvatn og yfirborðsvatn, þar á meðal sjór við strendur, skal flokkað eftir forsendum 9. og 10. greinar reglugerðar um varnir gegn mengun vatns í eftirtalda flokka:

Flokkur A:	Ósnortið vatn
Flokkur B:	Lítið snortið vatn
Flokkur C:	Nokkuð snortið vatn
Flokkur D:	Verulega snortið vatn
Flokkur E:	Ófullnægjandi vatn

Verndarsvæði vegna mengunar í ám og vötnum eru svæði sem njóta verndar í samræmi við ákvæði reglugerðar um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999. Í samræmi við þau og ákvæði skipulagsreglugerðar eru sett langtímamarkmið um ástand strandsvæða.

Sjór við botn Eyjafjarðar, Pollurinn, er hér talinn viðkvæmur viðtaki miðað við skilgreiningu reglugerðar um fráveitur og skólþ en út með Svalbarðsströnd verður sjórinn talinn síður viðkvæmur viðtaki miðað við sömu reglugerð. Ástand sjávar t.d. undan Svalbarðseyri telst gott sbr. kafla 6.2.2 um fráveitu. Stefnt er að því að strandlengjan verði í flokki B (lítið snortið vatn) sbr. skilgreiningu í 9. og 10. greinum reglugerðar um varnir gegn mengun vatns. Engin stór vatnsföll eru í sveitarfélaginu. Veigastaðavatn er uppi á Vaðlaheiði og tjarnir eru innan við sjávarkambinn á Svalbarðseyri.

Um vatnasvæði gilda eftirtalin verndarákvæði til varnar mengun:

- Stefnt er að því að strandlengjan verði í flokki B (lítið snortið vatn) sbr. skilgreiningu í 9. og 10. greinum reglugerðar um varnir gegn mengun vatns.
- Öll vötn og tjarnir eru felld undir flokk A, ósnortið vatn. Þessi svæði hafa öll verndargildi vegna fuglalífs og gróðurfars auk þess sem sum þeirra hafa ákveðið útivistargildi. Kanna skal ástand Svalbarðstjarnar vegna hugsanlegrar mengunar frá gamalli fráveitu og vinna aðgerðaáætlun ef ástæða þykir til.

Í III. Kafla 9. gr. reglugerðar nr. 536/2001 um neysluvatn segir.:

*“Umhverfis hvert vatnsból skal heilbrigðisnefnd ákvarða vatnsverndarsvæði sem skiptist í brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði, sbr. reglugerð um varnir gegn mengun vatns. Brunnsvæði skal vera algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar. Heilbrigðisnefnd skal, þar sem þörf krefur, krefjast þess að svæðið skuli girt gripa- og mannheldri girðingu, sem sé minnst 5 metra frá vatnsbóli.*

*Vatnsveitur skulu gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir að vatnsból spillist. Sama gildir um aðra staði s.s. ár eða læki þar sem vatn er tekið til neyslu. Skyld er að tilkynna heilbrigðisnefnd tafarlaust ef vitað er um mengun á vatni í vatnsbólum eða dreifikerfi.*

*Um varnir gegn mengun vatnsbóla gildir að öðru leyti ákvæði reglugerðar um varnir gegn mengun vatns” nr. 796-1999.*

- c. Stefnt er að því að sveitarstjórn (heilbrigðisnefnd), í samvinnu við Heilbrigðiseftirlit og Umhverfisstofnun, meti ástand vatnasvæða í sveitarfélaginu og setji viðmiðunarmörk vegna gerlamengunar og áburðarefna.

### 5.3.2 VERNDARSVÆÐI VATNSBÓLA

Um vatnsverndarsvæði gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn nr. 536/2001 og reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999 með s.

Meginvatnsból og vatnsverndarsvæði eru tvö; ofan Garðsvíkur og Halllands. Auk þess er vatnsból og vatnsverndarsvæði í Dálkstaðafjalli. Á upprætti eru sýnd brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði vatnsbólanna. Auk þeirra hafa einkavatnsveitur á býlunum Efri og Neðri Dálkstöðum, Gautstöðum og Breiðabóli fengið starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra.

- a. Allar framkvæmdir á vatnsverndarsvæðum eru háðar leyfi heilbrigðisnefndar og lúta eftirliti heilbrigðiseftirlits.
- b. Engin byggð, hvorki íbúðarbyggð né frístundabyggð verður innan vatnsverndarsvæða.
- c. Umferð vélknúinna ökutækja skal takmörkuð á grannsvæðum vatnsbóla og skal afmörkun verndarsvæða merkt við nauðsynlegar akstursleiðir og gerð grein fyrir viðbúnaðaráætlun vegna hugsanlegra óhappa sem valdið gætu mengun grunnvatns.
- d. Öll skotveiði er óheimil innan grannsvæða vatnsbóla.

Hugsanlegt er að gerð ganga undir Vaðlaheiði hafi áhrif á vatnsból í landi Halllands. Talið er að bregðast megi við hugsanlega minnkandi vatnsrennsli úr vatnsbólunum með borholum og/eða virkjun vatns úr jarðgöngunum. Gert er ráð fyrir nýrri stofnlögn frá vatnsveitunni í norðurhluta hreppsins suður að Sólbergi m.a. til þess að geta mætt hugsanlegri truflun á vatnsöflun í Halllandslindum.


## 5.4 SVÆÐI UNDIR NÁTTÚRUVÁ

Í kafla 4.18 í skipulagsreglugerð er fjallað um svæði undir náttúruvá. Svæði undir náttúruvá eru svæði þar sem hætta er talin stafa af náttúruhamförum, s.s. snjóflóðum, skriðuföllum, sjávarflóðum, vatnsflóðum, jarðskjálftum, eldvirkni eða óveðrum. Í svæðis- og aðalskipulagi skal auðkenna og gera grein fyrir svæðum undir náttúruvá, staðsetningu þeirra, hvaða landnotkun er fyrirhuguð á svæðunum og hvaða reglur gilda á hverju þeirra um umgengni og mannvirkjagerð. Jafnframt skal gera grein fyrir þegar byggðum og fyrirhuguðum varnarvirkjum. Í deiliskipulagi skal síðan útfæra þetta nánar, m.a. skilyrði um styrkingu og útfærslu mannvirkja.

Svæði undir náttúruvá hafa ekki verið kortlögð sérstaklega í sveitarfélaginu og er ekki talin ástæða til að afmarka sérstaklega hættusvæði vegna náttúruhamfara innan sveitarfélagsmarka.

Hætta á árflóðum er tiltölulega lítil í Svalbarðsstrandarhreppi. Sjávarflóð hafa orðið á Svalbarðseyri og stundum valdið tjóni. Sjóvarnargarður hefur verið gerður á norðanverðri Svalbarðseyri til varnar sjávarflóðum. Ofanflóð eru talsvert algeng og er þá bæði um að ræða snjóflóð og aur- og skriðuföll.





Þekktir staðir þar sem ofanflóð hafa fallið eru Garðsvík og Sveinbjarnargerði þar sem fallið hafa aurskriður svo og undir Hallandsklettum. Snjóflóð hafa fallið í Faxafalli. Meta skal hættu á ofanflóðum skv. lögum nr. 49/1997 við gerð deiliskipulags og afgreiðslu einstakra byggingar- og framkvæmdaleyfisumsókna á svæðum þar sem hugsanlegt er að hætta sé á slíkum flóðum. Aurflóð og skriður gætu valdið skemmdum á vatnsbólum og lögnum og ber að hafa áhættuna í huga í sambandi við rekstur vatnsveitunnar. Ekki eru taldar líkur á að vatnsból skemmist til frambúðar vegna skriðufalla þótt mannvirki laskist.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um sprungur eða misgengi sem gefa tilefni til að merkt verði inn á skipulagsupprátt. Hafishætta gefur ekki tilefni til sérstakra ákvæða eða viðbúnaðar í aðalskipulagi.

#### 5.4.1 JARÐSKJÁLFTAR

Skjálftasvæðum Íslands hefur verið skipt niður í fimm hönnunarhröðunarsvæði þar sem taldar eru 10% líkur á jarðskjálfta af ákveðinni stærðargráðu á 50 ára tímabili. Hæsti áhættuflokkurinn hefur hönnunarhröðunina  $a_g = 0,4$  (0,4g) en það er 40% af þyngdarhröðuninni. Næsti áhættuflokkurinn hefur hönnunarhröðunina 0,3g. Síðan koma 0,2g, 0,15g og að lokum 0,1g. Við hönnun á mannvirkjum er því notast við fyrrnefnda hönnunarhröðun hvers svæðis. Svalbarðsstrandarhreppur flokkast í álagssvæði 1 og 2, þ.e. hönnunarhröðun 0,10g og 0,15g og markalína svæðanna dregin á aðalskipulagsupprætti. Slík markalína er dregin með talsverðum skekkjumörkum og ber því að miða við hönnunarhröðunina 0,15g á meginhluta skipulagssvæðisins.<sup>19</sup>

<sup>19</sup> Staðlaráð Íslands, Íslenskur staðall, Eurocode 8.

## 6 SAMGÖNGUR OG VEITUR

### 6.1 SAMGÖNGUR

#### 6.1.1 VEGAKERFI UTAN ÞÉTTBÝLIS

Vegagerðin styðst við flokkun þjóðvega í stofnvegi, tengivegi, héraðsvegi og landsvegi. Auk þeirra eru sveitarfélagsvegir (gatankerfi í þéttbýli), almennir stígar og einkavegir<sup>20</sup>. Stofnvegir eru meginsamgönguleiðir milli þéttbýlisstaða og landssvæða. Tengivegir (tengibrautir innan þéttbýlis) tengja helstu áfangastaði við stofnveganetið. Saman mynda stofnvegir og tengivegir meginumferðarkerfi bæja og landssvæða og skulu þeir sýndir í aðalskipulagi. Í aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps eru einnig sýndir „aðrir vegir“ þar sem nauðsynlegt er talið að gera grein fyrir núverandi og áætluðum vegum óháð flokkun eða eignarhaldi.

Után þéttbýlis eru landnotkunarreitir almennt afmarkaðir 30 m frá miðlínu stofnvega og 15 m frá miðlínu tengivega og annarra vega en nær þar sem slíkt hefur nú þegar verið staðfest í aðalskipulagi. Að jafnaði skal miðað við að ekki verði byggt nær stofnvegum en 100 m. Byggt er nú víða nær vegum en almenn viðmiðun segir til um. Stefnt er að því að ný byggt verði almennt ekki nær miðlínu tengivega í dreifbýli en 100 m og 50 m frá öðrum vegum sbr. ákvæði skipulagsreglugerðar (gr. 4.16.2). Mörk landnotkunarreita og lóða geta þó verið nær. Frávik, þar sem aðstæður leyfa m.a. með tilliti til umferðaröryggis og hljóðvistar skulu einungis heimiluð í samráði við veghaldara.

Halda skal tengingum við stofnvegi í lágmarki. Ný hús á bújörðum nýti fyrst og fremst núverandi heimreiðar þannig að tengingum við þjóðveg verði ekki fjölgað. Miðað er við að sunnan Vaðlaheiðarganga verði einungis tvinn gatnamót, þ.e. við Veigastaðaveg og við breyttan núverandi þjóðveg 1 norður Svalbarðsströnd. Auk þeirra verða áfram tveir útsýnisstaðir með bílastæðum í Vaðlareit gegnt Akureyri.

Eftirtaldir vegir eru sýndir á sveitarfélagsupprætti:

Vegnúmer	Heiti	Vegflokkur
1	Hringvegur	Stofnvegur
Nýr vegur	Vaðlaheiðargöng	Stofnvegur
828	Veigastaðavegur	Tengivegur, héraðsvegur <sup>21</sup>
83	Grenivíkurvegur	Tengivegur
832	Vaðlaheiðarvegur	Landsvegur, merktur „aðrir vegir“

Gert er ráð fyrir breyttum þjóðvegi nr.1 og göngum undir Vaðlaheiði yfir í Fnjóskadal. Göngin eru ekki fullhönnuð en eru sýnd á skipulagsupprætti samkvæmt þeim drögum sem lágu fyrir við gerð skipulagsins. Minni háttar frávik frá veglínu krefst ekki breytingar á aðalskipulagi. Göngin koma í stað

<sup>20</sup> Vegalög nr. 80/2007

<sup>21</sup> Breyting staðfest 09.10.2013



Á þjóðvegi 1


#### UMFERÐARTÖLUR 2006 (VEGAGERÐIN)

	ÁDU	SDU	VDU
Hringvegur frá Eyjafjarðarbraut eystri að Veigastaðavegi	2.092	2.988	1.408
Hringvegur frá Veigastaðavegi að Svalbarðseyrarvegi	1.839	2.633	1.241
Hringvegur frá Svalbarðseyrarvegi að Grenivíkurvegi	1.393	1.993	939
Hringvegur yfir Víkurskarð	1.041	1.652	647
Veigastaðavegur frá hringvegi að Eyjafjarðarbraut eystri	201	326	133
Vaðlaheiðarvegur frá Veigastaðavegi að Illugastaðavegi	5	13	0
Svalbarðseyrarvegur frá hringvegi að fyrstu götu	517	744	349
Svalbarðseyrarvegur frá fyrstu götu að hafnarsvæði	556	798	375

ÁDU: Ársdagsumferð er meðalumerð á dag yfir árið

SDU: Sumardagsumferð er meðalumerð á dag mánuðina júní, júlí, ágúst og september

VDU: Vetrardagsumferð er meðalumerð á dag mánuðina janúar, febrúar, mars og desember



### UMFERÐARTÖLUR – EINFÖLDUÐ YFIRLITSMYND

Umferðarmagn á vegum í Svalbarðstrandarhreppi og nágrenni (ÁDU – gróf nálgun). Tölurnar sýna grófaætlaða umferð nú og áætlaða umferð eftir opnun ganganna, þar sem það á við. Áætlað er að umferð um Víkurskarð aukist um 4% árlega fram að opnun þeirra, þá flyst hún yfir í göngin og er áætluð aukning um 25% fyrsta árið, 10% annað árið, 3,5% þriðja árið og um 2% á ári eftir það.



Á Svalbarðseyri

vegar yfir Víkurskarð og styttr hringveginn milli Eyjafjarðar og Fnjóskadals um 16 km. Víkurskarð er í 325 m hæð, allbrattar og langar brekkur beggja megin og hefur vegurinn reynst erfiður, sérstaklega að vetrarlagi. Þar verður oft mjög hált og getur gert slæm veður þó færð og veður í byggð sé góð.<sup>22</sup>

Ekki verður gert ráð fyrir neinum nýjum vegum eða slóðum utan byggðar í aðalskipulaginu. Akvegur (sumarvegur) verður áfram um gamla Vaðlaheiðarveginn (832). Slóðagerð t.d. vegna landbúnaðar er háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar.

### 6.1.2 GATNAKERFI Á SVALBARÐSEYRI

Á þéttbýlisupprætti Svalbarðseyrar er sýndur Svalbarðseyrarvegur nr. 830 frá Þjóðvegi niður að höfn auk vegar sem flokkaður er sem aðrir vegir. Þar er um að ræða safngötu frá Svalbarðseyrarvegi ofanverðum um nýtt íbúðarsvæði norðan núverandi byggðar og niður á Eyrina. Gatnakerfi Svalbarðseyrar er að öðru leyti sýnt sem hluti grunnkorts. Utfærsla þess svo og nákvæm lega vegar sem sýndur er sem „aðrir vegir“ verður skilgreind í deiliskipulagi.

Eftirtaldir vegir eru sýndir á þéttbýlisupprætti Svalbarðseyrar:

Vegnúmer	Heiti	Vegflokkur
830	Svalbarðseyrarvegur að höfn	Tengivegur
Nýr vegur	Safnvegur um nýja íbúðarbyggð	Aðrir vegir

### 6.1.3 UMFERÐARHÁVAÐI OG LOFTGÆÐI

Ekki liggur fyrir kortlagning hávaða samkvæmt ákvæðum reglugerðar um kortlagningu hávaða og aðgerðaráætlanir nr. 1000/2005. Umferð um Þjóðveg 1 er nú langt undir viðmiðunarmörkum reglugerðarinnar um það umferðarmagn á vegum sem gefur tilefni til gerðar hávaðakorta fyrir nærliggjandi þéttbýli og verður mun minna eftir opnun Vaðlaheiðarganga. Umferð á Svalbarðseyri er lítil og því líkur á að íbúðarbyggð sé þar undir viðmiðunargildum reglugerða um hljóðstig. Vöruf lutningar að og frá fyrirtækjum á Eyrinni fara um tiltölulega bratta aðkomuleið ofan íbúðarbyggðarinnar og gæti verið ástæða til þess að meta sérstaklega þörf á hjóðvörn meðfram veginum hennar vegna. Hjóðstig er einnig háð umferðarhraða og gæti því verið ástæða til þess lækka hámarksökuhraða.

Loftgæði á Svalbarðseyri hafa ekki verið rannsökuð og gefur umferðin þar væntanlega ekki tilefni til sérstakra aðgerða vegna loftmengunar og svifryks. Hins vegar er lyktarmengun frá atvinnustarfsemi á eyrinni (reykhús) sem berst með vindi og eru ríkjandi vindáttir þannig að hennar gæti lítið eða ekki í íbúðarbyggðinni.

<sup>22</sup> Jarðgöng undir Vaðlaheiði ásamt vegtenginum, kynning framkvæmdar, Greið leið ehf. júní 2006

#### 6.1.4 STÍGAKERFI

##### GÖNGULEIÐIR OG HJÓLREIÐASTÍGAR

Á skipulagsuppdrætti eru eingöngu sýndar megin gönguleiðir, þ.e. útivistarleiðir utan þéttbýlis. Gönguleiðir, gamlar og nýjar, eru mikilvægar fyrir almenning og ferðaþjónustu á svæðinu. Samgönguleiðir með sögulegan bakgrunn (alfaraleiðir fyrir bílaöld) geta haft meira aðdráttarafl fyrir stóran hóp ferðafólks og útivistarfólks en stikaðar leiðir um óbyggðir. Slíkar leiðir verða æ mikilvægari eftir því sem frístundabyggð vex í hreppnum. Lögð skal áhersla á skráningu og kortlagningu gamalla samgönguleiða og stefnt er að því að þær verði opnar gangandi, hjólandi og ríðandi ferðamönnum, allt eftir aðstæðum á hverri leið og í samráði við viðkomandi landeigendur.

Gömul leið, nokkru ofan og sunnan Vaðlaheiðarvegur, er merkt sem gönguleið. Leitast verði við að opna almenna gönguleið um Ranann á milli Svalbarðseyrar og Vaðlaheiðarvegur. Einnig eru sýndar gönguleiðir um Þórisstaðaskarð, á Gautsstaðahnúk og að Menntaskólavörðu.

Gert er ráð fyrir göngu- og hjólaleið um sveitarfélagið endilangt með fram þjóðvegi. Leitað skal samráðs við Vegagerðina um útfærslu og gerð leiðarinnar.

Á Svalbarðseyri er gert ráð fyrir gönguleið meðfram ströndinni og um opið svæði upp í gegn um byggðina að gönguleiðinni upp Ranann upp á Vaðlaheiðarveg. Aðrar gönguleiðir eru gangstéttir meðfram húsagötum og öðrum götum sem ekki eru sýndar sérstaklega á aðalskipulagsuppdrætti.

##### REIÐLEIÐIR

Á skipulagsuppdrætti er sýnd reiðleið frá sveitarfélagsmörkum Eyjafjarðarsveitar eftir gömlum vegslóða ofan byggðar til norðurs upp Vaðlaheiði að gamla Vaðlaheiðarveginum og eftir honum til austurs yfir í Fnjóskadal. Einnig er sýnd reiðleið uppi á heiðinni norður Hrossadal að Víkurskarði. Reiðleiðir fjarri hraðri umferð eru mikilvægar fyrir vaxandi ferðaþjónustu á Eyjafjarðarsvæðinu og er því ekki gert ráð fyrir megin reiðleið meðfram þjóðvegi 1 eins og sýnt var í svæðisskipulagi Eyjafjarðar.

## 6.2 VEITUR

Í reglugerð um neysluvatn (536/2001) og reglugerð um varnir gegn mengun vatns (796/1999 með síðari breytingum (533/2001)) er gerð grein fyrir reglum sem gilda um vatnsveitur, vatnsból og verndarsvæði umhverfis þau. Um rotþrær gilda ákvæði reglugerðar um fráveitur og skólp (798/1999) og reglugerðar um meðhöndlun seyru (799/1999). Sjá nánar kafla 5.3.

Á skipulagsuppdrætti eru núverandi og fyrirhugaðar stofnlagnir veitukerfa sýndar. Við skipulag landnotkunar, t.d. vegna byggðar, skal taka mið af legu veitukerfa og hafa samráð við viðkomandi veitufyrirtæki ef líkur eru á að framkvæmdir eða fyrirhugð landnýting geti haft áhrif á legu eða útfærslu þeirra.

### 6.2.1 VATNSVEITA

Gerð er grein fyrir verndarsvæðum vatnsbóla og ákvæðum um þau í kafla 5.3.2. 1. janúar 2006 tók Norðurorka hf. við rekstri vatnsveitu Svalbarðsstrandarhrepps en hreppurinn seldi fyrirtækinu eignir og vatnsréttindi veitunnar. Vatnsveitan nær til Svalbarðseyrar og hluta býla á norðurströndinni og Halllandsveitu, sem þjónar suðurhluta sveitarfélagsins að Litla-Hvammi.

Helstu vatnsból eru sýnd og afmörkun vatnsverndarsvæða þeirra. Stofnlagnir vatnsveitu eru sýndar á aðalskipulagsupprætti. Auk þeirra hafa einkavatnsveitur á Breiðabóli og Dálkstaðaveita, sem þjónar býlunum Efri- og Neðri-Dálkstöðum og Gautstöðum, fengið starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra og eru brunnsvæði þeirra sýnd á skipulagsupprætti. Aurflóð og skriður gætu valdið skemmdum á vatnsbólum og lögnum og ber að hafa áhættuna í huga í sambandi við rekstur vatnsveitunnar. Ekki eru taldar líkur á að vatnsból skemmist til frambúðar vegna skriðufalla þótt mannvirki laskist.

Jarðgöng undir Vaðlaheiði gætu dregið úr vatnsgæfni linda við Hallland. Talið er að bregðast megi við hugsanlegu minnkandi vatnsrennsli úr vatnsbólunum með borholum og/eða virkjun vatns úr göngunum.<sup>23</sup> Gert er ráð fyrir nýrri stofnlögn frá vatnsveitunni í norðurhluta hreppsins suður að Sólbergi m.a. til þess að geta mætt hugsanlegri truflun á vatnsöflun í Halllandslindum.

### 6.2.2 FRÁVEITA

Eitt fráveitukerfi er á Svalbarðseyri með einni útrás u.þ.b. 50 m út frá meðalstórstraumsfjöruborði. Skolp er ekki hreinsað en mælingar sýna gott ástand sjávar undan strönd Svalbarðseyrar. Stefnt er að því að unnin verði áætlun um frekari uppbyggingu fráveitukerfis fyrir árslok 2008. Miðað skal við að saurmengun í strandsjó við Svalbarðseyri verði áfram undir viðmiðunarmörkum reglugerðar um fráveitur og skolp (798/1999), þ.e. undir 100 saurkóligerlar pr. 100 ml þar sem viðtaki telst viðkvæmur þótt sjór við strönd Svalbarðseyrar teljist síður viðkvæmur. Hugsanlegt er að þörf verði fyrir minni háttar mannvirki vegna fráveitukerfis innan hverfisverndarsvæðis á Svalbarðseyri. Slík mannvirki verða skilgreind í deiliskipulagi og aðalskipulagi með breytingu, ef með þarf, þegar áætlanir liggja fyrir.

Á undanförnum árum hefur verið gert átak í því að húseigendur utan þéttbýlis komi fráveitumálum í fullnægjandi horf miðað við ákvæði reglugerðar um fráveitur og skolp (798/1999). Nær öll íbúðarbyggð uppfyllir nú þau skilyrði. Einnig verður lögð áhersla á að eigendur frístundahúsa uppfylli ákvæði reglugerðarinnar. Gert er ráð fyrir hreinsimannvirki (grófhreinsun) og útrás fráveitu frá byggð í landi Sólbergs.

Í deiliskipulagi íbúðarbyggðar og frístundabyggðar í sveitinni svo og við undirbúning að byggingu stakra húsa skal gera grein fyrir fráveitumálum í samræmi við lög og reglugerðir og þess gætt að rotþróm og síubeðum verði þannig fyrir komið að ekki valdi óþægindum eða skaða með lykt eða sigvatni. Á nýjum byggingarsvæðum skal leitast við að sameina fráveitu í stærri rotþrær og er stefnt að því að meginlínur fráveitumála í suðurhluta hreppsins verði skilgreindar í heildarskipulagi eða ramma-skipulagi svæðisins og þær útfæðrar nánar í deiliskipulagi. Leita skal samræmdra lausna fyrir samfelld

<sup>23</sup> Jarðgöng undir Vaðlaheiði, kynning framkvæmda. Pétur Þór Jónasson, Greið leið ehf, júní 2006.

svæði frekar en stök hús. Einnig verði hugað að öðrum möguleikum á lausn fráveitumála. Stefnt er að því að fráveita frá byggð hafi engin neikvæð áhrif á gæði sjávar við innanverðan Eyjafjörð og skal útfærsla fráveitukerfa miðast við það.

Í gildi er samþykkt um losun rotþróa á starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra nr. 671/2003. Gámaþjónustan sér um þjónustu vegna rotþróa og förgun seyru skv. samningi og starfsleyfi.

### **6.2.3 HITAVEITA**

Svalbarðsstrandarhreppur seldi Norðurorku hf. allar eignir og samningsbundin réttindi Hitaveitu Svalbarðsstrandar árið 2003. Norðurorka hefur lagt hitaveitu um allt sveitarfélagið og er stofnlögn veitunnar sýnd á aðalskipulagsupprætti. Ekki er þörf á að sýna nýjar hitaveitulagnir í aðalskipulagi og má því leggja þær án breytingar á aðalskipulagi.

### **6.2.4 RAFVEITA**

#### **FLUTNINGSKERFI**

Laxárlína, 66 kV flutningslína í eigu Landsnets, liggur frá Laxárvirkjun yfir Vaðlaheiði um Geldingsárskarð að tengivirki við Rangárvelli á Akureyri.

Um flutningslínur yfir 45 kV gilda ákvæði ÍST EN 50341-1:2001 ásamt íslenska viðaukanum ÍST EN 50341-3-12:2001. Í þeim felst byggingarbann á helgunarsvæði þeirra, þ.e. á landinu í næsta nágrenni við línurnar. Dæmigerð breidd á helgunarsvæði 66 kV línu er um 25 m. Við gerð skipulags svæða sem Laxárlína liggur um, skal haft samráð við Landsnet þannig að fyllsta öryggis verði gætt. Helgunarsvæði línunnar skal skilgreint í rammaskipulagi og/eða deiliskipulagi og þar greint frá þeim takmörkunum á landnotkun sem gilda innan þess.

#### **DREIFIKERFI**

Raforka til neytenda kemur um dreifikerfi Rarik frá aðveitustöð fyrirtækisins á Rangárvöllum á Akureyri. Raflíurnar (11 kV) eru að hluta loftlínur en talsverður hluti þeirra hefur verið lagður í jörð. Vænta má að með tímanum (viðhald og endurnýjun) verði loftlínur dreifikerfisins lagðar í jörð og er miðað við að svo verði gert með nýjar raflínur. Lega jarðstrengja verður ekki sýnd nákvæmlega í aðalskipulagi. Á upprætti eru núverandi stofnstrengir og -línur sýndar miðað við stöðu 2006.

Þrjár spennistöðvar eru fyrir þéttbýliskjarnann á Svalbarðseyri en þær eru ekki sýndar sérstaklega á aðalskipulagsupprætti. Nýjar spennistöðvar verða skilgreindar í deiliskipulagi viðkomandi svæða.

### **6.2.5 FJARSKIPTI**

Allt dreifikerfi Símans er komið í jörðu svo og ljósleiðarakerfið. Ljósleiðari liggur að endurvarpsstöðinni á Vaðlaheiði (I12) og ljósleiðari hefur verið lagður af fyrirtækinu Tengi ehf. eftir byggðinni endilangri og norður til Genivíkur. Ljósleiðari Landsnets liggur frá Fljótsdal um Kröflu, Bjarnarflag og Laxárvirkjun yfir Vaðlaheiði að aðveitustöð á Rangárvöllum á Akureyri. Innan Svalbarðsstrandarhrepps liggur hann frá Steinsskarði á Vaðlaheiði suður að Varðgjárvötum.

upprætti. Staðsetning minni endurvarpsstöðva og fjarskiptabúnaðar verður ekki ákveðin í aðalskipulagi heldur skal uppsetning nýs búnaðar ákvörðuð í deiliskipulagi eða kynnt hagsmunaaðilum með grenndarkynningu. Lagning fjarskiptalagna í jörð meðfram vegum og stígum, verður heimil án breytingar á aðalskipulagi.



## 7 MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

### 7.1 MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM SKIPULAGSÁÆTLUNAR

Samkvæmt 3. grein laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 gilda ákvæði laganna um þær skipulagsáætlanir, sem marka stefnu um leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Þær áætlanir skulu vera undirbúnar og/eða samþykktar af stjórnvöldum og unnar samkvæmt lögum eða ákvörðun ráðherra.

Í aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps er ekki gert ráð fyrir öðrum framkvæmdum, sem kunna að vera háðar mati á áhrifum á umhverfið, en Vaðlaheiðargöngum. Skýrsla um gangagerðina var unnin í tengslum við tilkynningu um verkið til Skipulagsstofnunar í samræmi við lagaákvæði.<sup>24</sup> Skipulagsstofnun ákvarðaði 20. september 2006 að framkvæmdin væri ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Vaðlaheiðargöng voru skilgreind í svæðisskipulagi Eyjafjarðar 1998-2018, sem fellt var úr gildi 2007, svo og í samgönguáætlun 2008-2010.

Einhverjar framkvæmdir aðrar gætu komið til álita innan hreppsins að breyttu aðalskipulagi sem væru matsskyldar skv. 1. viðauka laganna (106/2000) eða væru tilkynningarskyldar skv. 2. viðauka þeirra. Engar forsendur eru á þessu stigi til þess að gera nánari grein fyrir slíkum möguleikum enda verði farið með viðkomandi mál í samræmi við ákvæði laga.<sup>25</sup>

Ákvæði laganna um umhverfismat áætlana nær því til aðalskipulags Svalbarðsstrandarhrepps að því marki sem gerð Vaðlaheiðarganga gefur tilefni til. Fjallað er um umhverfisáhrif annarra þátta skipulagsins eftir því sem talið er eiga við.



### 7.2 UMHVERFISSKÝRSLA

#### a) Helstu stefnumið og tengsl við aðrar áætlanir

##### STEFNA

Gerð er grein fyrir stefnu fyrir nýtt aðalskipulag í 2. kafla greinargerðar. Þar er fyrst og fremst lögð áhersla á fjölbreytta búsetukosti í góðum tengslum við umhverfi og náttúru svo og öflugt atvinnulíf sem meðal annars byggist á hefðbundnum landbúnaði.

Auk almennra markmiða um ólíka þætti aðalskipulagsins er sett stefna um nýtingu góðs landbúnaðarlands í samræmi við meginmarkmið jarðalaga og stefna um byggð í suðurhluta sveitarinnar vegna ásóknar í búsetu þar. Í aðalskipulaginu er litið á gott landbúnaðarland í mið- og norðurhluta hreppsins sem auðlind. Markmið um nýtingu þess eru sett til þess að komið verði í veg fyrir að

<sup>24</sup> Jarðgöng undir Vaðlaheiði ásamt veggtingum, kynning framkvæmda, Greið leið ehf. júní 2006

<sup>25</sup> Sjá nánar viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum 106/2000



möguleikar á nýtingu slíks lands til framleiðslu á matvælum verði skertir með óafturkræfri landnotkun sem t.d. felst í mikilli byggð eða skógrækt.

Sett eru ákvæði um að öll skógræktaráform (önnur en ræktun heimilisgarða og minni skrúðgarða) verði tilkynningarskyld til sveitarstjórnar.

## **STAÐARDAGSKRÁ 21**

Í ársbyrjun 2006 var framkvæmdaáætlun Svalbarðsstrandarhrepps í umhverfismálum, Staðardagskrá 21 fyrir Svalbarðsstrandarhrepp, samþykkt í sveitarstjórn. Þar er m.a. lögð áhersla á úrgangsmál, samgöngur, útivist og neysluvatn. Með markmiðum og ákvæðum aðalskipulagsins er leitast við að byggð hafi ekki neikvæð áhrif á umhverfi sitt. Stuðlað er að minnkun á umfangi sorps með flokkun og endurvinnslu og afmarkað sérstakt svæði til þeirra nota á Svalbarðseyri.

## **SKIPULAG ANNARRA SVEITARFÉLAGA**

Sveitarfélagsmörk liggja að Grýtubakkahreppi, Þingeyjarsveit og Eyjafjarðarsveit. Lega núverandi þjóðvega er eini þátturinn, sem er sameiginlegur skipulagi Grýtubakkahrepps (aðalskipulag hefur ekki verið unnið fyrir allt sveitarfélagið) og er engin breyting þar á önnur en breytt umferðarmagn yfir Víkurskarð í kjölfar væntanlegra Vaðlaheiðarganga.

Byggðir í Svalbarðsstrandarhreppi og Eyjafjarðarsveit liggja saman á sveitarfélagsmörkum. Akvegir verða óbreyttir og reiðleiðir hafa verið samræmdar sbr. athugasemdir Eyjafjarðarsveitar við drög að aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps.

Mörk við Þingeyjarsveit eru uppi á Vaðlaheiði. Þar felast sameiginlegar skipulagslínur í gamla Vaðlaheiðarveginum og ljósleiðara auk merktra gönguleiða (engin ný mannvirki). Eystri munn Vaðlaheiðarganga verður í Fnjóskadal í Þingeyjarsveit og þarf því að gera ráð fyrir þeim í nýju aðalskipulagi sveitarinnar. Göngin voru skilgreind í svæðisskipulagi Eyjafjarðar, sem felld var úr gildi 2007 og samræming skipulagslína því þegar fyrir hendi.

## **LANDSÁÆTLANIR**

Vaðlaheiðargöng eru á samgönguáætlun 2008-2010 og er aðalskipulagið í samræmi við hana. Hvorki er gert ráð fyrir öðrum nýjum vegum né hafnarmannvirkjum í hreppnum í samgönguáætlun.

Engin svæði innan sveitarfélagsins hafa verið friðlýst, sett á náttúruvinnjaskrá eða tilgreind í Náttúruverndaráætlun 2004-2008.

## **b) Umfang og „núllkostur”**

Umfang aðalskipulagsins markast af sveitarfélagsmörkum.

Við framfylgd aðalskipulagsins má ætla að breytingar verði á bílaumferð um núverandi þjóðveg 1 eftir sveitarfélaginu sbr. umfjöllun í 6. kafla, að land í suðurhluta sveitarfélagsins verði byggt að hluta og áfram verði stundaður hefðbundinn landbúnaður í norðurhluta þess.

Verði Vaðlaheiðargöng ekki gerð má ætla að umferðarálag á núverandi þjóðvegi 1 aukist hægt og bitandi með tilheyrandi óþægindum og óöryggi bæði gagnvart innansveitarumferð og almennri umferð.

Jafnframt verður viðvarandi truflun á vetrarsamgöngum milli Eyjafjarðar og Þingeyjarsýslu vegna veðurfars á Víkurskarði. Stöðvist uppbygging byggðar í suðurhluta sveitarfélagsins verður ástand þar að öllum líkindum óbreytt en hugsanlegt er að rýrt landbúnaðarland falli að hluta í órækt. Verði heimiluð byggð á góðu landbúnaðarlandi í norðurhluta sveitarfélagsins er einhver fjárhagslegur ávinningur landeigenda þar hugsanlegur til skamms tíma vegna uppskiptingar og sölu lands undir byggð en jafnframt að aðstæður til framleiðslu búvöru geti versnað.

### **c) Umhverfispættir, sem orðið geta fyrir áhrifum við framkvæmd áætlunarinnar**

Jarðgöng undir Vaðlaheiði gætu dregið úr vatnsgæfni neysluvatnslinda í landi Halllands. Talið er að bregðast megi við hugsanlegu minnkandi vatnsrennsli úr vatnsbólunum með borholum og/eða virkjun vatns úr göngunum. Norðurorka, sem rekur vatnsveitu hreppsins, hefur viðbúnað til þess að bregðast við hugsanlegum breytingum á vatnsbólunum á framkvæmdatíma.

Umferðaröryggi mun verða meira á vegum í Svalbarðsstrandarhreppi eftir tilkomu ganganna vegna minni umferðar um núverandi þjóðveg 1. Göngin munu hafa góð áhrif á samfélagslega þætti s.s. samgöngur, viðskipti og atvinnusókn milli Þingeyjarsýslu og Eyjafjarðar. Á skýringarmynd í kafla 6.1.1 er greining á líklegum áhrifum Vaðlaheiðarganga á umferð í sveitarfélaginu.

Áhrif af nýrri byggð eru þekkt, fyrirsjáanleg og oft á tíðum augljós. Nýrri byggð í sveitinni þarf að þjóna með fráveitukerfi eða rotþróm, sem uppfylla skilyrði viðkomandi reglugerðarákvæða. Önnur veitukerfi hafa sem næst engin áhrif á umhverfi sitt.

### **d) Umhverfisvandamál, svæði með sérstakt náttúruverndargildi**

Sjá liði a) og c).

### **e) Umhverfisverndarmarkmið stjórnvalda**

Ekki er talið að umhverfisverndarmarkmið stjórnvalda eigi sérstaklega við einstaka þætti aðalskipulagsins. Stefna sveitarstjórnar um nýtingu góðs landbúnaðarlands til búvöruframleiðslu styður við meginatvinnugrein sveitarfélagsins og er í samræmi við meginmarkmið jarðalaga nr 81/2004.

### **f) Líkleg umhverfisáhrif, valkostir**

Jarðgöng undir Vaðlaheiði í Svalbarðsstrandarhreppi og Þingeyjarsveit eru ekki talin líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Gerð hefur verið grein fyrir hugsanlegum áhrifum á vatnsból (sjá lið c). Efni, sem úr göngunum kemur verður að hluta nýtt til tengdra vegaframkvæmda en að öðru leyti til verkefna annars staðar. Ekki var litið til annarra valkosta við útfærslu vegakerfis en Vaðlaheiðarganga, sem þegar voru komin inn í aðrar áætlanir.

Við stefnumótum um landnotkun og byggð var bæði fjallað um nýtingu landbúnaðarlands og ásókn í búsetu til sveita án tengsla við landbúnað. Í stað stjórnlausrar byggðapróunar, gjarnan mótaðri af stundarhagsmunum landeigenda, var litið til landgæða, landslags og staðháttá. Tiltölulega skýr mörk eru milli svæða í því tilliti. Unnið var í samræmi við skýrt meginmarkmið jarðalaga á þeim hluta hreppsins, þar sem aðstæður til landbúnaðar eru sérstaklega góðar. Með skilgreiningu ferns konar

landbúnaðarsvæða er leitast við að stýra búsetuþróun í sveitinni með hliðsjón af staðháttum og bregðast þannig við ákveðnu skipulagsleysi, sem einkennt hefur uppbyggingu slíkrar byggðar um land allt. Nákvæm greining valkosta var ekki sett fram sérstaklega en ólíkir valkostir ræddir af skipulagsnefnd og sveitarstjórn.

Ekki er gert ráð fyrir skógrækt innan sveitarfélagsmarka í því umfangi að falli undir lög um mat á umhverfisáhrifum.

Með stefnu um stækkun íbúðarbyggðar á Svalbarðseyri verður leitast við að móta heillega bæjarmynd og gefa kost á íbúðum í nábýli við grunnskóla og leikskóla. Íbúðarbyggð þar er að stórum hluta háð atvinnusókn annað, þ.e. háð bílaumferð. Nálægð við stofnanir ætti að fela í sér minni ferðatíðni en í byggðinni í sveitinni auk þess sem auðveldara ætti að vera að þjóna henni með almenningsamgöngum en sveitabyggðinni. Ný íbúðarbyggð á Svalbarðseyri verður á góðu landbúnaðarlandi en tengsl við þá þjónustu, stofnanir og byggð sem fyrir er er talin réttlæta þá ráðstöfun. Þess má vænta að framboð á sérþýlishúsalóðum á Svalbarðseyri (sólríkar útsýnislóðir) muni að einhverju leyti koma til móts við þá, sem annars sæktu eftir búsetu í sveitinni og er henni ætlað að draga úr eftirspurn eftir íbúðarlóðum þar.

### **g) Mótvægisáðgerðir**

Ekki er talin þörf á viðbúnaði eða mótvægisáðgerðum vegna framfylgdar aðalskipulagsins. Talin er þörf á gerð rammaskipulags um suðurhluta hreppsins, þar sem frekari byggð er möguleg. Í rammaskipulagi þarf að fjalla nánar um fráveitumál og leitast við að samræma áðgerðir og mannvirki eftir því sem kostur er.

### **h) Val skipulagskosta, vinnuaðferð**

Vinnu við gerð aðalskipulags Svalbarðsstrandarhrepps var nánast lokið þegar lög um umhverfismat áætlana tóku gildi. Lokafrágangur tafðist og féll skipulagsgerðin því undir ákvæði laganna. Af þessum sökum var skipulagstillagan ekki unnin með hliðsjón af lögnum eða leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um umhverfismat áætlana. Ekki var þörf á að velja milli ólíkra skipulagskosta sem áttu við framkvæmdir eða verkefni, sem heyra undir lög um mat á umhverfisáhrifum. Sjá þó lið f).

Mat á áhrifum áætlunarinnar var, eftir því sem við átti, unnið af skipulagsnefnd, sveitarstjóra og skipulagsráðgjafa.

### **i) Vöktun**

Fylgjast þarf með vatnsbólum jafnhliða gerð Vaðlaheiðarganga. Norðurorka rekur vatnsveitu hreppsins og sér um þá vöktun.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra fylgist með ástandi fráveitumála og gæðum sjávar við ströndina.



*Knarrarnes*

## j) Samantekt

Áætlunin felur ekki í sér framkvæmdir sem líklegar eru til að valda umtalsverðum neikvæðum umhverfisáhrifum. Viðbúnaður er vegna hugsanlegra áhrifa af gerð Vaðlaheiðarganga á vatnsból en göngin munu hafa jákvæð áhrif á umferðaröryggi í sveitarfélaginu. Sjá að öðru leyti stafliði a) – i).

### 7.3 ÁHRIFAMAT/UMHVERFISSKÝRSLA VEGNA BREYTINGA<sup>26</sup>

#### 7.3.1 EFNISVINNLSVÆÐI Í LANDI SIGLUVÍKUR. BREYTING STAÐFEST 08.05.2009.

Ekki er gert ráð fyrir efnistökusvæðum í aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps. Ný efnistökusvæði krefjast breytingar á aðalskipulagi. Breytingin hefur ekki áhrif á aðrar skipulagsáætlanir.

Staðarval ræðst af góðu aðgengi, nálægð við markaðssvæði og því að klöppin er talin góð í burðarlagsefni.

Engir aðgengilegir malartökustaðir eru í sveitarfélaginu og ekki um annað að ræða en klapparnámur. Núllkostur er að opna aðra námu eða stækka eldri í öðru sveitarfélagi. Krossanesnáma á Akureyri fer að verða fullnýtt, þ.a. vöntun verður á klapparnámum á svæðinu, en almennt er unnið efni úr klapparnámum betra en úr mól.

Svæðið hefur ekki sérstakt náttúruverndargildi.

Umhverfisáhrif verða breyting á landslagi og að framkvæmdin verður sýnileg á vinnslutíma. Til lengri tíma verður minni snjóöfnun á Hringvegi sunnan núverandi klapparholts og hætta á slysum vegna útafaksturs minnkar. Nýta má námuna sem losunarsvæði fyrir jarðveg sem jafnað verður út við lokafrágang.

Með því að skipta námunni í tvo áfanga og byrja fjær Hringvegi, er dregið úr sjónrænum áhrifum á vinnslutíma og hjóðvist við íbúðarhús í Sigluvík sem er í um 360 m fjarlægð.

#### 7.3.2 LANDNOTKUN Á HALLLANDSNEI. BREYTING STAÐFEST 02.09.2011.

Breytingin er ekki talin hafa teljandi áhrif á umhverfi sitt, þ.e. nýtingu landbúnaðarlands eða ásýnd lands, umfram það sem þegar er orðið. Svæðið þykir jafnframt henta vel fyrir ferðaþjónustu vegna útsýnis og nálægðar við mikilvægar samgönguæðar.

Skv. fornminjaskrá sem unnin var af Forleifastofnun Íslands fyrir sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps árið 2005 eru fornminjar á svæðinu sem gæta þarf sérstaklega að (SP-004.007-010 og SP-004.018).

---

<sup>26</sup> Nýr kafli, júní 2014

### **7.3.3 SKILMÁLABREYTING, KAFLAR 4.4.2 ÍBÚÐARBYGGÐ Í SVEITINNI OG 4.5.1 FRÍSTUNDABYGGÐ F1-F7. BREYTING STAÐFEST 02.09.2011.**

Breytingarnar eru ekki taldar hafa teljandi áhrif á landnýtingu eða ásynd lands. Áhrif breytinganna á hagsmuni aðila eru talin vera lítil, enda verður þeim áfram heimilt að hafna frávikum frá meginreglu aðalskipulags, telji þeir slíka undanþágu andstæða hagsmunum sínum.

### **7.3.4 ÍBÚÐARSVÆÐI Í LANDI HALLLANDS. BREYTING STAÐFEST 15.10.2012.**

Breytt landnotkun á umræddri spildu er í góðu samræmi við þá byggð sem þegar er gert ráð fyrir á svæðinu í aðalskipulagi. Þannig liggur spildan að íbúðarsvæði Íb 14, Vaðlabrekku, og er í beinm tengslum við aðra íbúðarbyggð.

Áhrif breytinganna á hagsmuni annarra eru talin vera óveruleg, enda er byggð á spildunni ekki talin skerða útsýni, valda skuggavarpum eða öðru óhaggræði gagnvart nágrennum.

Breytingin óveruleg, raskar hvorki náttúru né menningarminjum. Engir skráðir minjastaðir eru á svæðinu, sem breytt er.

### **7.3.5 HAFNARSVÆÐI Á SVALBARÐSEYRI. BREYTING STAÐFEST 15.10.2012.**

Áhrif breytinganna á umhverfi og hagsmuni íbúa og fyrirtækja eru talin jákvæð. Með breytingu á legu Svalbarðseyrarvegur er fallið frá umtalsverðum breytingum á umhverfi Eyrarinnar. Breyting á afmörkun hafnarsvæðis auðveldar minni háttar framkvæmdir á svæðinu. Aðalskipulagsbreytingin hefur óveruleg áhrif á umhverfið og raskar hvorki náttúru né menningarminjum. Engir skráðir minjastaðir eru á svæðinu, sem breytt er.

### **7.3.6 SVALBARÐSEYRI (MÖRK IÐNAÐARSVÆÐIS). BREYTING STAÐFEST 07.11.2013.**

Aukin þörf er fyrir iðnaðar- og athafnasvæði á Eyrinni. Ekki er talin mikil eftirspurn eftir íbúðarlóðum á svæðnu auk þess sem stefnt er að uppbyggingu íbúðarbyggðar annars staðar á Svalbarðseyri.

Áhrif breytinganna á umhverfi og hagsmuni íbúa og fyrirtækja eru talin jákvæð þar sem stuðlað er að varðveislu byggingar, sem er mikilvæg í bæjarmyndinni og forsendur atvinnurekstrar á svæðinu eru bættar. Aðalskipulagsbreytingin hefur óveruleg áhrif á umhverfið og raskar hvorki náttúru né menningarminjum. Engir skráðir minjastaðir eru á svæðinu, sem breytt er.

### **7.3.7 VEIGASTAÐAVEGUR FRÁ VAÐLAHEIÐARVEGI AÐ SVEITARFÉLAGSMÖRKUM. BREYTING STAÐFEST 09.10.2013.**

Breytingin á við skilgreiningu á flokkun vega og felur ekki í sér heimild til framkvæmda. Með breytingunni færast hluti Veigastaðavegar niður um vegflokk, sem felur í sér mildari kröfur gagnvart nálægri byggð.

Áhrif breytinganna á hagsmuni annarra en sveitarfélags og Vegagerðar eru talin vera óveruleg eða jákvæð.

Breytingin er óveruleg og hefur engin áhrif á umhverfi, náttúrufar eða minjar.

### **7.3.8 VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI Í SUNNUHLÍÐ. STAÐFEST 30.5.2014.**

Breytingin varðar lítt gróinn mel sem ekki hefur verið nytjaður og er því ekki talin hafa áhrif á nýtingu landbúnaðarlands.

Þar sem breytingin á við lítt gróið og rýrt land, sem ekki hefur verið nytjað til landbúnaðar, er hún ekki talin stangast á við meginlandnotkun á landbúnaðarsvæði L1 sbr. kafla **4.3.1 Almenn atriði** og **4.3.2 Landbúnaðarsvæði L1**. Jafnframt er breytingin í samræmi við ákvæði um uppbyggingu í ferðaþjónustu sem sett eru fram í kafla **4.3.2 Landbúnaðarsvæði L1**.“

Breytingin felur ekki í sér verulegar breytingar á landnotkun. Hún nær til lítils svæðis og er ekki líkleg til að hafa áhrif á aðra en landeigendur og eigendur íbúðar- og frístundahúsa í landi Sunnuhlíðar. Sveitarstjórn telur breytinguna vera óverulega og falla undir 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga.

## 8 BREYTINGAR FRÁ GILDANDI SKIPULAGSÁÆTLUNUM

### 8.1 BREYTINGAR FRÁ AÐALSKIPULAGI SVALBARÐSTRANDARHREPPS, 1994-2014.

#### Breytingar á framsetningu

- Allt land innan sveitarfélagsmarka er sýnt á sveitarfélagsuppdrætti.
- Mælikvarði sveitarfélagsuppráttar verður 1:20.000 í stað 1:15.000.
- Þéttbýlismörk afmörkuð. Innan þeirra gildir þéttbýlisuppráttur skipulagsins sem settur er fram í mkv. 1:10.000 í stað 1:5.000 áður.
- Framsetningu og litanotkun er breytt frá því sem áður var til samræmis við skipulagsreglugerð frá 1998.
- Ræktað land, tún og skógræktarsvæði eru ekki sýnd sérstaklega heldur verða þau hluti landbúnaðarsvæðis. Einungis skógræktarreitir með útivistargildi eru sýndir á aðalskipulagi sem opin svæði til sérstakra nota.
- Lögbylí eru ekki merkt sérstaklega. Þau sjást einungis á grunnkortum og með staðarheiti.
- Stök íbúðarhús og frístundahús eru ekki sýnd á skipulagsuppdrætti. Einungis svæði með fjórum húsum eða fleiri eru afmörkuð. Núverandi byggingar sjást á grunnkortum.
- Helstu vatnsverndarsvæði sýnd á skipulagsuppdrætti.
- Veitumannvirki merkt sem iðnaðarsvæði í stað stofnanasvæða.
- Afmörkun landnotkunarreitna einfölduð á nokkrum stöðum.
- Stofnvegir, tengivegir, safngata í þéttbýli og landsvegur (Vaðlaheiðarvegur) eru skilgreindir á aðalskipulagi. Aðrir vegir sjást á grunnkortum og verða ekki skilgreindir í aðalskipulagi.

#### Breytingar á landnotkun og þjónustukerfum í sveitinni

- Sett eru fram ákveðin markmið um meginþætti aðalskipulagsins, m.a. um byggð og nýtingu landbúnaðarlands.
- Landbúnaðarlandi er skipt í fernt. Í norðurhluta hreppsins er svæði L1, gott landbúnaðarland þar sem taka skal mið af meginmarkmiði um varðveislu góðs landbúnaðarlands við umfjöllun og ákvörðun um breytta landnotkun. Í suðurhlutanum eru svæði L2 og L3 þar sem hugsanlegt er að landnotkun verði breytt þannig að byggð rísi þar sem aðstæður leyfa og að breyttu

aðalskipulagi. Ofan svæðis L1 er svæði merkt L4, neðan 300 hæðarlínu, sem hvorki hentar til ræktunar né byggðar.

- Gert er ráð fyrir að Kotabyggð og Vaðlaborgir B þróist yfir í íbúðarbyggð.
- Vaðlaheiðargöng eru sýnd skv. fyrirbyggjandi drögum.
- Göngu- og hjólaleið meðfram þjóðvegi 1. Reiðleið eftir gömlum vegslóða upp á Vaðlaheiði. Stígakerfi endurskoðað og sýnt á skipulagsuppdrætti.
- Verslunar- og þjónustusvæði felld út við Húsabrekku. Núverandi landnotkun (ferðaþjónusta) rúmast innan þess svigrúms sem sett er um landnotkun á landbúnaðarsvæðum.
- Hverfisvernd á Knarrarnesi.

### **Breytingar á landnotkun og þjónustukerfum á Svalbarðseyri**

- Afmörkun stofnanasvæðis við skóla breytt lítillega.
- Afmörkun nýrrar íbúðarbyggðar í norðurhluta þorpsins breytt.
- Legu safngötu um nýja íbúðarbyggð í norðurhluta breytt.
- Athafnasvæði á Eyrinni stækkað til austurs.
- Iðnaðarsvæði á Eyrinni stækkað til austurs. Tengivegur að höfn færður vestur fyrir iðnaðarsvæðið. Verslun, þjónusta og stofnanir felldar út. Íbúðarlóðir merktar sérstaklega.
- Íþróttavallarsvæði minnkað lítillega.
- Kirkjugarður stækkaður til norðurs og vesturs.
- Gamla Þinghúsið merkt sem blanda stofnanasvæðis og íbúðarsvæðis.
- Skilgreind hverfisvernd á Eyrinni og eftir sjávarkambinum norður fyrir tjarnirnar.
- Sjóvarnargarður sýndur á Eyrinni.
- Hafnarsvæði afmarkað. Var áður sýnt sem iðnaðarsvæði.
- Hafnargörðum breytt.
- Ger ráð fyrir fáveitumannvirkjum.



## 9 KYNNING, UMFJÖLLUN OG SAMÞYKKT

- Almennur kynningarfundur var haldinn í Valsárskóla 30. mars 2006. Kynnt var stefnumörkun sveitarstjórnar, helstu forsendur og drög að aðalskipulagi, landnotkun og skipulagsákvæðum.
- Drög að aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps voru send lögboðnum umsagnaraðilum og aðliggjandi sveitarfélögum til umsagnar í júní 2006.

Athugasemdir bárust frá eftirtöldum aðilum:

Aths. dags.

### Opinberar stofnanir og fyrirtæki:

Landsnet	13. júlí 2006
Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra	14. júlí 2006
Siglingastofnun	19. júlí 2006
Hafnasamlag Norðurlands	20. júlí 2006
Vegagerðin	21. júlí 2006
Veðurstofa Íslands	24. júlí 2006
Rarik	26. júlí 2006
Landbúnaðarráðuneytið	27. júlí 2006
Umhverfisstofnun	22. ágúst 2006

### Sveitarfélög:

Akureyrarbær	12. júlí 2006
Eyjafjarðarsveit	25. júlí 2006
Þingeyjarsveit	27. júlí 2006

Greingargerð og skipulagsuppdrætti var breytt í samræmis við þær athugasemdir og ábendingar sem tilefni gáfu til breytinga sbr. yfirlit dags. 26.10.2006.

- Tillaga að aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps 2005-2017 var send Skipulagsstofnun til yfirferðar 15. nóv. 2006. Svar barst dags. 13. desember 2006. Athugasemdir gáfu tilefni til breytinga á framsetningu skipulagsuppdráttar auk nokkurra annarra lagfæringa.
- Nokkrir þættir skipulagstillögunnar voru teknir til nánari skoðunar og endurskoðuð tillaga lögð fram til umræðu í mars 2008.
- Óskað var samráðs við Skipulagsstofnun um umfang og áherslur í umhverfismati áætlunarinnar 25. febrúar 2008. Svar með athugasemdum barst 9. apríl 2008. Í ljósi þeirra var 8. kafli um umhverfisáhif endurskoðaður.
- Aðalskipulag Svalbarðsstrandarhrepps 2008 – 2020 var auglýst skv. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga þann 15. maí 2008. Athugasemdafrestur var til 26. júní 2008.
- Almennur kynningarfundur var haldinn í Valsárskóla 22. maí 2008 um auglýsta tillögu að aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps 2008 – 2020.

- Athugasemdir bárust frá fimm aðilum auk bréfs frá Skipulagsstofnun vegna umhverfisskýrslu skipulagsgreinargerðar.
- Skipulagsnefnd yfirfór athugasemdir og gerði nokkrar lagfæringar á greinargerð og skipulagsupprætti. Nefndin afgreiddi tillögur sínar um afgreiðslu athugasemda 10. júlí 2008. Breytingar voru ekki gerðar á meginatriðum skipulagsins og því ekki nauðsynlegt að auglýsa tillöguna að nýju.
- Sveitarstjórn samþykkti tillögu að aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps á fundi sínum 17. júlí 2008 og fól sveitarstjóra að senda tillöguna til afgreiðslu Skipulagsstofnunar og staðfestingar ráðherra. Yfirlit yfir athugasemdir og afgreiðslu þeirra er í kafla 11.3.

## 9.1 SAMANTEKT SBR. B.-LIÐ 9. GR. LAGA UM UMHVERFISMAT ÁÆTLANA

Í 9. gr. laga um umhverfismat áætlana er kveðið á um að eftir afgreiðslu áætlunar skuli þeim, sem fengið hafa tillögu að áætlun og umhverfisskýrslu til sérstakrar kynningar, kynnt eftirtalin gögn:

- a) Endanleg áætlun.
- b) Greinargerð um hvernig umhverfissjónarmið hafa verið felld inn í áætlunina og hvernig höfð hefur verið hliðsjón af umhverfisskýrslu og athugasemdum sem bárust á kynningartíma við tillögu og umhverfisskýrslu og rökstuðningur fyrir endanlegri áætlun, í ljósi þeirra valkosta sem skoðaðir voru.
- c) Hvernig hagað skuli vöktun vegna líklegra verulegra umhverfisáhrifa af framkvæmd áætlunar komi hún eða einstakir þættir hennar til framkvæmda.

Ofantalin atriði eru tilgreind skilmerkilega í greinargerð skipulagsins (kaflar 1-8) og sérstaklega í umhverfisskýrslu í 7. kafla og vísast til hennar um meginatriði skv. b)-lið.

### SAMANTEKT

b) Í stefnumörkun aðalskipulagsins var tekið mið af framkvæmdaáætlun Svalbarðsstrandarhrepps í umhverfismálum, Staðardagskrá 21. Með hverfisverndarákvæðum er stuðlað að vernd svæða sem hafa gildi vegna náttúrufars og minja auk almenns útivistargildis. Ákvæði um varðveislu góðs landbúnaðarlands til búvöruframleiðslu eru í samræmi við meginmarkið jarðalaga og stefnumörkun stjórnvalda. Engar náttúruvinnur eða vistkerfi, sem njóta sérstakrar verndar, eru í hættu vegna framkvæmda á grundvelli skipulagsins. Fyrirhuguð Vaðlaheiðargöng hafa í för með sér minni umferð í hreppnum en nú er auk styttingar ferðaleiða milli Eyjafjarðar og Þingeyjarsýslu.

Athugasemdir við drög að skipulagi gáfu tilefni til breytinga á skipulagstillögunni og var fallið frá opnum heimildum til breytinga á landnotkun í suðurhluta hreppsins. Fyrst og fremst var um að ræða breytingu á framsetningu en ekki á meginstefnu um byggðaðróun. Athugasemdir við umhverfisskýrslu gáfu tilefni til heildarendurskoðunar hennar en ekki breytinga á skipulagstillögunni.

Skipulagskostir voru fullmótaðir fyrir gildistöku laga um umhverfismat áætlana og var áætlunin því ekki unnin eða sett fram í samræmi við ákvæði laganna að öðru leyti en í umhverfisskýrslu greinargerðar.

c) Áætlunin felur ekki í sér framkvæmdir sem líklegar eru til að valda umtalsverðum neikvæðum umhverfisáhrifum. Gerð Vaðlaheiðarganga gæti haft áhrif á vatnsgæfni vatnsbóla og er gert ráð fyrir vöktun þess vegna. Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra fylgist með ástandi fráveitumála og gæðum sjávar við ströndina.

## 9.2 SAMÞYKKT

Aðalskipulag Svalbarðsstrandarhrepps 2008-2020, sem auglýst hefur verið skv. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og lá frammi til kynningar frá 15.05.2008 til 12.06.2008, var samþykkt í sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps 17.07.2008.

Árni K. Bjarnason (sign)

sveitarstjóri

Aðalskipulag þetta var afgreitt af Skipulagsstofnun til staðfestingar umhverfisráðherra 14.08.2008

Stefán Thors (sign)

Guðrún Halla Gunnarsdóttir (sign)

Aðalskipulag þetta var staðfest af umhverfisráðherra þann 05.09.2008

Þórunn Sveinbjarnardóttir (sign)

Logi Kjartansson (sign)

Aðalskipulag þetta er staðfest með fyrirvara um niðurstöður mats á umhverfisáhrifum þeirra framkvæmda sem kunna að falla undir ákvæði laga nr. 106/2000 með síðari breytingum.

### 9.3 BREYTINGAR Á AÐALSKIPULAGI TIL 12. JÚNÍ 2014

Eftirtaldar breytingar hafa verið gerðar á aðalskipulaginu eftir staðfestingu þess 5. september 2008. Breytingarnar hafa verið færðar inn í greinargerð þessa og á uppfærðan aðalskipulagsupprátt.

Breyting	samþ. sveitastj.	staðfest	gildistaka augl.
Efnisvinnslusvæði í landi Sigluvíkur	24.03.2009	08.05.2009	26.05.2009
Landnotkun á Halllandsnesi (versl. og þjónusta)	12.07.2011	02.09.2011	19.09.2011
Skilmálabreyting, íbúðarbyggð í sveitinni og frístundabyggð (bréf)	12.07.2011	02.09.2011	19.08.2011
Íbúðarsvæði í landi Halllands	14.02.2012	15.10.2012	29.10.2012
Hafnarsvæði á Svalbarðseyri	12.06.2012	15.10.2012	29.10.2012
Svalbarðseyri (mörk iðnaðarsvæðis)	17.09.2013	07.11.2013	21.11.2013
Íbúðarbyggð í sveitinni (Kotabyggð)	20.08.2013	16.9.2013	30.9.2013
Veigastaðavegur frá Vaðlaheiðarvegi að sveitarfélagsmörkum	26.09.2013	09.10.2013	23.10.2013
Verslunar- og þjónustusvæði í Sunnuhlíð	08.04.2014	30.5. 2014	

Leiðréttingar í júní 2014:

- Svæði Íb1/V5 á Svalbarðseyri verður Íb1/V7. Leiðrétt vegna tvítekningar V5.
- Litir landnotkunar íbúðarbyggðar og frístundabyggðar leiðréttir á skipulagsupprætti til samræmis við skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

Svalbarðseyri \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_  
sveitarstjóri



## 10 SKIPULAGSUPPDRÁTTUR

*(Hér verður smækkaður aðalskipulagsuppdráttur A3 – brotinn í A4)*





# 11 HEIMILDASKRÁ

Helstu heimildir, sem stuðst var við við gerð skipulagsins:

- Aðalskipulag Svalbarðsstrandarhrepps 1994-2014.
- Svæðisskipulag Eyjafjarðar 1998-2018.
- Aðalskipulag Akureyrar 1998-2018 og 2005-2018.
- Gögn frá Hagstofu Íslands.
- Náttúruminjaskrá, 7. útgáfa. <http://www.ust.is/Natturuvernd/Natturuminjaskra/>
- Náttúruverndaráætlun 2004-2008.
- Jarðgöng undir Vaðlaheiði ásamt vegtengingum, kynning framkvæmdar. Greið leið ehf. júní 2006.
- Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2005-2020, Sorpeyðing Eyjafjarðar bs.
- Verndarsvæði vatnsbóla Svalbarðseyrar, Halldór G. Pétursson jarðfræðingur, júlí 1994.
- Vatnsból við Hallland á Svalbarðsströnd, verndarsvæði, Halldór G. Pétursson jarðfræðingur, Náttúrufræðistofnun Íslands, desember 1998.
- Fornleifar í Svalbarðsstrandarhreppi, Sædís Gunnarsdóttir, Fornleifastofnun Íslands (FS279-04181), Reykjavík 2005.
- Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Áherslur 2006-2009. Umhverfisstofnun, mars 2007.
- Lög og reglugerðir.

## 12 VIÐAUKI

### 12.1 VERKLAGSREGLUR UM DEILISKIPULAG Á VEGUM EINKAÐILA

Skv. 23. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, ber sveitarstjórn ábyrgð á og annast gerð deiliskipulags. Landeiganda eða framkvæmda-aðila er þó heimilt að gera tillögu til sveitarstjórnar að deiliskipulagi eða breytingu á deiliskipulagi á sinn kostnað. Þegar svo er skulu eftirfarandi verklagsreglur gilda.

1. A. Landeigandi eða framkvæmdaaðili, sem óskar eftir að gera tillögu að deiliskipulagi fyrir íbúðabyggð eða blandaða starfsemi á landi sínu skal senda skriflega umsókn til sveitarstjórnar um heimild til að hefja skipulagsvinnuna. Umsókninni skal fylgja stutt greinargerð um fyrirhugað skipulag. Þar komi m. a. fram eftirfarandi:

- Lýsing á staðsetningu skipulagsreitsins (afmörkun).
- fyrirhuguð nýting skipulagsreitsins (lýsing á starfsemi).
- fjöldi bygginga (lóða), sem fyrirhugaðar eru innan reitsins.
- tenging skipulagssvæðisins við þjóðveg.
- annað sem umsækjandi telur ástæðu til að taka fram.

B. Umsókninni skal jafnframt fylgja greinargerð þar sem fram kemur hver annist og beri stofnkostnað af eftirtöldum verkþáttum, rekstri þeirra og viðhaldi:

- gatnagerð, þ.m. t. snjómokstri.
- fráveitu/rotþró.
- neysluvatnsöflun og lögnum.
- brunavörnum (aðgengi að nægilegu vatni).
- götulýsingu.
- opnum svæðum.
- tengigjöldum v/rafmagns.
- tengigjöldum v/hitaveitu.

Þegar fleiri en eitt hús er innan skipulagsreitsins skal stofna formlegt eigenda- eða íbúafélag um sameiginlegan rekstur. Til sameiginlegs reksturs telst rekstur og viðhald gatna, þ. m. talinn snjómokstur, að- og fráveitukerfis eftir því sem við á í hverju tilviki, götulýsing og annað það sem sameiginlegt getur talist. Aðild að slíku félagi skal þinglýsa sem kvöð á viðkomandi lóðir.

2. Skipulagsnefnd og/eða sveitarstjórn tekur umsóknina til afgreiðslu. Þegar niðurstaða liggur fyrir skal hún tilkynnt umsækjanda og forsendur afgreiðslunnar skýrðar. Áður en vinna við skipulagsgerðina hefst skal liggja fyrir skrifleg yfirlýsing landeiganda/framkvæmdaaðila þar sem hann lofar að upplýsa kaupendur um efnisþætti sbr. B lið 1. greinar. Jafnframt skal þeirra getið í kaupsamningi/lóðarleigusamningi.

3. Þegar umsækjandi hefur fengið heimild til að láta vinna deiliskipulagstillögu sbr. gr. 2 skal hún unnin eftir hnitsettum kortagrunni og vera í samræmi við fyriræmi í lögum og reglugerðum s. s. skipulags- og byggingarlögum og skipulagsreglugerð. Skipulags- og byggingarskilmálar, sem kveða nánar á um skipulagskvaðir s. s. hæðarkvóta og önnur atriði, sem skylt er að hlíta samkvæmt skipulaginu, skulu settir fram í greinargerð sbr. skipulags- og byggingarlög.

Hafa skal samráð við veitufyrirtæki um deiliskipulag með tilliti til lagnaleiða og hvort hægt sé að veita þjónustu á viðkomandi stað með viðunandi kostnaði.

4. Þegar sveitarstjórn annast ekki gatnagerð innan skipulagsreitsins eða lagningu að- og fráveitu skal ekki heimilt að gefa út byggingarleyfi sbr. 13. gr. byggingarreglugerðar nema sveitarstjórn hafi áður í samráði við byggingarnefnd og byggingarfulltrúa samþykkt að skipulagsreiturinn sé byggingarhæfur eða sá hluti hans, sem hefja á framkvæmdir á. Til að svo geti talist skulu eftirfarandi gögn vera fyrirleggjandi:

- **Gatnagerð.** Hnitsettur uppdráttur, sem sýnir legu götu (vegar) innan skipulagsreitsins, tengingu við þjóðveg, samþykkt af Vegagerðinni, og afstöðu til mannvirkja á svæðinu og næsta nágrennis og hæðarsett mæliblöd. Að öllu jöfnu skal hönnun við það miðuð að götur verði lagðar bundnu slitlagi, þykkt frostþolins burðarlags sé a.m.k. 90 cm og gert sé ráð fyrir götulýsingu. Leggja skal fram yfirlýsingu frá byggingarfulltrúa, eða óháðum tækniráðgjafa sem byggingafulltrúi og sveitarstjórn hefur samþykkt, um að undirbygging og burðarlag götu hafi verið framkvæmt og að framkvæmdin hafi verið gerð í samræmi við framlagða upprætti og verklýsingar. Hafa skal samráð og samvinnu við veitufyrirtæki við gatnagerð vegna götulagna.
- **Fráveita.** Hnitsettur uppdráttur, sem sýnir legu fráveitu. Skilmerkilega skal gerð grein fyrir frágangi við lagningu fráveitunnar. Leggja skal fram yfirlýsingu Heilbrigðiseftirlits um að áætlun um fráveitu og frágang hennar sé fullnægjandi. Yfirlýsingin skal vera með tilvísun í upprætti og fullnægjandi verklýsingar. Leggja skal fram yfirlýsingu frá löggiltum pípulagningameistara um að fráveitulagnir verði lagðar í hans umsjá og að hann muni gefa út yfirlýsingu þegar fráveitukerfið sé fullgert og tilbúið til notkunar.
- **Neysluvatn.** Landeigandi eða framkvæmdaaðili skal tryggja að nægilegt neysluvatn sé fyrir hendi og það leitt inn fyrir mörk skipulagsreitsins. Neysluvatnslagnir skal sýna á upprætti. Gerð skal grein fyrir vatnsbólínu og skipulagsyfirkvöld geta krafist þess að lagt sé fram vottorð frá Heilbrigðiseftirliti um ástand vatnsins. Sé vatn fengið frá fyrirleggjandi vatnsveitu skal liggja fyrir staðfesting veitunnar þar um.
- **Brunavarnir.** Staðfesting eldvarnareftirlits eða slökkviliðsstjóra um aðgengi að nægilegu vatni til slökkvistarfa skal liggja fyrir sbr. 11. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 og grein 137.4 í byggingarreglugerð nr. 441/1998.
- **Útsetningar og mælingar.** Yfirlýsingu um að komið hafi verið upp fullnægjandi varanlegum fastmerkjum á skipulagsreitnum sem byggingafulltrúi geti notað á auðveldan hátt til útsetninga og hæðarsetningar húsa.

## 12.2 ATHUGASEMDIR UMSAGNARADILA

### Samantekt og úrvinnsla, október 2006

#### 12.2.1 LANDSNET

Til bóta væri að skilja á milli umfjöllunar um dreifikerfi rafmagns og flutningskerfi þar sem ekki er sami rekstraraðili að þessum mannvirkjum. Það er ekki gert í kafla 6.2.4. um rafveitu. Bent er á að umfjöllun í 1. mgr. kaflans eigi við raflínur í dreifikerfi en ekki raflínur almennt. Einnig að engin áform séu um að leggja flutningslínur í jörð.

*Greinargerðartexti lagfærður og flutningskerfi og dreifikerfi aðgreind, þó í sama kafla.*

Vakin er athygli á helgunarsvæðum meðfram háspennulínunum þar sem um yrði að ræða byggingarbann og vissa takmörkun á landnotkun (t.d. leiksvæði). Dæmigert byggingarbann við 66 kV háspennulínur er 25 m.

*Sett er inn vísun í staðla og ákvæði um að helgunarsvæði háspennulína með tilheyrandi takmörkun á landnotkun skuli skilgreint í ramma- og/eða deiliskipulagi.*

Tryggja þarf greiðan aðgang að öllum möstrum og staurum til viðhalds, eftirlits og viðhalds með háspennulínunum.

*Ekki sett inn í aðalskipulag. Gerð slóða er háð framkvæmdaleyfi.*

Framtíðaráætlanir: Engin áform eru um breytingar á Laxárlínu. Ekki liggur fyrir áætluð lega nýrrar 220 kV háspennulínu sem leggja þarf ef af stóriðjuframkvæmdum verður í Eyjafirði.

Í bréfi Landsnets eru áform um lagningu ljósleiðara ekki nefnd, en fyrirtækið hefur sent hreppnum umsókn um framkvæmdaleyfi (dags. 15.8.2006) vegna ljósleiðara frá virkjunum í Þingeyjarsýslu að Rangárvöllum á Akureyri.

*Áformaður ljósleiðari settur inn á skipulagsupprátt og í greinargerð.*

#### 12.2.2 HEILBRIGÐISEFTIRLIT NORÐURLANDS EYSTRÁ

1 **Almennt um vatnsverndarsvæði:** Vakin er athygli á því að gerð jarðganga um Vaðlaheiði kunni að hafa neikvæð áhrif á vatnsgæfni vatnsbóla ofan Halllands og mikilvægt að sjá fyrir hvernig bregðast eigi við ef vatn þrýtur.

*Viðbót við greinargerðartexta, tekin upp úr skýrslu Greiðrar leiðar ehf.*

2 **Almennt um rotþrær og siturlagnir:** Bent er á að líkur aukist á að ólykt og sigvatn frá rotþróum valdi óþægindum þegar byggð þéttist og þar sem hús eru byggð hvert upp af öðru í hlíðum. Við slíkar aðstæður gæti þurft að leiða skólþ um langan veg og hreinsa í skólphreinsistöðvum. Við

Athugasemdir bárust frá eftirtöldum aðilum:	Aths. dags.
<b>Opinberar stofnanir og fyrirtæki:</b>	
Landsnet	13. júlí 2006
Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra	14. júlí 2006
Siglingastofnun	19. júlí 2006
Hafnasamlag Norðurlands	20. júlí 2006
Vegagerðin	21. júlí 2006
Veðurstofa Íslands	24. júlí 2006
Rarik	26. júlí 2006
Landbúnaðarráðuneytið	27. júlí 2006
Umhverfisstofnun	22. ágúst 2006
<b>Sveitarfélög:</b>	
Akureyrarbær	12. júlí 2006
Eyjafjarðarsveit	25. júlí 2006
Þingeyjarsveit	27. júlí 2006

skipulagsvinnu er mikilvægt að sjá fyrir hvar koma megi fyrir skólphreinsistöðvum og finna viðtaka fyrir hreinsað skólþ.

*Sett inn ákvæði um úrvinnslu á lægri skipulagsstigum og markmið.*

- 3 **Almennt um fráveitu til sjávar:** Vakin er athygli á því að skólþi sem veitt er til sjávar skal veita minnst 5 m niður fyrir stórstraumsfjöruborð eða 20 m út frá meðalstórstraumsfjörumörkum. Ítrekuð eru viðmiðunargildi reglugerðar um fráveitur og skólþ.

*Frárennislögnin fer um 50 m út fyrir stórstraumsfjöruborð. Ekki ástæða til breytinga.*

- 4 **Hávaði:** Vakin er athygli á reglugerð um hávaða (nr. 933/1999) og um kortlagningu hávaða og aðgerðaráætlanir (nr. 1000/2005).

*Teknar saman umferðartölur ásamt grófunninni spá um áhrif Vaðlaheiðarganga. Væntanlega gefur umferðarmagn ekki tilefni til frekari aðgerða. Ákvæði reglugerðarinnar gilda óháð texta aðalskipulagsins. Bætt inn stuttri umfjöllun í greinargerð.*

- 5 **Loftgæði:** Vísað í mælingar hér á landi sem sýna há gildi svifrykss í þéttbýli þar sem umferðarþungi er mikill. Viðmiðunarmörk verða hert árið 2010 og líklegt að grípa verði til sértækra ráðstafana í þéttbýli þar sem umferðarþungi er mikill.

*Á væntanlega ekki við á Svalbarðseyri. Bætt inn stuttri umfjöllun í greinargerð.*

- 6 **Sorphirða:** Vísað er í samþykkt um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000.

*Í greinargerð er vísað í umrædda samþykkt í kafla 4.15.*

- 7 **Hreinsun og losun rotþróa:** Vísað er í samþykkt um hreinsun og losun rotþróa á starfssvæði heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra, að undanteknum Húsavíkurbæ, nr. 671/2003.

*Vísað er í umrædda samþykkt í kafla 6.2.2 í greinargerð. Númeri hennar bætt inn í greinargerð.*

- 8 **Umhengni og þrifnaður utanhúss:** Um umhengni og þrifnað utanhúss á starfssvæði heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra gildir m.a. samþykkt nr. 463/2002.

*Ekki talin ástæða til þess að telja upp allar gildandi reglugerðir og samþykktir í aðalskipulagi. Þær gilda samt.*

- 9 Gerð er athugasemd við ákvæði í kafla 4.3.3. um að óheimilt verði að setja á fót starfsemi sem hefur neikvæð áhrif á umhverfi, (t.d. stór svínabú eða alifuglabú og að með slíkum takmörkunum sé ekki átt við þau minni háttar áhrif sem hefðbundinn landbúnaður hefur nú,) í ljósi þróunar í átt að stærri og færri búum, sem hafi aukin umhverfisáhrif eftir því sem þau stækka.

*Ábendingin er réttmæt. Þó var ekki talin ástæða til þess að breyta skipulagsákvæðum.*

- 10 Vegna lyktarmengunar á Eyrinni (Svalbarðseyri) og hugsanlegri frekari uppbyggingu kjötvinnslu þar er vakin athygli á heimildum heilbrigðisnefndar til að gera kröfur um auknar mengunarvarnir fyrirtækja.

*Bætt inn setningu um lyktarmengun í kafla 6.1.3 um umferðarhávaða og loftgæði.*

- 11 Í kafla 5.1.2 kemur fram að gert sé ráð fyrir minni háttar mannvirki vegna útrásar fráveitu [inni á hverfisverndarsvæði]. Þarna er væntanlega átt við skólphreinsistöð ásamt aðstöðu til að safna grófum úrgangi sem safnast í hreinsivirki.

*Ekki liggur fyrir áætlun um fráveitu á Svalbarðseyri og því ekki vitað hvers konar mannvirki verða nauðsynleg vegna hennar. Bætt við í greinargerðartexta.*

- 12 Heilbrigðiseftirlitið getur verið innan handar við könnun á ástandi Svalbarðstjarnar m.t.t. mengunar og við gerð aðgerðaráætlunar.
- 13 Athugasemd um að stefnt sé að því að unnin verði áætlun um fráveitu og hreinsun skópls fyrir árslok 2008 og að því að öll íbúðarbyggð utan þéttbýlis verði komin með fullnægjandi fráveitu á yfirstandani ári.

*Samhljóða greinargerðartexta.*

### **12.2.3 SIGLINGASTOFNUN**

Engar athugasemdir

### **12.2.4 HAFNASAMLAG NORÐURLANDS**

Engar athugasemdir

### **12.2.5 VEGAGERÐIN**

- 1 **Reiðleið:** Vegagerðin telur að ekki sé pláss fyrir reiðleið á vegsvæðinu meðfram Veigastaðavegi að Vaðlaheiðarvegi. Reiðleiðin þverar margar tengingar að býlum og sumarhúsum. Vegagerðin telur að vegna slyshættu sé óæskilegt að hafa reiðleið svo nálægt vegi sem yrði óhjákvæmilegt á þessum stað. Vegagerðin mun ekki gera athugasemdir við reiðleið utan helgunarsvæðis vegarins.

*Legu reiðleiðar er breytt og hún færð upp á gamlan vegslóða ofan byggðar.*

- 2 **Sólheimavegur:** Ekki kemur fram í greinargerð að fyrirhugað sé að lengja Sólheimaveg til norðurs, þó hann sé settur inn á skipulagsuppráttinn.

*Við frágang skipulagstillögunnar var Sólheimavegur felldur út eins og hann var kynntur sem tengivegur í drögum að aðalskipulagi.*

### **12.2.6 VEÐURSTOFA ÍSLANDS**

Engar athugasemdir

### **12.2.7 RARIK**

Á blaðsíðu 42 [6.2.4 Rafveita] er talað um „Raforka til neytenda kemur um dreifikerfi Landsnets frá Rangárvöllum á Akureyri”.

Hið rétta er að raforkan kemur um dreifikerfi RARIK hf. frá aðveitustöð fyrirtækisins á Rangárvöllum, Akureyri. Landsnet sér einungis um flutning á milli megingengipunkta. Landsnet flytur í þessu tilfalli einungis raforku til aðveiturstöðvar á Akureyri en RARIK flytur þaðan um sveitir Eyjafjarðar.

*Leiðrétt í greinargerð sbr. einnig athugasemdir Landsnets.*

#### **12.2.8 LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ**

Engar athugasemdir.

#### **12.2.9 UMHVERFISSTOFNUN**

- 1 **Náttúruminjar.** Stofnunin bendir á að meðal þeirra vistkerfa sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd eru stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m<sup>2</sup> að stærð eða stærri. Veigastaðavatn, sem er innan sveitarfélagsins, er yfir þeim stærðarmörkum. Einnig er bent á að ekki sé getið um stærð tjarnanna inni á hverfisverndarsvæðinu á Svalbarðseyri.

*Réttmæt ábending. Veigastaðavatn er 120.000 m<sup>2</sup>, Tungutjörn 11.000 m<sup>2</sup> og Svalbarðstjörn 11.000 m<sup>2</sup> miðað við þær loftmyndir sem unnið er með. Greinargerð lagfærð. Einnig nefnd votlendissvæði uppi á Vaðlaheiði.*

- 2 **Skógrækt.** Stofnunin hefur í umsögnum sínum bent á mikilvægi þess að í aðalskipulagi sé gerð grein fyrir þeim svæðum sem ætluð eru undir skógrækt í samræmi við ákvæði skipulagsreglugerðar þar sem segir að sérstaklega skuli gera grein fyrir ræktuðum svæðum, uppgræðslusvæðum og skógræktarsvæðum innan landbúnaðarsvæða. Ef skógræktarsvæði eru ekki afmörkuð sérstaklega á aðalskipulagsupprætti telur stofnunin nauðsynlegt að núverandi og fyrirhuguð skógræktarsvæði verði sýnd á sérstöku þemakorti með aðalskipulaginu.

*Í kafla 4.3.2 Landbúnaður L1 – skógrækt, eru settar viðmiðunarreglur um það hvaða svæði eða hvernig svæði megi taka undir skógrækt. Í stað þess að afmarka fyrirfram þann hluta landbúnaðarsvæða sem taka megi undir skógrækt er vísað til mats á þeim svæðum sem til álita koma út frá viðmiðunarreglum aðalskipulagsins. Ekki er gert sérstakt kort yfir möguleg skógræktarsvæði en texti um þau í greinargerð skerptur.*

Umhverfisstofnun telur að fram ætti að koma með hvaða hætti taka skuli tillit til þeirra jarðmyndana og vistkerfa sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd vegna skógræktar.

*Viðbót við texta.*

Stofnunin bendir á ákvæði 10. gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innfluting, ræktun og dreifingu útlendra plöntuegunda um að öll ræktun útlendra tegunda hér á landi er óheimil á friðlýsum svæðum, á jarðmyndunum og vistkerfum er njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 500 metra yfir sjó.

*Bætt inn í leikreglur um skógrækt í kafla 4.3.2.*

- 3 **Efnistaka.** Stofnunin telur að þótt ekki sé gert ráð fyrir efnistökusvæðum innan sveitarfélagsins mætti skýra frá ákvæðum laga um náttúruvernd er varða efnistöku, þ.á.m. að skylt er að leggja fram áætlun um efnistöku áður en leyfi er veitt til náms jafðefna skv. 47. grein.

*Endurbættur greinargerðartexti.*

Bent er á að ekki sé öll efnistaka úr hafsbotni háð leyfi iðnaðarráðherra og að efnistaka innan netlagna sé ekki óheimil. Efnistaka utan netlaga er háð leyfi iðnaðarráðherra en innan þeirra er hún háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar sbr. 47. gr. laga um náttúruvernd. Stefna um efnistöku af sjávarbotni þarf að vera skýr.

*Lagfærður texti í greinargerð.*

Vakin er athygli á því að leyfi embættis veiðimálastjóra þarf fyrir efnistöku sem haft getur áhrif á lífríki í ám og vötnum. Þá veitir heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga starfsleyfi fyrir vinnslu jarðefna sbr. reglugerð nr. 785/1999. Það ætti að koma fram í greinargerð.

*Vísun í reglugerðir verður bætt inn í greinargerð.*

- 4 **Óbyggð svæði.** Stofnunin lýsir ánægju með að afmarkað skuli 50 m breitt belti meðfram ströndinni.
- 5 **Skilgreining vatnsgæða og flokkun vatns.** Bent er á að nýjar reglugerðir er varða mengunarvarnir hafa tekið gildi frá gildistöku skipulagsreglugerðar nr. 400/1998 og er umfjöllun þar því ekki í samræmi við núgildandi reglugerðir. Í þeim eru til dæmis ekki skilgreind „verndarsvæði vegna mengunar í ám og vötnum”.

*Kaflaheiti samræmt reglugerðamálari.*

Fagnað er markmiðum um að strandlengjan verði í flokki B (lítið snortið vatn) en jafnframt bent á að almennt mætti stefna að flokkun strandarinnar í flokk A en í flokk B við fráveitukerfi eða þéttbýli.

*Athugasemdin ekki talin gefa tilefni til breytinga.*

- 6 Fráveita. Í greinargerð er botn Eyjafjarðar talinn „viðkvæmur viðtaki”. Bent er á að Eyjafjörður í heild sinni sé ekki skilgreindur sem viðkvæmur viðtaki og þarf að taka mið af því við skilgreiningu á viðtaka vegna fráveitu innan sveitarfélagsins.

*Orðalag greinargerðar er unnið í samráði við og samkvæmt ráðleggingum heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra. Þótt Eyjafjörður í heild sé ekki viðkvæmur viðtaki mætti líta á stöndina, sérstaklega strönd með útivistargildi í nánd við þéttbýli, sem viðkvæman viðtaka og miða mengunarvarnir við það. Auðvelt er að vera innan þeirra mengunarmarka sem miðað er við í viðkvæmum viðtaka (strangari kröfur en við síður viðkvæman viðtaka) auk þess sem útivistargildi strandarinnar og nálægð við matvælavinnslu gefur tilefni til þeirrar flokkunar. Ekki gerð breyting á greinargerð.*

- 7 Hávaði. Vísað er til nýrrar reglugerðar nr. 1000/2005 um kortlagningu hávaða og aðgerðaráætlanir. Samkvæmt henni skal kortleggja hávaða á þéttbýlissvæðum, við stóra vegi og



flugvelli og meta hve margir verði fyrir áhrifum af hans völdum. Við gerð skipulagsáætlana skal sveitarstjórn hafa hliðsjón af niðurstöðum hávaðakortlagningar. Gerð hávaðakorta fyrir þéttbýlissvæði og vegi þar sem umferð er meiri en 3 milljónir ökutækja á ári skal lokið eigi síðar en 30. júní 2012.

*Gerð aðgerðaráætlunar hlýtur að fylgja ákvæðum reglugerðarinnar hvort sem um hana verður getið í aðalskipulagi eða ekki.*

Þar sem í reglugerðum er kveðið á um að höfð skuli hliðsjón af loftgæðarannsóknnum og hávaðamælingum við skipulagsgerð telur stofnunin mikilvægt að fjallað verði um umferðartölur um helstu þjóðvegum sveitarfélagsins og birtar spár um umferð á gildistíma skipulagsins.

*Bætt inn gögnum um umferðarmagn, tafla og skýringarmynd, og greinargerðartexti endurskoðaður.*

8. Mat á umhverfisáhrifum / fyrirvari. Umhverfisstofnun áskilur sér rétt til að gera athugasemdir við þær framkvæmdir sem aðalskipulagstillagan gerir ráð fyrir og falla undir ákvæði laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum á síðari stigum. Jafnframt áskilur stofnunin sér rétt til frekari athugasemda við skipulagstillöguna við auglýsingu hennar.

*Umhverfisstofnun ber að fjalla um umræddar framkvæmdir ef um þær verður að ræða.*

## **12.2.10 AKUREYRARBÆR**

Umhverfisráð vísar til bókunar frá 24. maí 2006 þar sem ráðið lagði til við bæjarráð að stofnuð verði samvinnunefnd um gerð svæðisskipulags. Eðlilegt er því að aðalskipulag Svalbarðsstrandarhrepps falli þar inni þar sem breytingar á skipulagi mega teljast verulegar.

*Efirtaldar breytingar eru gerðar á Svæðisskipulagi Eyjafjarðar:*

- *Fellð er út reiðleið meðfram þjóðvegi 1 og um Ranann svo kallaða ofan Svalbarðseyrar upp á Vaðlaheiðarveg. Reiðleið sýnd þess í stað frá hreppamörkum í suðri meðfram gömlum vegslóða ofan byggðar og ofan túna upp á Vaðlaheiði, þar eftir heiðinni að gamla Vaðlaheiðarveginum og yfir í Fnjóskadal annars vegar og norður Hrossadal hins vegar (sbr. svæðisskipulagið).*
- *Afmarkað er samfellt svæði þar sem heimilt verður að skipuleggja byggð í samræmi við 5. lið starfsmarkmiðs Svæðisskipulagsins um þéttbýli og íbúðarsvæði og skilmálar um hana skilgreindir sbr. ákvæði þess.*
- *Afmarkað er samfellt svæði þar sem heimilt verður að skipuleggja frístundabyggð. Svæðið er stærra en þau svæði sem sýnd eru á gildandi svæðisskipulagsupprætti. Áætlun aðalskipulagsins er í samræmi við 6. lið deilimarkmiða svæðisskipulagsins um ferðaþjónustu um eflingu ferðaþjónustu á svæðinu, svo og meginreglu um að frístundahús séu heimilud á landbúnaðarsvæðum.*

*Ekki er unnið gegn grundvallaratriðum svæðisskipulagsins heldur er um að ræða útfærslu í samræmi við markmið þess. Hins vegar er farið út fyrir landfræðilega afmörkun ákvæða*

*svæðisskipulagsins, sem ákveðin voru í samhengi við fyrirbyggjandi áætlanir þegar það var gert. Því er litið á skipulagstillöguna sem minni háttar breytingu á svæðisskipulagi – þ.e. breytingu á afmörkun svæða sem er í samræmi við sett markmið. Óþarft er því að kalla til samvinnunefnd eins og um nýtt svæðisskipulag væri að ræða.*

ATH: Svæðisskipulag Eyjafjarðar 1998-2018 var fellt úr gildi árið 2007. Umfjöllun um breytingar á svæðisskipulaginu á því ekki lengur við.

#### **12.2.11 EYJAFJARÐARSVEIT**

Skipulagsnefnd hefur lagt til að reiðleið Eyjafjarðarsveitarmegin meðfram Veigastaðavegi verði færð upp fyrir byggðina og tengist þar Bíldsárskarðsleiðinni. Endurskoða þarf því legu leiðarinnar þegar kemur út fyrir sveitarfélagamörkin. Í grófum dráttum er gert ráð fyrir að reiðleiðin muni liggja með fjallsgirðingu ofan Varðgjárjarðanna þegar kemur norður að sveitarfélagamörkum.

*Legu reiðleiðar breytt sbr. athugasemd Vegagerðarinnar.*

#### **12.2.12 ÞINGEYJARSVEIT**

Engar athugasemdir.

## 12.3 ATHUGASEMDIR OG AFGREIÐSLA SVEITARSTJÓRNAR

Aðalskipulag Svalbarðsstrandarhrepps var auglýst skv. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73.1997 þann 15. maí 2008. Athugasemdafrestur var til 26. júní 2008. Athugasemdir bárust frá fimm aðilum auk bréfs frá Skipulagsstofnun vegna umhverfisskýrslu skipulagsgreinargerðarinnar.

### Bókun sveitarstjórnar Svalbarðsstrandarhrepps 17. júlí 2008:

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar vegna framkominna athugasemda við tillögu að aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps 2008 – 2020, sbr. 1. lið fundargerðar nefndinnar frá 10. júlí s.l. með eftirfarandi lagfæringum:

- a) 7. mgr. í 1a er breytt þannig að feldur er út seinni hluti setningarinnar.
- b) Í 2. mgr. í 1g er bætt inn orðunum „náttúrufars og”.
- c) Bætt er inn nýrri mgr. á eftir 1. mgr. í 1g „Sveitarstjórn lagfærir afmörkun hverfisverndarsvæðis í landi Túnsbergs þannig að mörk þess verða u.þ.b. 50m frá sjó.”
- d) 5. mgr. 2b er breytt og hljóðar svo: “Ekki verður annað séð en að athugasemdin byggist að nokkru leyti á misskilningi og er því ekki fallist á sjónarmið bréfitara. Sveitarstjórn bendir á að landbúnaðarland L1 er afmarkað í meginatriðum út frá núverandi ræktun og er nánast fullnýtt sem slíkt.”
- e) Leiðrétt er í 3. mgr. 5a tilvitnun í kafla 2.2.6 ekki 2.2.1.

Afgreiðsla athugasemda þannig breytt:

### 12.3.1 ATHUGASEMD 1

- 1a) Ekki verði við það unað að landeigendum norðan eins konar „járnkjalds” sem sett er sunnan Sigluvíkur, verði bannað að ráðstafa landi sínu til annarra nota en landbúnaðar nema í mjög takmörkuðu mæli. Bréfitari telur hugmyndina brjóta í bága við 72. og 65. grein stjórnarskrár Íslands um eignarétt, fái ekki staðist og geti bakað sveitarstjórn skaðabótaábyrgð. Spurt er hvað sveitarstjórn muni gera neiti bændur að nota land sitt til landbúnaðar.

#### Bókun:

Í ákvæðum aðalskipulagsins felast engin áform um eignaupptöku né takmörkun á nýtingu lands umfram það sem nú er.

Meginmarkmið með ákvæðum um landbúnaðarland L1 er að „tryggja svo sem kostur er að land sem vel er fallið til búvöruframleiðslu verði varðveitt til slíkra nota.” Í kafla 4.3.2 er kveðið á um að ekki verði heimilt að byggja íbúðarþyrpingar eða frístundahúsahverfi á svæði L1 heldur einungis stakar byggingar í tengslum við núverandi lögbyli. Ennfremur eru settar skorður við skógrækt á góðu landbúnaðarlandi enda er ekki talið að skógræktaráætlanir á Norðurlandi séu í samkeppni við hefðbundinn landbúnað um ræktarland.

Með markmiði um varðveislu landbúnaðarlands til slíkra nota er ekki sett fram krafa eða kvöð um ræktun eða landbúnaðarnot heldur er stefnt að því að ráðstöfun og nýting landsins

verði með þeim hætti að ekki verði skertir möguleikar á því að nýta landið til búvöruframleiðslu í framtíðinni.

Ekki fallist á sjónarmið bréfitara en athugasemdin gefur tilefni til orðalagsbreytingar í 1. mgr. í kafla 4.3.2 í greinargerð.

Í stað setninganna: „Ekki verður heimilt að byggja íbúðarþyrpingar eða frístundahúshverfi á svæði L1. Einungis verður um að ræða stakar byggingar í tengslum við núverandi lögbýli.”

Komi:

Við umfjöllun og ákvörðun um breytta landnotkun á svæði L1 skal taka mið af meginmarkmiði um varðveislu góðs landbúnaðarlands.

- 1b) Mótmælt er ákvæðum um að ekki megi byggja nær sjó en 50 m og ekki nær vegum en 100 m. Landið verði enn verðminna og sum lönd ónýtanleg.

Bókun:

Í grein 4.15.2 í skipulagsreglugerð segir m.a.: „Almennt er ekki gert ráð fyrir deiliskipulagningu þessara svæða [þ.e. vatna, áa og sjávar] en í deiliskipulagi aðliggjandi svæða utan þéttbýlis skal þess gætt að ekki sé byggt nær vötnum, ám eða sjó en 50 m og að ekki verði hindruð leið fótgangandi meðfram þeim.”

Ákvæði í kafla 4.12 um óbyggð svæði eru í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar.

Í grein 4.16.2 í skipulagsreglugerð segir m.a.: „Við deiliskipulag svæða utan þéttbýlis skal þess gætt að ekki sé byggt nær stofn- og tengivegum en 100 m og ekki nær öðrum þjóðvegum og almennum vegum en 50 m.”

Ákvæði í aðalskipulaginu taka mið af skipulagsreglugerð. Þar segir m.a.: „Stefnt er að því að ný byggð verði almennt ekki nær miðlínu tengivega í dreifbýli en 100 m og 50 m frá öðrum vegum sbr. ákvæði skipulagsreglugerðar (gr. 4.16.2). Mörk landnotkunarreita og lóða geta þó verið nær. Frávik, þar sem aðstæður leyfa m.a. með tilliti til umferðaröryggis og hljóðvistar skulu einungis heimilud í samráði við veghaldara.”

Ekki verður séð að ákvæði skipulagsins séu íþyngjandi miðað við ákvæði skipulagsreglugerðar. Orðalag gefur kost á frávikum þar sem aðstæður leyfa og rökstuddar ástæður eru fyrir hendi.

- 1c) Gerð er athugasemd við „góðar bújarðir í mið- og norðurhluta hreppsins” þar sem engin þeirra sjö jarða í þeim hluta hreppsins, sem enginn eða lítill búskapur er nú á, er nægilega stór til nútíma búskapar.

Bókun:

Orðalagið „góðar bújarðir” kemur einungis fyrir í einu af meginmarkmiðum sveitarstjórnar í kafla 2.2 í greinargerð í samhenginu „góðar bújarðir og gott landbúnaðarland”. Í 4. kafla sem fjallar um landnotkun og landnotkunarákvæði er einungis rætt um gott landbúnaðarland enda er litið á landið í heild óháð núverandi eignaskiptingu og landamerkjum. Aðalskipulagið tekur ekki til eignamarka eða stærða bújarða.

Orðalagi meginmarkmiðs í kafla 2.2 verður breytt og orðin „góðar bújarðir“ strikuð út.

- 1d) Gerð er athugasemd við undirbúningsfundi þar sem „pikkaðir“ voru út þóknanlegir aðilar til þess að ræða við.

Bókun:

Í 17. gr. skipulags- og byggingarlaga segir m.a.: „Áður en tillaga að aðalskipulagi eða verulegum breytingum á því er tekin til formlegrar afgreiðslu í sveitarstjórn skal tillagan, markmið hennar og forsendur kynnt íbúum sveitarfélagsins á almennum fundi eða á annan fullnægjandi hátt. Skal kynningin auglýst með áberandi hætti.”

Í grein 3.2. í skipulagsreglugerð segir m.a.: „Leitast skal við að marka stefnu og áherslur skipulagstillögu í sem mestri samvinnu við íbúa og aðra hagsmunaaðila og kynna áform um skipulagsgerð með áberandi hætti s.s. með auglýsingum, dreifibréfum eða fundum, og leita eftir skoðunum þeirra varðandi helstu áherslur. Eftir því sem líður á mótun skipulagstillögu skal áfram leitað eftir virkri samvinnu við hagsmunaaðila um endanlega mótun tillögunnar.”

Sveitarstjórn vann að stefnumótun og drögum að aðalskipulagi frá haustinu 2004. Áður hafði verið unnið að undirbúningi verksins m.a. með fyrirspurnarblaði til landeigenda um áform og hugmyndir þeirra um landnotkun og nýtingu. Í upphafi verks var haldinn fundur með átta fulltrúum atvinnulífs, menningarlífs og íbúa. Til fundarins var boðað með það að markmiði að fá fram sem fjölbreyttust sjónarmið og sjónarhorn. Í framhaldi af fundinum vann sveitarstjórn drög að stefnu fyrir nýtt aðalskipulag. Auk þess var litið til nýrrar Staðardagskrár 21 sem unnið var að á sama tíma. Almennur kynningarfundur var haldinn 30. mars 2006. Þar var kynnt stefnumótun sveitarstjórnar, helstu forsendur skipulagsins og drög að aðalskipulagi, sem þá voru enn í vinnslu og mótun. Leitað var eftir athugasemdum, ábendingum og hugmyndum á fundinum og auk þess gefinn kostur á að senda athugasemdir til sveitarstjórnar eftir fundinn.

Gagnrýni á það hvernig staðið var að samráði við íbúa og hagsmunaaðila í upphafi er réttmæt að vissu marki. Auk ofangreinds fundar hefði mátt boða til almenns umræðufundar eða opins húss um stefnumótun og meginatriði. Hins vegar hefur samráð með þessum hætti gefið af sér ágætar forsendur fyrir áframhaldandi vinnu.

Skipulagsnefnd bendir á að kynning og málsmeðferð er í samræmi við ákvæði skipulags- og byggingarlaga og skipulagsreglugerðar um gerð aðalskipulags.

- 1e) Bréfitari telur líkur „á að tveir sveitarstjórnarmanna séu og hafi verið vanhæfir til þess að fjalla um þetta mál, þar eð þeir eiga mikilla hagsmuna að gæta að hafa næg og ódýr leigulönd fyrir ofurbú sín.”

Bókun:

Þar sem ekki er um að ræða efnislega athugasemd við skipulagstillöguna er athugasemdin ekki talin gefa tilefni til ályktunar.

- 1f) Óskað er eftir því „að allt land Túnsbergs, ofan bæjar og að efstu fjallgirðingu, verði skilgreint á skipulagi sem skógræktar og sumarhúsasvæði.”

Bókun:

Land ofan bæjarhúsa Túnsbergs eru á landbúnaðarsvæði L3 og L4. Þar eru rúmar heimildir til nýtingar t.d. til skógræktar. Þar sem aðstæður leyfa kemur til greina að byggja frístundabyggð á L3 en slíkt krefst þó formlegar breytingar á aðalskipulagi. Fallist er á að breyta mörkum milli landbúnaðarsvæða L3 og L4 þannig að rýmri möguleikar verði fyrir frístundabyggð á svæðinu.

Lagfæra þarf orðalag í lið 1) í kafla um skógrækt í kafla 4.3.2 í greinargerð þannig að þar verði getið bæði L3 og L4 í stað L4 eingöngu.

- 1g) Því er mótmælt að svokölluð hverfisvernd sé látin ná yfir eignarland Túnsbergs í fjöru og þess krafist að það verði strikað út.

Bókun:

Hverfisverndarákvæði eru sett á hluta Svalbarðseyrar vegna náttúrufars og útivistargildis. Í þeim felst takmörkun á jarðraski og efnistöku. Að öðru leyti verða áfram heimil öll hefðbundin nýting landsins.

Sveitarstjórn lagfærir afmörkun hverfisverndarsvæðis í landi Túnsbergs þannig að mörk þess verða u.þ.b. 50m frá sjó.

Bæta þarf í kafla 5.1.2 í greinargerð ákvæðum um að allar hefðbundnar nytjar verði áfram heimilar.

EKKI verður fallist á að fella út hverfisverndarákvæði þar sem þau geta ekki talist íþyngjandi fyrir landeiganda. Sjá einnig athugasemdi 3c).

- 1h) Bréfitari telur viðhorf og vinnubrögð sveitarstjórnar vonda stjórnsýslu og ekki heiðarleg gagnvart jarðeigendum í mið- og norðurhluta hreppsins. Hann skorar á sveitarstjórn að draga tillöguna til baka og vinna málið upp að nýju með öðrum og lýðræðislegri hætti.

Bókun:

Sjá umfjöllun um lið 1a) og 1d).

Sveitarstjórn telur ekki ástæðu til þess að endurskoða skipulagstillöguna.

### 12.3.2 ATHUGASEMD 2

Bréfitari mótmælir veigamiklum atriðum í skipulaginu sem hann telur ganga á skjön við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar sem og jafnræðis- og meðalhófsreglu stjórnvalda.

- 2a) Bréfitari telur að sveitarstjórn sé „með engu móti heimilt að mismuna landeigendum nýtingu eigna sinna vegna þess að um meint gott landbúnaðarland sé að ræða. Enda má ljóst vera að ef sá ásetningur sveitarstjórnar að nýta landbúnaðarland til búvöruframleiðslu á að ná fram að ganga þyrfti sveitarstjórn að hafa úrræði til að framfylgja slíku í óþökk landeigenda. Þyrfti þá að koma til

leigu- eða eignarnám.” Farið er fram á að sveitarstjórn felli út alla mismunun eftir landgæðum milli landeigenda.

Bókun:

Ekki fallist á sjónarmið bréfitara sbr. 1a) en athugasemdin gefur tilefni til orðalagsbreytingar í 1. mgr. í kafla 4.3.2 í greinargerð.

- 2b) Bent er á mismunun milli gras- og kornræktar annars vegar og skógræktar og annarrar landnýtingar hins vegar þar sem settar eru skorður við skógrækt og stærð annarra bygginga en landbúnaðarbygginga en nýrækt krefjist ekki breytingar á aðalskipulagi. Einnig er bent á ákvæði um lágmarksfjarlægðir bygginga frá vegum og strönd og að ekki komi fram hvort þau fjarlægðarmörk eigi stöð í lögum. Það eru því tilmæli bréfitara að mismunun eftir atvinnugreinum verði felld út og í stað óraunhæfra krafna um fjarlægðar- og stærðarkröfur „standi sveitarstjórn að baki því byggðamynstri sem myndast hefur í sveitarfélaginu síðustu ár og áratugi og tekur mið af aðstæðum íbúanna.”

Bókun:

Um lágmarksfjarlægðir mannvirkja frá strönd og vegum vísast til athugasemdar 1b).

Samkvæmt gildandi skipulagi er mest allt land sveitarfélagsins landbúnaðarland en þar „skal fyrst og fremst gera ráð fyrir byggingum og starfsemi sem tengist búrekstri á jörðinni” (skipulagsreglugerð, gr. 4.14.1). Mannvirki fyrir aðra starfsemi verða ekki reist á landbúnaðarsvæðum né settur þar á fót annar rekstur nema að breyttu aðalskipulagi.

Með ákvæðum um aðra atvinnustarfsemi í tillögu að nýju aðalskipulagi er hins vegar verið að ákvarða svigrúm fyrir aðra atvinnustarfsemi og byggingar aðrar en landbúnaðarbyggingar án þess að breyta þurfi aðalskipulagi. Breytingin frá gildandi aðalskipulagi felst því í rýmri og opnari heimildum til byggingar og rekstrar á öllum bújörðum í sveitarfélaginu en nú er. Sveitarstjórn lítur svo á að með rúmum ákvæðum um aðra atvinnustarfsemi en búrekstur á bújörðum sé stuðlað að fjölbreyttu umhverfi og styrkingu þess byggðamynsturs, sem þróast hefur í hreppnum.

Ekki verður annað séð en að athugasemdin byggist að nokkru leyti á misskilningi og er því ekki fallist á sjónarmið bréfitara. Sveitarstjórn bendir á að landbúnaðarland L1 er afmarkað í meginatriðum út frá núverandi ræktun og er nánast fullnýtt sem slíkt.

- 2c) Sveitarstjórn verði að láta af sértækum sjónarmiðum um ívilnun til handa einni tegund atvinnustarfsemi. „Hvort landeigendur rækta gras á landi sínu, planta þar skógi, starfrækja golfvelli, taka land undir íbúðarbyggð eða aðra þá starfsemi sem lög leyfa er fyrst og fremst háð eftirspurn eftir tiltekinni landnotkun hverju sinni og er og verður að miklu leyti ófyrirséð.” Benda megi á fjölmörg dæmi um frjálsræði við veitingu leyfa til bygginga og atvinnureksturs í sveitarfélaginu, sem myndað hafa fjölbreytt og litskrúðugt samfélag. Skorður sem settar eru í aðalskipulaginu eru til þess fallnar að auka á óeiningu íbúanna og hamla eðlilegri þróun byggðar og atvinnulífs. Farið er fram á að aðalskipulag Svalbarðsstrandarhrepps 2008-2020 verði endurskoðað og auglýst að nýju „svo tryggja megi sátt og samheldni meðal íbúa sveitarfélagsins.”

Bókun:

Sjá umfjöllun um 2b) og 1a).

Bent er á að íbúðarbyggð verður ekki byggð nema samkvæmt skipulagi, sem gerir ráð fyrir þeirri landnotkun. Sveitarfélög annast gerð aðal- og deiliskipulagsáætlana. Íbúðarbyggð utan þéttbýlis verður því ekki reist eftir hentugleikum landeigenda.

Nýting landbúnaðarlands til annarra nota, sem ekki skerðir möguleika á að nýta landið til búvöruframleiðslu í framtíðinni (t.d. undir golfvöll, aðra sérhæfða útivist eða jafnvel þótt landið falli í órækt) stríðir ekki gegn meginmarkmiði aðalskipulagsins um varðveislu góðs landbúnaðarlands. Hins vegar eru settar skorður við mannvirkjum og framkvæmdum sem koma í veg fyrir slíka framtíðarnýtingu. Sérhæfð útivistarsvæði s.s. golfvellir, tjaldsvæði o.þ.h. eru skilgreind í aðalskipulagi sem opin svæði til sérstakra nota. Við breytingu á landnóttun í aðalskipulagi þarf að taka mið af meginmarkmiðum um varðveislu landbúnaðarlands og taka mið af möguleikum á endurheimt landgæða í því tilliti.

Sveitarstjórn telur fullgild rök fyrir markmiðum um varðveislu góðs landbúnaðarlands auk þess sem þau eru í samræmi við markmið laga og stefnumótun stjórnvalda. Talsvert svigrúm er til fjölbreyttrar nýtingar landsins innan þeirra takmarkana, sem í ákvæðunum felast. Það svigrúm felur í sé mun fjölbreytari nýtingarmöguleika en heimilir eru skv. gildandi aðalskipulagsákvæðum.

### 12.3.3 ATHUGASEMD 3

- 3a) Bréfitari mótmælir þeim takmörkunum sem settar eru fram um nýtingu og ráðstöfun eignarlands hans í aðalskipulagi. Hann telur þessar hugmyndir brjóta í bága við eignarréttarákvæði stjórnarskrár Íslands og fái ekki staðist enda brot á jafnréttisákvæði laga.

Bókun:

Sjá svar við 1a) og 2a).

- 3b) „Séu uppi hugmyndir um varðveislu og/eða friðun á gamla íbúðarhúsinu í Garðsvík skal það áréttað að það er falt, annars eru áform um að rífa það.“

Bókun:

Ekki eru nein áform um friðun neinna 20. aldar húsa í hreppnum. Hins vegar er í kafla 5.2.3 í greinargerð bent á sérstæð steinsteypt íbúðarhús í Garðsvík og Leifshúsum en einungis mælt til þess að þeim verði sómi sýndur. Athugasemdin gefur ekki tilefni til breytinga á skipulaginu.

- 3c) Minnt er á að Knarrarnes sé í einkaeigu og hafi eigandi ekki samþykkt neina hverfisvernd þar enda ekki eftir því leitað. Bréfitari áskilur sér allan rétt til þess að endurbyggja þar sjóbúð.

Bókun:

Knarrarnes í landi Garðsvíkur er einn þeirra minjastaða, sem merktur er sérstaklega á aðalskipulagsupprætti. Auk þeirrar verndar sem fornminjar njóta skv. þjóðminjalögum er



Knarrarnes skilgreint sem hverfisverndarsvæði í aðalskipulagi enda er staðurinn sérstakur og áhugaverður.

Bæta þarf við kafla 5.1.2 ákvæðum um hverfisverndina á Knarrarnesi um að jarðrask og spilling fornminja sé óheimil en öll hefðbundin not áfram heimilud.

Hverfisverndarákvæði eiga ekki að koma í veg fyrir áframhaldandi hefðbundnar nýttjar svæðisins og eiga því ekki að vera íþyngjandi fyrir landeiganda. Bent er á að endurbyggingu sjóbúðar verður að undirbúa og vinna í samráði við Fornleifavernd ríkisins.

#### 12.3.4 ATHUGASEMD FRÁ UMhverfisstofnun

Umhverfisstofnun telur að aðalskipulagstillagan sé að mörgu leyti vel unnin en gerir eftirfarandi athugasemdir við hana.

##### **Náttúruverndarsvæði:**

- 4a) Bent er á að gildistími Náttúruverndaráætlunar, sem vísað er til í greinargerð sé 2004-2008 en ekki 2003-2008.

##### Bókun:

Leiðrétt í greinargerð.

- 4b) Stofnunin telur að gera eigi betur grein fyrir þeim votlendissvæðum, sem falla undir 37. grein náttúruverndarlaga. Bent er á mikilvægi votlendis fyrir vistkerfið og að lítið sé eftir af ósnortnu votlendi. Einnig er bent á stefnu íslenskra stjórnvalda um vernd votlendis og aukna áherslu á endurheimt þess sbr. stefnumörkun um sjálfbæra þróun. „Umhverfisstofnun hvetur því til þess að í aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps verði mörkuð stefna um vernd þeirra votlendissvæða sem eru innan sveitarfélagsins.”

##### Bókun:

Ekki hefur verið unnin sérstök greining á jarðmyndunum og vistkerfum í sveitarfélaginu, sem falla undir ákvæði 37. greinar náttúruverndarlaga. Mest allt votlendi á láglandi hefur verið ræst fram og þær mýrar og votlendi, sem eftir eru, eru ofan byggðar og ræktarlanda. Þeim stafar engin bein hættu af framkvæmdum eða nýrækt. Ákvæði um ræktun túna og skóga miðast við að votlendi verði ekki skert.

Í kafla 5.1.1 verði bætt ákvæðum um að ekki verði gengið frekar á votlendi eða mýrar.

##### **Skilgreining vatnsgæða og flokkun vatns.**

- 4c) Bent er á misræmi þar sem í greinargerð segi að stefnt sé að því að sveitarstjórn í samvinnu við Heilbrigðiseftirlit og Umhverfisstofnun flokki vatnasvæði í sveitarfélaginu og setji viðmiðunarmörk vegna gerlamengunar og áburðarefna en í kafla 5.3.1 er gerð grein fyrir flokkun strandar og vatnasvæða skv. skilgreiningu 9. og 10. greinar reglugerðar um varnir gegn mengun

vatns. Umhverfisstofnun leggur til að stefna skipulagsins verði því fremur að „sveitarstjórn (heilbrigðisnefnd), í samvinnu við Heilbrigðiseftirlit og Umhverfisstofnun, meti ástand vatnasvæða í sveitarfélaginu og setji viðmiðunarmörk vegna gerlamengunar og áburðarefna.”

Bókun:

Réttmæt ábending.

Lið c í kafla 5.3.1 verði breytt og hljóði svo:

Stefnt er að því að sveitarstjórn (heilbrigðisnefnd) í samvinnu við Heilbrigðiseftirlit og Umhverfisstofnun meti ástand vatnasvæða í sveitarfélaginu og setji viðmiðunarmörk vegna gerlamengunar og áburðarefna.

4d) Bent er á rangt heiti reglugerðar í kafla 5.3.2.

Bókun:

Leiðrétt í greinargerð.

**Efnistökusvæði**

4e) Stofnunin vekur athygli á því að ný efnistökusvæði geti fallið undir ákvæði laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum en það komi ekki fram í greinargerðinni.

Bókun:

Texta bætt í greinargerð.

**Veitur**

4f) Bent er á misræmi og villur í heitum reglugerða, sem vitnað er til í kafla 6.2.

Bókun:

Leiðrétt í greinargerð.

**12.3.5 ATHUGASEMD FRÁ AKUREYRARBÆ**

**Fráveita**

5a) „Það er mat skipulagsnefndar Akureyrar að fráveitumál verði að taka inn í aðalskipulag með markvissari og skilvirkari hætti en gert er í tillögum þeim sem fyrir liggja. Ekki liggur fyrir fagleg úttekt á því að rotþrær dugi fyrir jafn umfangsmikla frístundabyggð og gert er ráð fyrir í aðalskipulagstillögunni .... Það að auki er gert ráð fyrir 65-70 einbýlishúsum ofan Vaðlareitar og Þjóðveggar, sem einnig á að tengja við rotþrær sem er óásættanlegt m.a. vegna nálægðar við Pollinn.” Akureyringum er mjög umhugað um að þeim árangri, sem náðst hefur við hreinsun sjávar í innanverðum Eyjafirði og Pollinum verði ekki stefnt í hættu og „er því óskað eftir markvissari skilgreiningum á því í aðalskipulaginu hvernig leysa skuli þau mál til framtíðar.”

Bókun:

Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps tekur undir sjónarmið Akureyrarbæjar um gæði sjávar við innanverðan Eyjafjörð enda er um sameiginlegt hagsmunamál að ræða.

Í stefnu aðalskipulagsins, kafla 2.2.6 Veitur verði bætt eftirfarandi meginmarkmiði:

Unnin verði áætlun um framtíðarfyrirkomulag fráveitumála í suðurhluta sveitarfélagsins með það að markmiði að fráveita frá byggð hafi ekki neikvæð áhrif á gæði sjávar við innanverðan Eyjafjörð og í Pollinum.

Við 3. mgr. kafla 6.2.2 bætist setningin: Stefnt er að því að fráveita frá byggð hafi engin neikvæð áhrif á gæði sjávar við innanverðan Eyjafjörð og skal útfærsla fráveitukerfa miðast við það.

#### **Efnistaka**

- 5b) „Engin efnistökusvæði eru skilgreind í aðalskipulagstillögunni og því gert ráð fyrir að efni til framkvæmda verði skaffað úr öðrum sveitarfélögum á svæðinu. Mikilvægt er að tekið verði á efnistökuárum í Eyjafirði til framtíðar s.s. í fyrirhugðu svæðisskipulagi.”

##### Bókun:

Hafin er vinna við gerð nýs svæðisskipulags Eyjafjarðarsvæðisins. Líklegt er að þar verði fjallað sérstaklega um efnistökusvæði á skipulagssvæðinu. Í kafla 4.13 verði bætt eftirfarandi texta:

Stefnt er að því að heildarumfang og skipulag efnistökusvæða verði unnið í svæðisskipulagi Eyjafjarðar.

#### **12.3.6 BRÉF FRÁ SKIPULAGSSTOFNUN UM UMHVERFISSKÝRSLU Í AUGLÝSTRI TILLÖGU AÐ AÐALSKIPULAGI SVALBARÐSSTRANDARHREPPS 2008-2020**

Í bréfi dags. 13. desember 2006 benti Skipulagsstofnun á að aðalskipulagstillagan félli undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og að hafa þyrfti samráð við stofnunina um umfang og nákvæmni upplýsinga í umhverfisskýrslu skipulagsins. Jafnframt benti stofnunin á að fjalla þyrfti um þrjá þætti tillögunnar í samræmi við 6. og 7. gr. laganna, þ.e. Vaðlaheiðargöng, blandaða landnotkun frístundabyggðar og landbúnaðar og blandaða landnotkun íbúðarbyggðar og landbúnaðar í suðurhluta sveitarfélagsins.

##### Bókun:

Við lokafrágang aðalskipulagstillögunnar eftir að athugasemdir Skipulagsstofnunar bárust var framsetningu hennar breytt þannig að ekki var lengur gert ráð fyrir blandaðri landnotkun landbúnaðar/íbúðarsvæða og landbúnaðar/frístundasvæða.

Í bréfi Skipulagsstofnunar 9. apríl 2008 gerði stofnunin töluverðar athugasemdir við framsetningu umhverfisskýrslu sem henni hafði verið send vegna samráðs um umfang og áherslur.

Athugasemdir stofnunarinnar gáfu tilefni til heildarendurskoðunar umhverfisskýrslu aðalskipulagsins. Uppbyggingu skýrslunnar og efnistöku var breytt í grundvallaratriðum.

- 6a) „Vegna orðalags í kafla 7.1 í greinargerð aðalskipulagsins vill Skipulagsstofnun ítreka að endurskoðun aðalskipulags fyrir heilt sveitarfélag fellur að mati stofnunarinnar alltaf undir lög um umhverfimat áætlana enda er þar mörkuð stefna er varðar leyfisveitingar til framkvæmda, sbr. 1.

gr. og 1. mgr. 3. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og greinargerð, sem fylgdi frumvarpi að lögum.”

Bókun:

Í 3. grein laga um umhverfismat áætlana segir m.a.:

„Ákvæði laga þessara gilda um umhverfismat þeirra skipulags- og framkvæmdaáætlana og breytinga á þeim sem marka stefnu er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000.”

Enn fremur segir í leiðbeiningarriti Skipulagsstofnunar um umhverfismat áætlana:

„Í upphafi umhverfismats þarf að taka afstöðu til þess hvort umhverfismatið eigi að beinast að tilteknum hlutum (stefnumiðum) áætlunarinnar öðrum fremur eða hvort áhrif allra stefnumiða áætlunarinnar skuli metin.”

Álit Skipulagsstofnunar að endurskoðun aðalskipulags fyrir heilt sveitarfélag falli alltaf undir lög um umhverfismat áætlana er ekki í samræmi við 3. grein laganna. Túlkunin er því íþyngjandi fyrir sveitarfélögin þar sem stofnunin krefst mun umfangsmeiri vinnu en lög kveða á um.

Eini þáttur aðalskipulags Svalbarðsstrandarhrepps sem fellur undir ákvæði laganna eru áformuð Vaðlaheiðargöng, sem eru á samgönguáætlun 2008-2010. Skipulagsstofnun úrskurðaði 20. september 2006 að framkvæmdin væri ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Í greinargerð aðalskipulagsins eru tilgreind helstu áhrif gangagerðarinnar á samfélag og umhverfi og vísað í skýrslu um verkið, sem gerð var vegna tilkynningar framkvæmdarinnar til Skipulagsstofnunar 2006. Samantekt þessara áhrifa er í s.k. umhverfisskýrslu í kafla 7.2 í greinargerð. Ekki verður séð að þörf sé á ítarlegri greiningu á áhrifum ganganna í aðalskipulagi.

Sveitarstjórn telur að gerð sé fullnægjandi grein fyrir umhverfisáhrifum áætlunarinnar í greinargerð.

6b) Stofnunin telur að ekki hafi verið brugðist nægilega við eftirtöldum athugasemdum og þurfi við endanlega afgreiðslu tillögunnar að gera grein fyrir hvernig sveitarstjórn begðist við þeim:

- Aðferðir við umhverfismatið: Hvernig staðið var að umhverfismatinu, hvaða aðferðum var beitt og hverjir komu að matsvinnunni.

Bókun:

Í lið h) í umhverfisskýrslu (kafla 7.2) er greint frá vinnuaðferð við umhverfismat skipulagsins.

Í lögum um umhverfismat áætlana er þess ekki krafist að taldir séu upp þeir er komið hafa að umhverfismati áætlunar.

Mat á áhrifum skipulagsins var unnið af skipulagsnefnd, sveitarstjóra og skipulagsráðgjöfum. Þeim upplýsingum verður bætt við lið h) í kafla 7.2.

- Öflun upplýsinga: Hvaða grunnupplýsingum var safnað til að spá fyrir um umhverfisáhrif tillögunnar.

Bókun:

Sjá lið h) í umhverfisskýrslu (kafla 7.2) og athugasemd 6a).

Skipulagsnefnd og skipulagráðgjafar töldu ekki ástæðu til þess að setja fram sýndarmat til þess að uppfylla formkröfur Skipulagsstofnunar um umhverfisskýrslu byggðar á umdeildri túlkun stofnunarinnar á lögum um umhverfismat áætlana sbr. 6a).

- 6c) Heimildaskrá þarf að vera í greinargerðinni.

Bókun:

Ábending tekin til greina.

- 6d) Minnt er á ákvæði 9. greinar laga um umhverfismat áætlana þar sem kveðið er á um greinargerð um hvernig umhverfissjónarmið hafi verið felld inn í áætlunina og hvernig höfð hefur verið hliðsjón af umhverfisskýrslu og athugasemdum, sem bárust á kynningartímanum. Stofnunin mælir með að greinargerð skv. 9. grein laganna verði hluti af greinargerð aðalskipulagsins.

Bókun:

Samantekt sbr. 9. grein laga um umhverfismat áætlana verður bætt inn í greinargerð.

Skipulagsstofnun hefur ekki yfirfarið auglýsta aðalskipulagstillögu m.t.t. breytinga eða lagfæringa sem kunna að hafa verið gerðar á efni eða framsetningu hennar.

Sveitarstjórn samþykkir aðalskipulag Svalbarðsstrandarhrepps 2008 – 2020 með áorðnum breytingum og felur sveitarstjóra að senda aðalskipulagið til afgreiðslu Skipulagsstofnunar og staðfestingar umhverfisráðherra.